


skoðun 12

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Stoðtæki & sjúkraþjálfun




**Stuðla að ánægjulegri fæðingarreynslu**

*Fæðingarþjálfarar njóta vaxandi vinsælda á Íslandi.*

allt 2




# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
7. febrúar 2012
32. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011




**Nýja platan tilbúin**

*Upptökum á nýjustu plötu Sigur Rósar er lokið. Hún kemur í verslanir í vor.*

fólk 30

**Skora á nöfnur okkar að mæta**

*Margrét Kristín Fabúla og Magga Stína leiða saman hesta sína*

tímamót 18



**Við erum bestir**

*Arnór Atlason er duglegur að lyfta bikurum fyrir danska ofurliðið AG.*

sport 26

**veðrið í dag**




**VINDASAMT** Í dag verða sunnan og síðan suðvestan 10-23 m/s. Vætusamt einkum SA-til en úrkomulítið NA-lands. Fremur milt í veðri.

VEÐUR 4

# Inntökupróf í hagfræðideild

**Ákveðið hefur verið að nýnemar sem hyggja á hagfræðinám við Háskóla Íslands á næsta skólaári þreyti inntökupróf. Aðrar deildir íhuga að taka upp slík próf en þó aldrei fyrr en í fyrsta lagi haustið 2013.**

**MENNTAMÁL** Hagfræðideild Háskóla Íslands mun láta nýnema gangast undir inntökupróf fyrir næsta skólaár. Prófið verður þreytt í júní og þeir sem ná lágmarkseinkuninni 5,0 öðlast rétt til að hefja nám við hagfræðideild. Þeir sem ná ekki lágmarkseinkunn, en hafa stúdentspróf sem er skilyrði til að taka inntökuprófið, hafa rétt til að skrá sig í aðrar deildir skólans sem sett hafa almennar inntökukröfur.

Þessi ákvörðun lá fyrir eftir fund háskólaráðs í síðustu viku en innan skólans er jafnframt skoðað að taka upp almennt inntökupróf fyrir nokkrar fleiri deildir skólans haustið 2013.

Jón Atli Benediktsson, aðstoðarrektor vísinda og kennslu við HÍ, segir að almennt inntökupróf við skólann sé tilraunaverkefni er byggi á tillögu sérstaks starfshóps sem rektor skipaði í ársbyrjun 2011. Hópurinn setti fram hugmyndir um inntökupróf við tvær til fjórar deildir sem hafa verið fjölmennastar á fyrsta ári og þar sem brottfall hefur verið einna mest. „Það hefur hins vegar ekkert verið ákveðið hvort fleiri deildir hafi inntökupróf á næsta ári. Þróun almenns inntökuprófs er vandasamt verk og skólinn telur mikilvægt að slíkt próf sé afar vel undirbúið, og í góðu samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið.“

Jón Atli segir að þar sem ekki er boðið upp á samræmt stúdentspróf á Íslandi væri óskastaðan eitt almennt próf, sem hægt væri að nota við þær deildir háskólans er telja sig þurfa að takmarka inngöngu.

> Lögfræðin, og ýmsar aðrar deildir eru á hliðarlínunni, ef svo má að orði komast.
>
> JÓN ATLI BENEDIKTSSON, AÐSTOÐARREKTOR VÍSINDA OG KENNSLU VIÐ HÍ

Inntökuprófið sem verður lagt fyrir í júní er í tveimur hlutum. Annars vegar verður almennur hluti er byggir á túlkun tölulegra upplýsinga, rökhugsun og kunnáttu í íslensku og ensku. Hins vegar verður sérhæfður hluti þar sem kannað er hvort nemendur hafi næga þekkingu og kunnáttu í stærðfræði.

Jón Atli segir ástæðuna fyrir umræðunni um inntökupróf vera hið mikla brottfall sem er til dæmis í hagfræði. Þar á meðal skráningarbrottfall, sem telur þá sem aldrei setjast á skólabekk þrátt fyrir að hafa skráð sig til náms. „Síðan eru það aðrar greinar sem hugleiða inntökupróf þar sem er mikið fall á fyrsta ári,“ segir Jón Atli.

Lögfræði hefur verið nefnd sem dæmi um fjölmenna deild þar sem fall er mikið á fyrsta ári, en þar verður ekki sett á inntökupróf fyrir skólaárið 2012/2013. „Lögfræðin, og ýmsar aðrar deildir eru á hliðarlínunni, ef svo má að orði komast,“ segir Jón Atli.

Spurður um hvort inntökupróf í einni eða fleiri deildum Háskóla Íslands sé í raun áfellisdómur yfir gæðum náms á framhaldsskólastigi, segir Jón Atli ekki svo vera. „Þetta er einungis til að ná meiri aga í skólastarfið hjá okkur og til að tryggja gæði náms og kennslu við HÍ. Við leggjum mikla áherslu á samstarf við framhaldsskólana og að upplýsa nemendur um þær kröfur sem við gerum.“ **- shá**



**TIL STYRKTAR LEIKSKÓLUNUM** Degi leikskólanna var fagnað víða í gær. Á leikskólanum Hofi í Reykjavík brá Haraldur Freyr Gíslason, formaður Félags leikskólakennara, á leik fyrir börnin og afhenti jafnframt Halldóri Halldórssyni, formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga, ávísun að fjárhæð 363 þúsund krónur sem renna eiga til rekstrar leikskóla á landinu. Upphæðin er ágóði af tónleikum sem leikskólakennarar blésu til á Nasa í ágúst síðastliðnum þegar kjaradeila þeirra stóð sem hæst. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Talinn hafa ráðið konu bana:

## Ungur maður í haldi grunaður um manndráp

**LÖGREGLUMÁL Lögregla handtók í gær rúmlega tvítugan mann sem talinn er hafa orðið konu á fertugsaldri að bana í íbúðarhúsnæði við Skúlaskeið í Hafnarfirði.**

**Maðurinn kom á lögreglustöð í gærmorgun í annarlegu ástandi og í kjölfarið fann lögregla konuna látna á heimili hans. Á henni voru sjáanlegir áverkar eftir hníf sem fannst á vettvangi.**

**Maðurinn og konan þekktust og voru bæði í óreglu. Maðurinn hefur ítrekað komið við sögu lögreglu vegna minniháttar afbrota.**

**Ekki reyndist unnt að yfirheyra manninn strax vegna ástands hans. Lögregla mun ákveða í dag hvort hún fer fram á að hann sæti gæsluvarðhaldi vegna málsins.** **- sh /** **sjá síðu 4**







Formaður Fáks óttast fjöldaflótta hestamanna vegna hærri fasteignaskatta:

## Segir hestamennsku leggjast af

> **700%** er hækkun fasteignagjalda á hesthús eftir ákvörðun matsnefndar.

**BORGARMÁL** „Þetta þýðir einfaldlega að gengið verður að hestamennsku í Reykjavík dauðri. Ef þetta fær að standa þá leitar fólk einfaldlega annað,“ segir Rúnar Sigurðsson, formaður hestamannafélagsins Fáks, um breytingu á álagningu fasteignagjalda á hesthúsum í Reykjavík.

Við álagningu fasteignaskatta fyrir árið 2012 hækkaði Reykjavíkurborg fasteignaskatt hesthúsa úr 0,2% af fasteignamati í 1,65% sem er rúm 700% hækkun. Hækkunin grundvallast af úrskurði yfirfasteignamatsnefndar en nú teljast hesthús atvinnuhúsnæði en ekki frístundahúsnæði.

Reykjavíkurborg hefur skrifað Alþingi vegna málsins og farið fram á að lögum verði breytt.

Í ályktun fundarins í gær er farið fram á að innheimtu stökkbreyttra fasteignagjalda yrði frestað og innheimt verði samkvæmt eldra fyrirkomulagi meðan málið væri til umræðu hjá ríki og borg.

Björn Blöndal, aðstoðarmaður borgarstjóra, sat fundinn. Í máli hans kom fram að mat lögfræðinga sé að ekki væri heimilt að stöðva innheimtuna. Hann sagði þó borgaryfirvöld hins vegar hafa hug á að leysa málið farsællega. **- shá**

SPURNING DAGSINS



*Séra Gunnar, ert þú sterkasti frambjóðandinn?*

„Það mætti velja biskup eftir því hvað hann tekur í bekk en það væri ekki sanngjarnt.“

Séra Gunnar Sigurjónsson, sóknarprestur í Digranessókn, gefur kost á sér í komandi biskupskjöri. Séra Gunnar stundar kraftlyftingar og hefur verið talinn sterkasti prestur í heimi.

Eygló Harðardóttir leggur fram tillögu um rannsóknarnefnd á vegum Alþingis:

# Vill rannsókn á lífeyrissjóðum

**ALÞINGI** Eygló Harðardóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, mun á næstunni leggja fram þingsályktunartillögu um að Alþingi skipi rannsóknarnefnd til að rannsaka starfsemi lífeyrissjóðanna frá árinu 1997 til 2011.

Í þingsályktun Alþingis um viðbrögð við skýrslu rannsóknarnefndar þingsins var ályktað um að sjálfstæð og óháð rannsókn á starfsemi lífeyrissjóða skyldi fara fram. Þingsályktunartillaga Eyglóar er því í samræmi við þá ályktun. Eygló segir að við afgreiðsluna hafi legið fyrir að Landssamtök lífeyrissjóða hygðust setja af stað sjálfstæða úttekt. „Ég byggði mína afstöðu meðal annars á því að nefnd Landssamtaka lífeyrissjóðanna gæti aldrei haft sömu valdheimildir og rannsókn á vegum Alþingis.“ Eftirlitsstofnanir hafi getað borið fyrir sig þagnarskyldu, ekki hafi verið hægt að kveða fólk til skýrslutöku eða gera rannsóknir á starfsstöðum.



EYGLÓ HARÐARDÓTTIR

Samkvæmt tillögunni á rannsóknarnefnd að varpa sem skýrustu ljósi á starfsemi lífeyrissjóðanna á tímabilinu og bera saman umhverfi íslenska lífeyrissjóðakerfisins við það sem tíðkast í nágrannalöndunum. Þá eigi hún að leggja mat á ábyrgð og aðkomu stjórnsýsluaðila og einstakra ráðherra. **- þeb**

Eldur í Eikjuvogi:

## Íbúar flúðu brennandi íbúð

**ELDSVOÐI Eldur kom upp í húsi í Eikjuvogi í Reykjavík um klukkan hálf átta í gærkvöld.**

**Þegar slökkvilið kom á staðinn voru tveir íbúar í húsinu komnir út. Slökkviliðið var fljótt að ná tökum á eldinum.**

**Oddur Hallgrímsson, varðstjóri hjá slökkviliðinu, segir að tjón sé vegna elds og reyks en unnið var að því að reykræsta húsið í gærkvöldi.**

**Engan sakaði en eldsupptök eru ókunn.**



**UNDIRRITA SÁTTASAMNING** Mahmoud Abbas, leiðtogi Fatah, og Khaled Meshaal, leiðtogi Hamas, á blaðamannafundi í Katar. Katarski sjeikinn Tamim Bin Hamad Al Thani er á milli þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Niðurstaða náðist í Katar:

## Hamas í stjórn með Fatah

**KATAR, AP Tvær helstu fylkingar Palestínumanna hafa náð samkomulagi um myndun bráðabirgðastjórnar eftir langar og erfiðar samningaviðræður.**

**Mahmoud Abbas, sem er forseti Palestínustjórnar og leiðtogi Fatah, verður jafnframt forsætisráðherra stjórnarinnar, en nánar verður upplýst um ráðherraskipan síðar í mánuðinum.**

**Ísraelsstjórn brást illa við þessum tíðindum og segir að samstarf fylkinganna jafngildi brotthvarfi frá friðarviðræðum, sem reyndar hafa legið niðri að mestu árum saman. - gb**

# Brottnám PIP-púða kostar tugi milljóna

**Velferðarráðherra mælist til að allar konur með PIP-púða geti látið fjarlægja þá á Landspítalanum. Hópur kvenna vill nýta aðgerðina til að fá nýja púða. Gætt verður að hagsmunatengslum og enginn mun vísa á sjálfan sig, segir ráðherra.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Ljóst er að aðgerðir vegna brottnáms PIP-sílikonpúða geti hlaupið á tugum milljóna króna fyrir Landspítalann (LSH). Um 200 konur af þeim tæplega 400 sem fengið hafa boð um ómskoðun hafa sett sig í samband við yfirvöld. Á einkareknum læknastofum kostar brottnám sílíkonpúða um 200 þúsund krónur en verið er að meta kostnaðinn við aðgerðirnar á LSH.

Saga Ýrr Jónsdóttir, lögmaður um hundrað kvenna sem ætla að höfða málsókn á hendur Jens Kjartanssyni lýtalækni vegna púðanna, segir það skjóta skökku við að konunum sé ekki boðið að fá aðra brjóstapúða í sömu aðgerð, borgi þær fyrir þá sjálfar.

„Enginn er að fara fram á að ríkið greiði púðana,“ segir Saga. „Krafan er sú að aðgerðin verði nýtt svo þær þurfi ekki að gangast undir aðra slíka til að fá nýja púða.“

Saga bendir á að fjöldi lækna á LSH vinni og reki einkastofur á sama tíma. Þar séu bein hagsmunatengsl.

„Skiljanlega eru mínir umbjóðendur hræddir við að það ríki ekki hlutleysi,“ segir hún og bætir við að þeir umbjóðendur hennar sem leitað hafa til einkarekinna læknastofa fái ítrekað þau svör að þeir geti fengið nýja púða í sömu aðgerð og jafnvel sé mælt með því.

Þórdís Kjartansdóttir, lýtalæknir á Dea Medica og LSH, tekur undir það. „Yfirleitt er talið að vilji konur vera áfram með sílíkon séu þær betur settar með að fá nýja púða í stað þeirra gömlu í sömu aðgerð,“ segir hún. „En þetta er mjög vandmeðfarið og þarf að meta hvert tilfelli fyrir sig.“

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra útilokar ekki að nýir púðar verði settir inn í einhverjum tilfellum, en slíkt muni sennilega heyra til undantekninga. Hann segir fyllstu aðgátar verða gætt varðandi hagsmuni þeirra lýtalækna á LSH sem meta konurnar og framkvæma aðgerðirnar.

„Þarna verður enginn sem vísar á sjálfan sig,“ segir Guðbjartur. „Matið er byggt á ráðleggingum frá því fólki sem flest kann. Það er viðbragðshópur sem fundar nánast daglega og það er verið að vinna í þessum málum.“

Guðbjartur mun leggja til við ríkisstjórnina í dag að ríkið bjóðist til að láta fjarlægja púða úr öllum þeim konum sem fengið hafa púðana hér á landi. Er þetta gert í ljósi þess að rúm 80 prósent þeirra kvenna sem farið hafa í ómskoðun eru með leka púða.

sunna@frettabladid.is



**AÐGERÐ** Velferðarráðherra vill að ríkið bjóðist til þess að láta fjarlægja alla PIP-sílikonpúða úr konum hér á landi. MYND/ÚR SAFNI

### Málið verður umfangsmikið fyrir LSH

Verið er að meta umfang og fjölda þeirra aðgerða sem framkvæmdar verða á Landspítalanum vegna PIP-púðanna. Björn Zoëga, forstjóri LSH, segir málið líta út fyrir að verða nokkuð yfirgripsmikið, en nú sé verið að skoða hvert tilfelli fyrir sig. Ekki er vitað hvenær byrjað verður að gera aðgerðirnar. Varðandi það hvort konurnar geti fengið nýja púða í sömu aðgerð, segir Björn að öryggi sjúklingsins sé algert forgangsatriði og verið sé að vega og meta hvort slíkt teljist fýsilegur kostur óski konurnar eftir því.

„Nýir púðar verða settir inn í sömu aðgerð ef það er talið öruggt fyrir sjúklinginn. Það verður ákveðið í samráði við helstu sérfræðinga í þessum efnum,“ segir hann.

Rengir orð ráðherra:

## Neita tillögum um niðurskurð

**FJÁRMÁL** Franek Rozwadowski, fastafulltrúi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á Íslandi, neitar því alfarið að sjóðurinn hafi á sínum tíma gert tillögu um að loka ríkisreknum menningarstofnunum í sparnaðarskyni.



FRANEK ROZWADOWSKI

Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, sagði á Alþingi á föstudag að slíkar tillögur hefðu verið uppi á borðum. Þjóðleikhúsið var nefnt sérstaklega. Tillagan um að leggja menningarstofnanir niður hafi komið frá AGS en því hafi stjórnvöld hafnað.

Í tilkynningu Rozwadowski segir að hornsteinn áætlunarinnar hafi verið sú að ríkisstjórninni væri í sjálfsvald sett hvernig minnka skyldi fjárlagahallann. Það sé rangt að AGS hafi mælt með einstökum aðgerðum til að ná þeim markmiðum fram. **- shá**

Sænskur dómari vanhæfur:

## Dómari sofnaði í réttarhöldum

**SVÍÞJÓÐ** Endurtaka þarf réttarhöld í Gautaborg í Svíþjóð vegna þess að dómari í málinu dottaði meðan á þeim stóð.

Bæði verjandi og saksóknari eru sammála um að dómarinn hafi dottað. Dómarinn neitar því hins vegar, en viðurkennir að hann geti ekki lengur dæmt í málinu.

„Venjulega þegar manneskja sofnar eru ákveðnar vísbendingar um það. Þú byrjar á því að loka augunum og svo fellur höfuðið fram,“ sagði Margareta Esplund hjá saksóknara við TV4 í Svíþjóð. „Það er mikilvægur hluti af réttarkerfinu að þeir sem dæma séu viðstaddir.“ **- þeb**

LANDBÚNAÐUR

### Bændur óttast kal í túnum

Bændur í Árneshreppi eru farnir að óttast kal í túnum í vor. Mikil svellalög eru á túnum og hafa verið nánast samfleytt frá því í haust. Frá þessu er greint á vefnum Litla hjalla.

### Vilja í aðra markaskrá

Nokkrir sauðfjárbændur í Grýtubakkahreppi hafa skráð nöfn sín á undirskriftarlista þar sem þeir fara fram á að hreppurinn verði í markaskrá fyrir kvikfénað með Þingeyingum en ekki Eyfirðingum eins og ákveðið var. Sveitarstjórnin segist ekki breyta afstöðu sinni nema landbúnaðarnefnd hreppsins óski þess.






Framkvæmdastjóri LSR kallar utanlandsferðir á vegum fyrirtækja ekki boðsferðir:

# Vinnuferðir en ekki boðsferðir

**VIÐSKIPTI** „Starfsmennirnir sem fóru í þessar ferðir – þeir voru ekki að þiggja neitt boð. Það er meginatriði og þess vegna voru þetta engar boðsferðir,“ sagði Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri LSR, í viðtali við Kastljós RÚV í gærkvöldi.

Helgi Seljan spurði hann um ferðir sem starfsmenn lífeyrissjóðsins fóru í á kostnað fyrirtækja fyrir bankahrun. Hann sagðist ekki líta svo á að starfsmennirnir hefðu þegið boð, heldur einfaldlega farið í ferð að beiðni yfirmanna sinna. „Þeir voru að fara í vinnuferð og höfðu enga fjárhagslega hagsmuni af því fyrirtækið sem var að kynna starfsemina borgaði eða lífeyrissjóðurinn,“ sagði Haukur.

Hann sagði aðspurður að skýrsla rannsóknarnefndar um lífeyrissjóðina gæfi ekki tilefni til þess að hann segði af sér. Lífeyrissjóðirnir hafi verið að glíma við afleiðingar alvarlegrar, alþjóðlegrar fjármálakreppu sem skýrði tap hjá sjóðum upp á rúma hundrað milljarða við hrun bankakerfisins. Öll gagnrýni sem fram kæmi í skýrslunni yrði þó tekin til greina.

Haukur sagði menn geta velt fyrir sér hvort sjóðirnir hafi fjárfest um of í fyrirtækjum tengdum Baugi og Existu. Hins vegar hafi þau félög verið fyrirferðarmikil á íslenskum hlutabréfamarkaði og menn hafi í öllum tilvikum verið langt innan við þau fjárfestingarmörk sem lög kváðu á um. **- sh**



**ÆTLAR EKKI AÐ HÆTTA** Haukur Hafsteinsson segir skýrslu rannsóknarnefndarinnar ekki gefa honum tilefni til að segja af sér. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


MOTOROLA
Þú getur unnið ferð fyrir tvo til
NEW YORK
á Saga Class
Með hverjum keyptum Motorola Razr fylgir lukkunúmer.
Skráðu númerið á Facebook-síðu Motorola á Íslandi og þú gætir verið á leið til New York á Saga Class með Icelandair!
GRJÓTHARÐUR, ÖRÞUNNUR OG ÓTRÚLEGA SNJALL!
MOTOROLA RAZR™
Motorola Razr er nýr Android-sími, einn þynnsti síminn á markaðnum en pakkaður af tækni sem Dual Core 1,2 GHz örgjörvinn og 1 GB vinnsluminnið leika sér að.
Motorola Razr er líka einn sterkasti síminn á markaðnum. Bakhliðin er úr KEVLAR sem er sama efni og í skotheldum vestum og allur síminn er vatnsvarinn með nanótækni. MotoCast er innbyggt í símann og þú getur náð í tónlistina þína eða bíómyndirnar í PC-tölvunni þinni hvort sem þú ert í næsta herbergi eða annarri heimsálfu.
Þú ert tæknitröllið í vinahópnum með Motorola Razr.
LIFE. POWERED.
aðeins 7,1 mm
Skráðu þig á Facebook-síðu Motorola á Íslandi

## GENGIÐ 06.02.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 123,5 | 124,08 |
| Sterlingspund | 194,45 | 195,39 |
| Evra | 161,16 | 162,06 |
| Dönsk króna | 21,676 | 21,802 |
| Norsk króna | 21,184 | 21,308 |
| Sænsk króna | 18,296 | 18,404 |
| Japanskt jen | 1,6117 | 1,6211 |
| SDR | 190,69 | 191,83 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
222,5256

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Bandaríska sendiráðinu í Sýrlandi lokað og Bretar kalla sendiherra sinn heim:

# Sprengjum rigndi á Homs

**SÝRLAND, AP** Stjórnarherinn í Sýrlandi gerði öflugar sprengjuárásir á borgina Homs í Sýrlandi í gær, þar sem harðir bardagar við uppreisnarmenn hafa staðið yfir undanfarna daga. Þetta eru hörðustu árásir stríðsins til þessa.

Árásirnar kostuðu tugi manna lífið í gær en hundruð manna hafa látist í átökunum þar í borg síðan fyrir helgi.

Bandaríkjamenn lokuðu í gær sendiráði sínu í Damaskus, höfuðborg Sýrlands, og Bretar hafa kallað sendiherra sinn heim frá Sýrlandi.

Bandaríkjamenn og fleiri ríki eru afar ósátt við að Rússar og Kínverjar hafi beitt neitunarvaldi sínu þegar ályktun gegn Sýrlandi var afgreidd í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna um helgina.

Sergei Lavrov, varnarmálaráðherra Rússlands, varði hins vegar afstöðu Rússa og sagði að hefði ályktunin verið samþykkt í Öryggisráðinu jafngilti það því að ráðið tæki afstöðu með annarri af tveimur stríðandi fylkingum í borgarastríði.

Hann sagði að það myndi aðeins leiða af sér meira mannfall ef „vopnaðir hópar öfgamanna“ eru hvattir áfram. - gb



**UPPREISNARMENN Í SÝRLANDI** Árásir stjórnarhersins á íbúa í Homs hafa kostað hundruð manna lífið síðustu daga. NORDICPHOTOS/AFP

MS gerir dreifingarsamning:

# Vilja selja tvöfalt meira skyr

**VERSLUN** Mjólkursamsalan stefnir að því að tvöfalda sölu á skyri í Bandaríkjunum á næstunni. Fyrirtækið hefur samið við dreifingarfyrirtækið Gourmet Guru Inc. í New York um dreifingu.

Nú seljast um 120 tonn af íslensku skyri á ári, eða um 720 þúsund dósir. Markmið MS er að tvöfalda söluna og bjóða skyr í að minnsta kosti þúsund verslunum á næstu tólf til tuttugu mánuðum. Gourmet Guru sérhæfir sig í dreifingu á náttúrulegum og lífrænum mjólkurvörum í New York. - þeb



**ATVINNULÍFIÐ** Á árlegu Viðskiptaþingi Viðskiptaráðs verður fjallað um verðmætasköpun í íslensku atvinnulífi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ný skoðanakönnun Gallup:

# Atvinnulífið mikilvægt fyrir lífskjör á Íslandi

**EFNAHAGSMÁL** Alls 94 prósent landsmanna telja íslensk fyrirtæki skipta miklu eða öllu máli þegar kemur að því að skapa góð lífskjör á Íslandi. Þetta er niðurstaða skoðanakönnunar sem Capacent Gallup vann fyrir Viðskiptaráð.

Var könnunin unnin í tengslum við árlegt Viðskiptaþing Viðskiptaráðs sem fer fram 15. febrúar næstkomandi. Verður yfirskrift þingsins „Hvers virði er atvinnulíf?“ og munu ræðumenn fjalla um verðmætasköpun í íslensku atvinnulífi. - mþl

### STYKKISHÓLMUR

**Sundlaugin lokuð**

Sundlaugin í Stykkishólmi er lokuð vegna viðgerða. Ráðgert er að laugin verði lokuð næstu tvær vikur. Við sundlaugina stendur næsthæsta vatnsrennibraut landsins.

### LEIÐRÉTT

Í Spurningu dagsins í gær var rætt við Söru Vilbergsdóttur en birt mynd af systur hennar Svanhildi. Beðist er velvirðingar á mistökunum.



**VETTVANGUR GLÆPSINS** Konan fannst látin í þessu húsi við Skúlaskeið í Hafnarfirði. Lögregla hafði lokið vinnu á vettvangi seinni partinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Óreglumaður í haldi grunaður um morð

**Ungur maður kom í annarlegu ástandi á lögreglustöð í gær og átti erfitt með að gera sig skiljanlegan. Í kjölfarið fannst látin kona á heimili hans og svo virðist sem henni hafi verið ráðinn bani með hníf. Maðurinn er góðkunningi lögreglu.**

**LÖGREGLUMÁL** Rúmlega tvítugur karlmaður er í haldi lögreglu, grunaður um að hafa ráðið vinkonu sinni bana með hníf í fyrrinótt.

Maðurinn kom á lögreglustöðina að Flatahrauni í Hafnarfirði skömmu eftir klukkan ellefu í gær, í afar annarlegu ástandi og nokkru uppnámi. Hann átti bágt með að gera sig skiljanlegan en lögreglumönnum tókst þó að greina að eitthvað hefði gerst og sáu ástæðu til að fara í kjölfarið heim til hans að Skúlaskeiði. Þar fannst rúmlega þrítug kona með áverka eftir eggvopn og reyndist hún látin.

Maðurinn var tekinn höndum en ástand hans var slíkt að ekki reyndist unnt að yfirheyra hann strax. Ljóst þykir að hann hafi verið undir áhrifum fíkniefna. Tekin verður ákvörðun um það í dag hvort krafist verði gæsluvarðhalds yfir honum.

Lögregla varðist allra frétta af málinu í gær umfram það sem fram kom í tilkynningu.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var aðkoman á vettvangi ljót og mikið blóð í íbúðinni. Þar fannst hnífur sem talinn er hafa verið notaður til verksins. Hann hefur verið sendur í lífsýnarannsókn.

Enginn er skráður til heimilis í húsinu, sem hefur verið í eigu Arion banka síðan í nóvember. Sá sem nú er í haldi er sonur fyrri eigenda.

Konan og ætlaður banamaður hennar höfðu þekkst lengi og voru bæði vel þekkt hjá lögreglunni í Hafnarfirði vegna óreglu. Maðurinn hefur ítrekað komist í kast við lögin, þó einkum vegna minni háttar afbrota. Hann hlaut í fyrra skilorðsbundinn dóm fyrir ýmis brot.

stigur@frettabladid.is

Þarf að borga 100 þúsund:

# Máli Jóns vísað frá héraðsdómi

**DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur hefur vísað frá máli Jóns Magnússonar, fyrrverandi alþingismanns, gegn Persónuvernd. Jón vildi fá það viðurkennt með dómi að Persónuvernd hefði brotið lög með því að leyfa Seðlabankanum að fylgjast með erlendri greiðslukortanotkun fólks í þágu gjaldeyriseftirlits.**

**Jón sagði í samtali við Fréttablaðið í október að enginn einstaklingur í þjóðfélaginu væri undanskilinn í heimild Seðlabankans og því hlyti hann að teljast hagsmunaaðili í málinu, eins og allir aðrir. Héraðsdómur er ósammála og telur hann ekki eiga beina, lögvarða hagsmuni. Málinu er því vísað frá og Jón þarf að greiða Persónuvernd 100 þúsund krónur í málskostnað.** - sh



**JÓN MAGNÚSSON**

Bjóða fram á öllu landinu:

# Framboð Lilju með stafinn C

**STJÓRNMÁL** Nýtt stjórnmálaafl undir forystu Lilju Mósesdóttur hefur nú formlega verið stofnað. Flokkurinn mun bjóða fram í öllum kjördæmum landsins og hefur sótt um listabókstafinn C.

„Þetta nýja stjórnmálaafl er ekki vinstri, ekki hægri og ekki miðjumoð heldur ný hugsun í stjórnmálum,“ segir í tilkynningu. „Hugsun sem gengur út á að skilgreina vandamál og lausnir út frá sérstöðu íslensks samfélags og almannahagsmunum.“

Kynningarfundur verður haldinn í dag þar sem nafn, tilurð og markmið flokksins verða kynnt. - sv


*Skráðu þig núna í nám og fáðu forskot:*

**Hagnýt verkefnastjórnun**

Afar gagnlegt og hnitmiðað nám fyrir þá sem koma að stjórnun verkefna, hvort sem þau eru stór eða lítil. Heimsþekkt aðferðarfræði kennd (PRINCE2) ásamt áhættugreiningu, breytingastjórnun, áætlanagerð með Project, skipulagningu með aðstoð hugarkorta og margt margt fleira. Halldór Kristjánsson verkfræðingur kennir.

Bættu þér í hóp þeirra rúmlega 630 einstaklinga sem hafa sótt verkefnastjórnunarnám hjá okkur á liðnum árum.

Föstudagsnám hefst 10. febrúar (9:00-12:00)

Verð aðeins 89.900
Hagstæðir greiðsluskilmálar

**Tölvunám TV til betri verka**
– hringdu núna í síma 520 9000
– og skoðaðu mikið úrval námskeiða á www.tv.is

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN

43.000 hafa sótt námskeið frá 1986

Grensásvegi 16 • Sími: 520 9000 www.tv.is


## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**LEIÐINLEGT VEÐUR** víðast hvar á landinu í dag. Hvöss sunnanátt í fyrstu og síðan suðvestanátt og talsverð rigning sunnan- og suðaustantil. Dregur úr vindi og vætu á morgun.



**Á MORGUN**
5-10 m/s, en 8-15 NV-til.

**FIMMTUDAGUR**
Vaxandi vindur og úrkoma síðdegis.

### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Alicante | 15° |
| Basel | -7° |
| Berlín | -8° |
| Billund | -2° |
| Frankfurt | -8° |
| Friedrichshafen | -10° |
| Gautaborg | 0° |
| Kaupmannahöfn | 0° |
| Las Palmas | 18° |
| London | 2° |
| Mallorca | 15° |
| New York | 10° |
| Orlando | 26° |
| Ósló | -4° |
| París | -2° |
| San Francisco | 12° |
| Stokkhólmur | -6° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is

TOYOTA

# Auris Dísil Eco
sparneytinn kostur

ALWAYS A
**BETTER** WAY




ÍSLENSKA/SIA.IS/TOY 56517 02/12

## AURIS DÍSIL ECO - EYÐSLUGRANNUR OG UMHVERFISVÆNN

Toyota Optimal Drive vélarlínan. Nýstárlegar, vistvænar lausnir sem skapa fullkomið jafnvægi á milli minni eldsneytiseyðslu, minni losunar koltvísýrings og akstursánægju.

- **1.4 D4D dísilvél**
- **4,5 lítrar/100 km í blönduðum akstri**
- **118 g/km CO²**

Verð: 3.490.000 kr.*

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kópavogi**
Nýbýlavegi 4
Kópavogi
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

*Verð miðast við Auris Dísil Eco Terra, 1.4l, beinskiptan. Búnaður á myndinni getur verið frábrugðinn þeim sem fylgir Auris Dísil Eco Terra.

## KJÖRKASSINN



*Fylgist þú með frambjóðendum til embættis biskups Íslands?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 27,0% |
| NEI | 73,0% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Eiga björgunarsveitirnar að taka gjald fyrir aðstoð við almenning vegna ófærðar?*

Segðu skoðun þína á visir.is vísir

Lög um fyrningarfrest áttu við í máli manns sem misnotaði bróðurdóttur sína:

# Frændinn talinn sekur en samt sýknaður

**DÓMSMÁL** Maður sem ákærður var fyrir fjölda kynferðisbrota gagnvart bróðurdóttur sinni hefur verið sýknaður í dómi Héraðsdóms Vesturlands frá fyrsta þessa mánaðar. Samkvæmt ákæru braut maðurinn gegn stúlkunni á árunum 1990 til 1996, frá því hún var sex ára og til þrettán ára aldurs.

Í niðurstöðum dómsins kemur fram að framburður stúlkunnar sé talinn trúverðugur og fái stuðning í fjölda atriða. Að því virtu þykir dómnum „ekki varhugavert að slá því föstu að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem hann er ákærður fyrir og rétt er færð til refsiákvæða í ákæru“.

Vafi er hins vegar talinn leika á hvenær síðustu brot áttu sér stað og var það talið manninum í hag. Ósannað var því talið að hann hefði brotið gegn stúlkunni eftir að hún varð 12 ára. Á þeim tíma vörðuðu brot mannsins 12 ára fangelsi og giltu ákvæði um að brotin fyrndust á 15 árum. „Í samræmi við framangreinda niðurstöðu dómsins verður að telja að fyrningarfrestur hafi byrjað að líða 17. júní 1995 og var sök því fyrnd þann 17. júní 2010,“ segir í dómnum, en manninum var tilkynnt um framkomna kæru 22. nóvember 2010. „Verður því ekki hjá því komist að sýkna hann af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.“

Bótakröfum var vísað frá í dómnum, en hann kváðu upp Hjörtur O. Aðalsteinsson dómstjóri og meðdómarar hans, Allan Vagn Magnússon og Barbara Björnsdóttir. **- óká**

### Fyrning afnumin

Fyrningarfrestur á alvarlegustu kynferðisbrotum var afnuminn með samþykkt Alþingis í mars 2007. Kynferðisbrot gegn börnum undir 18 ára aldri falla í þann flokk. Ágúst Ólafur Ágústsson var fyrsti flutningsmaður tillögunnar. Þegar málið var lagt fram síðla árs 2006 höfðu um 22 þúsund manns skrifað undir áskorun til Alþingis um að samþykkja afnám fyrningarfrestsins.




Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

Cisco CCNA
ÖFLUGASTA GRÁÐAN Í DAG!

CCNA gráðan er af mörgum talin ein öflugasta gráðan í upplýsingatækni sem völ er á.

Ef þú hefur áhuga á að verða sérfræðingur í uppbyggingu á tölvunetum og þeim tækjum sem notuð eru í samskiptum í netheiminum í dag, þá er þetta námskeiðið fyrir þig. Námið er undirbúningur fyrir prófið 640-802 sem er CCNA prófið frá Cisco og er það innifalið í verði námskeiðisins.

Þetta er nám sem gerir talsverðar kröfur til nemenda, en styrkir án efa stöðu þeirra á vinnumarkaðinum.

Kennari námskeiðsins er Þorsteinn Einarsson. Hann býr yfir 15 ára reynslu í Networking og er með CCIE gráðu (Cisco Certified Internetwork Expert).

Atvinnulausir fá 25% styrk frá NTV af auglýstu staðgreiðsluverði

84 stundir - Verð: 289.000.-
Kvöldnámskeið 28. feb - 24. apríl
+ 1 verklegur sunnudagur

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI




**HELLISHEIÐARVIRKJUN** Hverahlíðarvirkjun verður á Hellisheiði, skammt suðaustur af Hellisheiðarvirkjun, hægra megin við þjóðveginn, komi fólk akandi frá Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Í höndum stjórnar OR að veita umboð

**Aðkoma lífeyrissjóðanna að fjármögnun Hverahlíðarvirkjunar kemur til af því að Orkuveitan ræður ekki við verkefnið. Heildarkostnaður er talinn 29 milljarðar króna. Formlegar viðræður bíða þess að forstjóri OR fái til þess umboð stjórnar.**

**VIÐSKIPTI** Ástæða þess að uppi eru hugmyndir um sérstaka verkefnafjármögnun Hverahlíðarvirkjunar er að Orkuveita Reykjavíkur (OR) ræður ekki við að byggja virkjunina á eigin reikning. Þetta segir Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitunnar. „Þess vegna var leitað til lífeyrissjóðanna um fjármögnun.“

Bjarni segir hins vegar engar viðræður hafnar um verkefnið þótt lífeyrissjóðirnir hafi lýst áhuga sínum á því eftir könnunarviðræður sem hófust fyrir tæpu ári. Verkefnið félli vel að hugmyndum þeirra um góðar fjárfestingar, væri traust og til langs tíma, auk þess sem stuðlað væri að atvinnuuppbygginu. Sjóðirnir hafi hins vegar talið að skoða þyrfti samningana betur og málið þá verið látið bíða.

„Um áramótin tóku Orkuveitan og Norðurál svo upp þráðinn á ný og leituðu sameiginlega til KPMG til að skoða hvernig að þessu mætti standa,“ segir Bjarni, en sú hugmynd hefur nú verið kynnt bæði í hópi stjórnarmanna OR og sveitarstjórnarmönnum í Reykjavík, á



**RAGNAR GUÐMUNDSSON**



**BJARNI BJARNASON**

Akranesi og í Borgarbyggð.

Hugmynd KPMG gengur út á að stofnað verði félag sem yrði í meirihlutaeigu lífeyrissjóðanna, en Orkuveitan myndi eignast í því hlut sem samsvaraði þeim fjármunum sem þegar hafi verið lagðir í undirbúning. „Virkjunin yrði þar með byggð án þess að Orkuveitan þyrfti að leggja fram nokkra fjármuni, þótt við myndum leggja fram þá eign sem þegar er þarna í jörðu, rannsóknir og boranir,“ segir Bjarni. Sú upphæð nemur rúmum fjórum milljörðum króna, en viðbótarkostnaður er metinn á 25 milljarða króna, en hann myndi dekka framlag lífeyrissjóðanna og lántaka félagsins um virkjunina. „Og þeir sem lána taka ekki veð í Orkuveitunni, heldur verkefninu sjálfu og tekjunum sem af því verða,“ segir Bjarni.

Frekari útfærslu, svo sem um hvort Orkuveitan eignist virkjunina að einhverjum áratugafjölda liðnum segir Bjarni bíða samningaviðræðna. Telji stjórn OR verkefnafjármögnun Hverahlíðarvirkjunar vænlega leið þá gerir Bjarni hins vegar ráð fyrir því að fá frá henni umboð til að ganga til viðræðna um að koma verkefninu á koppinn.

Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðuráls, segir tillögur KPMG um tilhögun verkefnisfjármögnunar Hverahlíðarvirkjunar þess eðlis að Norðurál fái fellt sig við þær. Fyrirtækið hafi samið við bæði OR og HS Orku um orkuöflun fyrir álverið í Helguvík og þessi nálgun í fjármögnun virkjunarinnar sé liður í því að OR standi við það sem að fyrirtækinu snýr.

olikr@frettabladid.is

### Eftir á að leysa vandamál tengd virkjunum á Hellisheiði

„Við vorum allt frá upphafi á móti samningnum við Norðurál og teljum að ekki eigi að fara í frekari orkuöflun til stóriðju,“ segir Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi og fulltrúi Vinstri grænna í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR). Hún telur að láta eigi reyna á fyrirvara í gildandi samningum við Norðurál, sér í lagi fyrirvara sem snúi að fjármögnun verkefnisins. Eftir að Evrópski fjárfestingarbankinn hafi dregið til baka loforð um að fjármagna helming virkjunarinnar sé fjármögnunin á núllpunkti. „Og ég myndi telja að það væri nóg. Það skyldar okkur ekkert til að fara í verkefnisfjármögnun.“

Eins telur Sóley álitamál kunni að vera tengd aðkomu lífeyrissjóðanna. „Þeirra eina hlutverk er að hámarka arð,“ bendir hún á og telur ekkert meina sjóðunum að selja sig síðar út úr verkefninu til hvers sem verða vildi. „Magma eða hverjum sem er,“ segir hún og



**SÓLEY TÓMASDÓTTIR**

fara af stað með flýti í frekari virkjanir á svæðinu,“ segir hún og kveðst munu fara fram á að málið verði rætt frekar hjá sveitarfélögunum sem að Orkuveitunni standa áður en stjórn OR afgreiðir það frá sér.

kveðst minnug þess „þegar fulltrúar Besta flokksins örkuðu út í Norræna hús til að standa vörð um auðlindir og orkufyrirtæki í almannaeigu.“

Aukinheldur segir Sóley óleyst vandamál tengd rekstri gufuaflsvirkjunarinnar á Hellisheiði, svo sem hvernig uppfylla eigi ákvæði um að draga úr brennisteinsútblæstri og vandamál tengd niðurdælingu sem framkallað hafi fjölda jarðskjálfta á svæðinu. „Á meðan væri óvarlegt að




HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 11-1789



# ÁVÍSUN Á ÁNÆGJU

**Vantar þig aðstoð?**
Hringdu í 440 2000 ef þig vantar aðstoð við að innleysa ávísunina. Við erum við símann **til kl. 22 í kvöld.**

Þessa dagana færð þú ásamt 19.872 öðrum tjónlausum og skilvísum **viðskiptavinum í Stofni hluta af iðgjöldum síðasta árs endurgreidd**

ÞÚ INNLEYSIR ENDURGREIÐSLUNA ÞÍNA Á **SJOVA.IS**

ÞESS VEGNA ERTU HJÁ SJÓVÁ

SJÓVÁ

STOFN

Sjóvá er hluti af Ólympíufjölskyldu ÍSÍ

Fjöldamorðinginn Anders Behring Breivik kom fyrir rétt í gær:

# Sagðist eiga skilið heiðursmerki

**NOREGUR, AP** Norski fjöldamorðinginn Anders Behring Breivik sagðist eiga skilið heiðursmerki og krafðist þess að vera látinn laus.

Þetta sagði hann í réttarsal í Ósló í gær, þegar ákveðið var að framlengja gæsluvarðhald hans til 16. apríl, en þann dag hefjast réttarhöld í máli hans.

Breivik hefur viðurkennt að hafa myrt 77 manns 22. júlí í sumar.

Myndatökur voru leyfðar í réttarsalnum í gær, í fyrsta sinn frá því að Breivik var handtekinn. Hann sagði ekkert í tveggja mínútna beinni sjónvarpsútsendingu, en sagði stuttu síðar við dómarann að hann tæki ekkert mark á þessum dómstól og teldi sig ekki hafa framið neinn glæp.

Geðlæknar komust í haust að þeirri niðurstöðu að hann væri geðveikur og þar af leiðandi ekki sakhæfur. Önnur nefnd geðlækna hefur hins vegar fengið það verkefni að endurskoða þá niðurstöðu.

Verði hann metinn sakhæfur á hann yfir höfði sér allt að 21 árs fangelsi, en annars verður hann settur í umsjón lækna á geðsjúkrahúsi um óákveðinn tíma. - gb



**ANDERS BEHRING BREIVIK** Eftirlifendur fjöldamorðanna og aðstandendur hinna myrtu voru margir ósáttir við að sjá manninn koma fram í réttarsal. NORDICPHOTOS/AFP

Handtekinn í Marokkó:

## Dani grunaður um hryðjuverk

**DANMÖRK Danskur ríkisborgari er í haldi lögreglu í Marokkó, grunaður um að hafa ætlað að fremja þar hryðjuverk.**

**Maðurinn er af marokkóskum uppruna og var handtekinn ásamt tveimur öðrum. Mennirnir eru grunaðir um að hafa ætlað að fremja hryðjuverk sem áttu að beinast að ríkinu. Innanríkisráðuneyti Marokkós telur mennina tilheyra íslömskum hryðjuverkasamtökum sem séu fjármögnuð af stuðningsmönnum í Evrópu. - þeb**

Árás við skóla í Gautaborg:

## Stakk hnífi í háls tíu ára

**SVÍÞJÓÐ** Sex börn urðu í gærmorgun vitni að því þegar ungur maður stakk tíu ára skólasystur þeirra með hnífi í hálsinn fyrir utan skóla í Gautaborg. Börnin voru á leið inn úr frímínútum þegar maðurinn felldi stúlkuna og stakk hana. Að sögn lækna voru áverkarnir alvarlegir en ekki lífshættulegir.

Skólahjúkrunarfræðingurinn tók þá ákvörðun að fjarlægja ekki hnífinn úr hálsi litlu stúlkunnar til þess að valda henni ekki frekari skaða. Stúlkan kvaðst ekki þekkja árásarmanninn. Lögreglan leitaði hans í gær með hundum og þyrlu. - ibs



**HÆGRISTJÓRNIN KVEÐUR** Emil Boc, forsætisráðherra og leiðtogi hægrimanna, á útleið eftir þriggja ára stjórnarsetu. NORDICPHOTOS/AFP

# Ríkisstjórnin hrökklast frá

**Ríkisstjórn Rúmeníu hefur sagt af sér vegna mikillar ólgu og mótmæla undanfarnar vikur. Aðhaldsaðgerðir að kröfu AGS og EBS eru óvinsælar.**

**RÚMENÍA, AP** Ríkisstjórnin í Rúmeníu hefur hrökklast frá völdum. Emil Boc, sem hefur verið forsætisráðherra síðan 2008, sagði af sér í gær.

Mikil ólga hefur verið í landinu síðustu viku vegna strangra aðhaldsaðgerða, sem fólu í sér bæði launalækkanir og skattahækkanir.

Þúsundir manna hafa tekið þátt í mótmælaaðgerðum til að krefjast afsagnar stjórnarinnar. Margir landsmenn segjast ekki sjá að stjórnin hafi haft minnstu áhyggjur af vandamálum venjulegs fólks.

Stjórnarandstaðan hrósaði sigri í gær og krafðist kosninga sem fyrst.

„Þetta er sigur fyrir þá sem hafa mótmælt úti á götum,“ sagði Crin Antonescu, sem er leiðtogi Frjálslynda flokksins. Hann sagði nú vera farna frá völdum þá ríkisstjórn sem hefur verið spilltust, vanhæfust og logið mestu síðan kommúnistaveldið leið undir lok árið 1989.

Boc forsætisráðherra varði hins vegar gerðir sínar: „Ég veit að ég hef tekið erfiðar ákvarðanir, en ávextir þeirra eru byrjaðir að sjást,“ sagði hann. „Á krepputímum er stjórnin ekki í vinsældakeppni heldur fæst hún við að bjarga landinu.“

Catalin Predoiu, dómsmálaráðherra í stjórn Bocs, verður forsætisráðherra þangað til ný stjórn hefur verið mynduð. Takist ekki að mynda nýja stjórn innan tveggja mánaða verður þingið leyst upp og boðað til kosninga.

Traian Basescu forseti hefst nú handa við að ræða við flokksleiðtoga til að kanna grundvöll til nýrrar stjórnarmyndunar.

Kjörtímabil núverandi þings rennur út í nóvember á þessu ári en mótmælendur vilja að boðað verði til kosninga sem fyrst.

Stjórnin þurfti að skera verulega niður í ríkisfjármálum eftir að hún fékk 20 milljarða evra lán frá AGS og ESB árið 2009. Það ár varð samdráttur í efnahagslífinu upp á sjö prósent. Hefði stjórnin ekki fengið þessa fjárhagsaðstoð hefði henni ekki reynst fært að greiða út laun til allra ríkisstarfsmanna.

Árið 2010 var söluskattur hækkaður úr 19 prósentum í 24 prósent og laun ríkisstarfsmanna lækkuð um fjórðung.

Kreppan er þó ekki eina vandamálið í stjórnmálum Rúmeníu, því djúpstæður fjandskapur milli stjórnar og stjórnarandstöðu birtist daglega í fjölmiðlum landsins.

Þá er Basescu forseti gagnrýndur fyrir að stilla ekki orðum sínum í hóf. Hann hefur verið fylgjandi aðhaldsaðgerðum stjórnarinnar og kröfunum frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

gudsteinn@frettabladid.is





VERT

Upplýsingar og skráning: 544 4500 / www.ntv.is

OFT ER AUGLÝST EFTIR BÓKARA!

Grunnnám í bókhaldi

Markmið námskeiðsins er að þjálfa fólk til starfa við bókhaldsstörf. Námið er byggt upp á kennslu í verslunarreikningi (24 st.), bókhaldi (36 st.) og tölvubókhaldi (48 st.). Allar námsgreinar eru kenndar frá grunni. Nemendur þurfa að vera orðnir 18 ára og hafa grunnþekkingu á tölvum.

108 stundir - Verð: 109.000.-
Verð fyrir atvinnulausa: 81.750.-
Kvöld- og helgarnám. byrjar 25. febrúar.

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI

Gæðum tilveruna góðu ljósi

Glæsilegir lampar á tilboði og eldri gerðir lampa á rýmingarverði.





Trump borðlampi
Rýmingarverð: 8.900 kr.
(Fullt verð: 15.900 kr.)

Blomster ljósakróna
Tilboðsverð: 6.900 kr.
(Fullt verð: 8.900 kr.)

Aneta

TILBOÐS- & RÝMINGARVERÐ í febrúar.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is


BIOTHERM
BOURJOIS PARIS
CLARINS
CLINIQUE
DEBENHAMS snyrtivörur
EGF HÚÐDROPAR
Elizabeth Arden
ESTĒE LAUDER
HR HELENA RUBINSTEIN
JOHN FRIEDA COLLECTION LONDON PARIS NEW YORK
LANCÔME PARIS
O·P·I
nails inc. LONDON
SENSAI Kanebo INTERNATIONAL
SHISEIDO
MAC
Þriðjudagstilboð
20%
afsláttur
af öllum
snyrtivörum
Aðeins í dag
Finndu okkur á facebook
DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR
Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI
fókus

**FRÉTTASKÝRING:** Eignasafn íslensku lífeyrissjóðanna

# Tap sjóðanna gæti orðið mun meira

**Mesta óvissan í eignasafni íslenskra lífeyrissjóða í dag snýst um uppgjör á gjaldmiðlavarnarsamningum við þrotabú föllnu bankanna. Þar gætu aukið tap, eða ágóði, hlaupið á tugum milljarða króna.**




**ÚTTEKT** Arnar Sigurmundsson og Hrafn Magnússon ásamt úttektarnefndinni við kynningu skýrslu hennar á föstudag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tap íslenskra lífeyrissjóða vegna gjaldmiðlavarnarsamninga gæti orðið rúmlega 70 milljarðar króna eftir skuldajöfnun ef ýtrustu kröfur þrotabúa föllnu bankanna verða samþykktar, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Tap sjóðanna vegna samninganna er í dag bókfært á 36,4 milljarða króna samkvæmt skýrslu úttektarnefndar sem birt var síðastliðinn föstudag.

Ýtrustu kröfur þrotabúanna ganga út á að samningarnir verða gerðir upp á því sem gengi sem var á íslensku krónunni á uppgjörsdegi þeirra. Þeir uppgjörsdagar voru allir löngu eftir að íslenska krónan hrundi og því mjög óhagstæðir lífeyrissjóðunum.

### Tóku stöðu með krónunni

Íslensku lífeyrissjóðirnir gerðu tugmilljarða króna gjaldmiðlavarnarsamninga við Landsbankann, Kaupþing og Glitni fyrir bankahrun. Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis kemur fram að þeir hafi verið stærstu seljendur erlendrar myntar framvirkt á árinu 2008. Alls var staða samninganna 2,2 milljarðar evra við bankahrun. Umfang þeirra hafði þá rúmlega tvöfaldast á einu ári.

Lífeyrissjóðirnir tóku því stöðu með krónunni, sem þýddi að þeir högnuðust ef hún styrktist. Krónan veiktist gríðarlega í efnahagshruninu og mikil tapstaða skapaðist á samningum sjóðanna. Við það vildu sjóðirnir ekki sætta sig, meðal annars vegna þess að þeir telja að sumir bankanna hafi misnotað gjaldeyrismarkaðinn í upphafi árs 2008 til að fella krónuna. Því lýstu þeir kröfum vegna gjaldmiðlavarnarsamninganna í bú bankanna á genginu 126,5, sem er meðaltal gengis íslensku krónunnar í janúar og febrúar 2008, en þeir ætla að misnotkunin hafi hafist í mars. Þessum kröfum var hafnað.

Vegna deilna sem uppi hafa verið um uppgjör samninganna hafa lífeyrissjóðirnir bókfært þá í bókum sínum líkt og þeir hafi verið gerðir upp á gengisvísitölunni 175. Þrotabúin vilja hins vegar gera upp samningana miðað við þá gengisvísitölu sem var á uppgjörsdegi samninganna. Eftir bankahrun hefur hún verið vel yfir 200. Deilurnar snúast líka um hvernig lífeyrissjóðir geta notað skuldabréf sem þeir eiga á bankana til skuldajöfnunar.

### Búið að semja við Landsbankann

Samkvæmt skýrslu úttektarnefndar á starfsemi íslenskra lífeyrissjóða í aðdraganda bankahrunsins er tap þeirra 36,4 milljarðar króna. Þá er búið að taka tillit til skuldajöfnunar, en án hennar stendur skuldin í 63,2 milljörðum króna samkvæmt tölum frá Seðlabanka Íslands. Þær tölur miða við að samningarnir séu gerðir upp á genginu 175.

Þá er búið að draga frá þann kostnað sem lífeyrissjóðirnir bera vegna fullnaðaruppgjörs þrettán þeirra við þrotabú Landsbankans sem tilkynnt var um í júlí síðastliðnum. Heimildir Fréttablaðsins herma að í því uppgjöri hafi falist að samningarnir hafi verið gerðir upp með 21 milljarðs króna tapi fyrir lífeyrissjóðina. Á móti því tapi var samið um skuldajöfnun upp á um 11 milljarða króna og því var hreint tap sjóðanna þrettán um tíu milljarðar króna. Engir fyrirvarar eru í samkomulaginu við Landsbankann um að það verði endurskoðað komist dómstólar að þeirri niðurstöðu að gera eigi samningana upp á annan hátt.

Arnar Sigurmundsson, stjórnarformaður Landssamtaka lífeyrissjóða, segir að viðræður hefðu hafist að nýju við þrotabú Kaupþings og Glitnis í kjölfar þess að það náðist að semja við Landsbankann. Þær höfðu þá legið niðri um nokkurn tíma. „Viðræður snúast um að ná sameiginlegri lendingu um hvernig eigi að gera þessa samninga upp. Það tókst að ná samkomulagi við Landsbankann eftir gríðarlega vinnu. Þær viðræður höfðu staðið yfir frá árinu 2009.“

**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@fréttabladid.is



## Vildarviðskiptavinir á hinni hliðinni

Lífeyrissjóður verslunarmanna (LV) tilkynnti í lok janúar að hann hefði falið lögmönnum sínum að gæta hagsmuna sinna við uppgjör á gjaldmiðlavarnarsamningum. Hann hefur því, einn íslenskra lífeyrissjóða, tekið ákvörðun um að ljúka deilunni fyrir dómstólum. Samkvæmt skýrslu úttektarnefndarinnar er LV sá sjóður sem tapar mest allra á gjaldmiðlavarnarsamningum, eða 9,7 milljörðum króna miðað við gengisvísitöluna 175.

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis kemur fram að á hinni hlið veðmálsins, þar sem veðjað var á veikingu krónunnar, voru oft og tíðum vildarviðskiptavinir bankanna. Þar stendur til dæmis að Kaupþing hafi keypt gríðarlegt magn af gjaldeyri á millibankamarkaði í lok árs 2007 og í upphafi árs 2008. Þessi uppkaup hafi meðal annars leitt til þess að krónan féll í mars 2008. Kaupþing var ekki bara að kaupa í eigin reikning heldur líka í miklum mæli fyrir hönd stærstu viðskiptavina sinna og eigenda. Þar á meðal voru Kjalar, Exista, Baugur Group og tvö önnur félög tengd Baugi.

Í tilkynningu LV segir enda að það hafi verið „færð efnisleg rök fyrir því að ákveðnir stjórnendur hinna föllnu banka hafi hagað sér með þeim hætti að allar líkur séu til þess að þeir hafi skaðað hagsmuni lífeyrissjóðsins með ólögmætum hætti. Þannig hafi framganga þessara aðila á verðbréfamarkaði og gjaldeyrismarkaði orðið til þess að veikja krónuna með óforsvaranlegum hætti“.

## Erfitt að meta nákvæmt tap

Úttektarnefnd Landssamtaka lífeyrissjóða mat tap lífeyrissjóða á hruninu 479,9 milljarða króna. Sú upphæð tekur til samanlagðs taps sjóðanna á árunum 2008 til 2010 miðað við stöðu þeirra í lok árs 2007. Það er hins vegar ekki augljóst hvaða upphafspunkt skal notast við þegar meta á tapið. Í Vísbendingu, riti um viðskipti og efnahagsmál, kemur fram að sennilega ofmeti skýrsluhöfundar tap sjóðanna. Þá sendu Landssamtök lífeyrissjóða frá sér fréttatilkynningu þar sem kemur fram að samtökin meti heildartap lífeyrissjóðanna 385 milljarða. Mismunurinn skýrist af ólíku viðmiðunartímabili en landssamtökin miða við stöðu sjóðanna í október 2008. Í yfirlýsingunni er vitnað í skýrslu nefndarinnar: „í mörgum tilvikum höfðu lífeyrissjóðirnir átt hlutabréf lengur og keypt þau á lægra verði en tap sjóðanna er reiknað út frá.“ Loks er bent á að tap íslensku lífeyrissjóðanna hafi verið nálægt meðaltali þess sem varð hjá lífeyrissjóðum í OECD-ríkjunum.

Seðlabankinn birti í gær nýjar tölur yfir heildareignir íslenskra lífeyrissjóða. Hrein eign þeirra var 2.096,7 milljarðar króna í lok desember og hafði hækkað um 18,7 milljarða á milli mánaða. Hrein eign sjóðanna hefur aldrei verið hærri.

## Eign lífeyrissjóða

**Í milljörðum króna**




HEIMILD: SEÐLABANKI ÍSLANDS

## Aðalfundur Marel hf. 2012

Aðalfundur Marel hf. verður haldinn í höfuðstöðvum félagsins, Austurhrauni 9, Garðabæ, miðvikudaginn 29. febrúar nk., kl. 16:00.

Dagskrá:

- Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt grein 4.13 í samþykktum félagsins.
- Tillaga um að heimila félaginu að kaupa eigin hlutabréf.
- Önnur mál, löglega borin fram.

Fundarstörf fara fram á ensku.

Sérstaklega er bent á að þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar.

Til þess að tillögur frá hluthöfum sem leggja á fyrir á fundinum verði teknar þar til umræðu verður að skila þeim til stjórnar félagsins eigi síðar en sjö dögum fyrir fundinn.

Frekari upplýsingar um tímafresti þá sem gilda í tengslum við rétt hluthafa til að fá mál sett á dagskrá hluthafafundar, leggja fram ályktunartillögur fyrir fundinn, o.fl. er að finna á aðalfundarvef félagsins, www.marel.com/agm. Þar er jafnframt að finna allar frekari upplýsingar í tengslum við aðalfundinn, þ.m.t. ársskýrslu félagsins, drög að dagskrá fundarins, tillögur stjórnar félagsins, ársreikning félagsins fyrir árið 2011, upplýsingar um heildarfjölda hluta og atkvæðafjölda í félaginu m.v. 7. febrúar 2012, umboðsform auk upplýsinga um skjöl sem lögð verða fyrir fundinn.

Endanleg dagskrá fundarins og tillögur verða aðgengilegar hluthöfum sjö dögum fyrir fundinn á framangreindum aðalfundarvef félagsins sem og á skrifstofu félagsins að Austurhrauni 9, 210 Garðabæ.

Umboðsmenn hluthafa skulu framvísa skriflegum umboðum við inngang. Atkvæðaseðlar og önnur gögn verða aðgengileg á fundarstað frá kl. 15.30.

Stjórn Marel hf.

www.marel.com

marel

# BÓNUS býður betur

PVL ESSENTIALS




**Whey Pvl:** Hreint mysuprótein til að byggja upp vöðva eða brenna fitu. Bragðast frábærlega.

Verð 3.598




**CLA Pvl:** CLA fitusýrur hafa fyrir löngu sannað sig sem öflugur stuðningur við fitubrennslu ásamt því að vera ein öflugasta krabbameinsvörn sem þekkist í matvælum.

Verð 2.998




**Creatine Pvl:** Creatine hentar öllum sem vilja auka styrk, úthald og vöðvamassa.

Verð 2.189




**Multi Maxx Pvl:** Tveggja mánaða skammtur af fjölvítamíni sem inniheldur öll vítamín og steinefni sem líkaminn þarfnast.

Verð 1.159




**Hydroxycut Hardcore:** töflurnar loksins fáanlegar á Íslandi. Nýjasta Liquid gel tækni gerir það að verkum að þær meltast hraðar og fara hraðar út í blóðið og valda kröftugri fitubrennslu en áður hefur þekkst.
Aðeins fyrir 18 ára og eldri

Verð 7.500




**Glutamine Pvl:** Glútamín kemur í veg fyrir vöðvaniðurbrot og lætur þig jafna þig hraðar eftir æfingu. Nauðsynlegt fyrir alla sem eru í miklum brennsluæfingum.

Verð 2.998

**Brenslupakkinn :** Whey Maxx, Glutamine Pvl, CLA Pvl. **Massapakkinn:** Whey Maxx, Creatine Pvl, Multi Maxx.

BÓNUS

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Nýting sjávar- og vindorku kemst á dagskrá hér á landi:

# Hinar orkulindirnar

Þriðjungur þingheims, þingmenn úr öllum flokkum undir forystu Skúla Helgasonar, hefur lagt fram þingsályktunartillögu um að iðnaðarráðherra verði falið að hefja vinnu við mat á umfangi og nýtingarmöguleikum sjávarorku við strendur Íslands. Þingmennirnir vilja fela ráðherra að stuðla að framgangi tækniþróunar á þessu sviði, byggja upp gagnagrunn og kanna með hvaða hætti Ísland geti tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi um nýtingu sjávarorku.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Ekki þarf að fjölyrða um að Ísland er ríkt af endurnýjanlegri, vistvænni orku. Þar höfum við til þessa einblínt á orku fallvatnanna og jarðhitann. Eins og bent er á í greinargerð með þingsályktunartillögunni er hins vegar hugsanlegt að enn meiri orka búi í sjávarföllum við landið en samanlagt í jarðhita- og vatnsauðlindum. Hún hefur ekki verið talin virkjanleg með hagkvæmum hætti, ekki fremur en vindorkan sem Ísland á líka nóg af. Fyrir vikið hefur nýting þessara orkulinda ekki verið á dagskrá hér að ráði og hvorki Orkustofnun né orkufyrirtækin hafa fjárfest í rannsóknum og skrásetningu á orkukostum.

Upp á síðkastið hefur Landsvirkjun þó kannað möguleika á að setja upp vindmyllur til orkuvinnslu og ýmsir einkaaðilar byrjað tilraunir með nýtingu vindorku. Þá er þróun sjávarorkutækni hafin hér á landi, meðal annars á vegum fyrirtækisins Valorku ehf. sem Valdimar Össurarson rekur. Hann sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að fyrirtækið stefndi að því að virkja hæga strauma í röstum og við annes, en til vandræða væri hversu litlar rannsóknir væru til á sjávarföllum við landið.

Við þurfum að fara að horfa til fleiri orkulinda en jarðhita og fallvatna, ekki sízt í ljósi þess að sjónarmið umhverfisverndar, útivistar og ferðamennsku takmarka í meira mæli en einu sinni var talið hversu mikið af orkunni er hægt að nýta. Eins og segir í greinargerð tillögunnar er sérhver nýr virkjanakostur nú umdeildari en áður og vatns- og varmaorkan engan veginn óþrjótandi.

Mörg nágrannaríkin, til dæmis Írland, Bretland og Danmörk, eru komin á fleygiferð í rannsóknum á sjávar- og vindorku. Við þurfum að fylgjast með þeim rannsóknum og efna til samstarfs við vísindamenn og orkufyrirtæki í nágrannalöndunum.

Um virkjun vindorku og sjávarorku gildir að mörgu leyti það sama og um virkjun fallvatna og jarðhita; að sjónarmið um umhverfisvernd og aðra hagkvæma nýtingu viðkomandi svæða geta takmarkað virkjunarmöguleikana. Það fer þó að hluta til eftir þeirri tækni sem er notuð. Sjávarfallavirkjanir með stíflum, eins og sums staðar þekkjast, hafa þannig gífurleg umhverfisáhrif en hverflar sem liggja á hafsbotninum eða í yfirborðinu miklu minni.

Til lengri tíma litið getur þurft að raða þeim stöðum, þar sem til greina kemur að virkja vind og sjávarföll, í forgangsröð eins og nú er leitazt við að gera með Rammaáætlun um verndun og nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Forsenda þess að það sé hægt, og nýting þessara orkulinda sé raunhæf, eru rannsóknir og kortlagning möguleikanna. Þess vegna er þingsályktunartillagan þörf og ástæða til að hefja þá vinnu sem þar er lagt upp með.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Tæpur meirihluti

Það er kunnara en frá þurfi að segja að meirihluti ríkisstjórnarinnar á þingi er veikur. Stuðningsmenn hennar eru 32 en stjórnarandstæðingar 31 og því má bersýnilega lítið út af bregða. Það flækir hins vegar myndina að varamenn þeirra fimm þingmanna sem hafa yfirgefið flokka sína frá kosningum hafa ekki fylgt þingmönnunum.

### Hagur stjórnar vænkast



Varamenn stjórnarandstæðinganna Ásmundar Einars Daðasonar, Atla Gíslasonar og Lilju Mósesdóttur eru þannig enn í Vinstri grænum en varamaður Þráins Bertelssonar styður ekki ríkisstjórnina. Loks er varamaður Guðmundar Steingrímssonar enn í Framsóknarflokknum. Þetta er hér rifjað upp því Atli Gíslason fór í leyfi frá þingstörfum í gær og tók Arndís Soffía Sigurðardóttir sæti á þingi. Meirihluti stjórnarinnar hefur því tímabundið styrkst.

### Líf og fjör í flokkunum



Þótt traust á rótgrónu flokkunum sé minna en oft áður virðist félagsstarf innan þeirra dafna vel. Í síðustu viku héldu Eldri vinstri grænir málþing um Sigurð Þórarinsson, jarðfræðing og vísnaskáld, sem hátt í 100 manns mættu á. Nýstofnað bridgefélag jafnaðarmanna heldur fyrsta bridge-námskeið sitt fyrir Samfylkingarfólk í kvöld. Framsóknarmenn ætla líka að taka í spil því svokölluð Framsóknarvist verður spiluð í Framsóknarhúsinu í næstu viku. Loks er hádegisfyrirlestraröðin Fróðlegt og nærandi í fullum gangi hjá sjálfstæðismönnum og eru smáfyrirtæki og nýsköpun næstu umfjöllunarefnin. Það er sem sagt líf og fjör í íslensku flokkunum.

**magnusl@frettabladid.is**

HALLDÓR




# Veist þú betur Ögmundur ?

Samfélagsmál



Karvel Aðalsteinn Jónsson
félagsfræðingur og stjórnarmaður í Félagi um foreldrajafnrétti

Þann 10. febrúar n.k. mun Félag um foreldrajafnrétti standa fyrir ráðstefnu um fyrirhugaðar breytingar á barnalögum. Á ráðstefnunni verður að mestu fjallað um heimild dómara til að dæma foreldra í sameiginlega forsjá. Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra hefur fellt þessa heimild úr upphaflegu frumvarpi Rögnu Árnadóttur og eru fyrir því afar hæpin rök.

Við Íslendingar miðum okkur jafnan við nágrannaþjóðirnar þegar kemur að lagasetningu en í þessu tilfelli er Ögmundur að ganga gegn því og taka mið af þröngum sjónarmiðum þeirra sem aldrei hafa viljað breyta neinu í þessum efnum.

> Allar aðrar þjóðir sem við miðum okkur við hafa haft heimild dómara fyrir sameiginlegri forsjá...

Allar aðrar þjóðir sem við miðum okkur við hafa haft heimild dómara fyrir sameiginlegri forsjá um árabil og í Noregi – landinu sem Íslendingar horfa mikið til hefur slík heimild verið til síðan 1981! Fjölmargar fagnefndir hafa fjallað um þetta ákvæði og hvergi stendur fyrir dyrum að fella burt slíka heimild í nágrannalöndum okkar.

Það verður að hafa í huga að margar forsjárdeilur eru deilur um efni sem koma forsjá eða velferð barna ekkert við.

Ég fullyrði að ég mæli fyrir munn mörg þúsund foreldra af báðum kynjum þegar ég spyr:

Ætlar þú Ögmundur virkilega að viðhalda þessu áratuga óréttlæti – að ekki megi dæma mildasta úrræðið og það sem börnum er fyrir bestu þegar dómari telur svo? Ætlar þú að viðhalda því, að áfram megi með dómi þvinga forsjá af hæfu foreldri og rýra hlutverk þess af ástæðulausu? Ætlar þú með þessu áfram að skapa íslenskum börnum lakari stöðu en börnum í nágrannalöndum okkar? Hvers vegna eiga íslensk börn ekki að fá að njóta forsjár beggja foreldra sinna sé það þeim fyrir bestu?

Það er út í hött að ekki megi dæma foreldrum sameiginlega forsjá á Íslandi sé það börnum fyrir bestu – meðan það er hægt í öllum V-Evrópuríkjum sem við miðum okkur við. Eða veist þú e.t.v. betur en allir aðrir Ögmundur?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Um börnin og refsilöggjöfina – dómur Hæstaréttar



HUGLEIÐINGAR UM LÖG OG RÉTT

Róbert R. Spanó
prófessor og forseti lagadeildar HÍ

### Börnin og lögin

Lög eiga að tryggja sanngjarna málsmeðferð, réttlæti í samskiptum fólks og velferð. Börn sem hópur í samfélaginu eiga mikið undir því að Alþingi og stjórnvöld nái þessum markmiðum auk þess sem ábyrgð foreldra er mikil. Þau eru því ávallt fullorðnum háð. Er því afar brýnt að málefni barna séu jafnan í brennidepli í réttarkerfinu, í sífellu sé leitast við að gera betur, styrkja stöðu þeirra, efla vitund og þekkingu um aðstæður þeirra og velferð. Er þetta áréttað í 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar þar sem fram kemur að börnum skuli tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Mótunarár barna eiga að vera tími öryggis, umhyggju og gleði. Áföll sem verða í lífi barns geta fylgt því til æviloka.

Í samræmi við áðurnefnt stjórnarskrárákvæði er leitast við að tryggja réttarvernd barna með margvíslegum hætti í lögum. Þar má nefna menntalöggjöfina, barnalög, barnaverndarlög og refsilöggjöfina. Um þessar reglur væri hægt að hafa mörg orð. Að þessu sinni verður aðeins farið nokkrum orðum um nýlegar breytingar á almennum hegningarlögum í átt að aukinni refsivernd barna og fjallað sérstaklega í því sambandi um athyglisverðan dóm Hæstaréttar frá 19. janúar sl.

### Nýlegar breytingar á ákvæðum hegningarlaga um kynferðisbrot gegn börnum

Á árinu 2005 fór þáverandi dóms- og kirkjumálaráðherra þess á leit við Ragnheiði Bragadóttur, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, að hún tæki saman drög að frumvarpi til laga um breytingu á tilteknum ákvæðum almennra hegningarlaga. Endurskoðunin varðaði m.a. ákvæði laganna um kynferðisbrot gegn börnum. Með frumvarpi því sem Ragnheiður útbjó, sem var ítarlega og vel rökstutt, var m.a. lagt til að hugtakið nauðgun yrði rýmkað mjög frá því sem áður hafði gilt og að ungur aldur þolenda myndi virka til þyngingar við ákvörðun refsingar fyrir nauðgun. Þá var lagt til að upphaf fyrningarfrests kynferðisbrota miðaðist við átján ára aldur brotaþola, en ekki fjórtán ár eins og áður hafði verið. Við þingmeðferð frumvarpsins var raunar ákveðið að ganga lengra hvað varðaði flest alvarlegustu kynferðisbrot gegn börnum og fyrningarfrestur vegna þeirra afnuminn með öllu.

Í greinargerð þeirri sem Ragnheiður Bragadóttir vann við áðurnefnt frumvarp var sérstaklega rakið að beindist brot að ungum börnum, t.d. fjögurra til átta ára, væru ýmis dæmi þess í réttarframkvæmd að eingöngu væri dæmt fyrir brot gegn viðeigandi ákvæðum um kynferðisbrot gegn börnum. Nauðgunarákvæðinu væri þá ekki beitt jafnframt þar sem svo virtist talið að ekki væri beitt ofbeldi eða hótun um það. Tekið var dæmi um hæstaréttardóm frá árinu 1996 þar sem maður hafði samræði og önnur kynferðismök við dóttur sína frá því hún var sjö ára og allt þar til hún varð tíu ára. Var tekið fram í greinargerðinni að þetta væri „gagnrýnisverð niðurstaða“. Í þessu sambandi var bent á það að nokkuð augljóst væri að þegar svo ungt barn ætti í hlut ætti hinn brotlegi alls kostar við það. Sú valdbeiting eða hótanir sem hann notaði til að fá fram kynmök væru því oft mun minni en þyrfti til þess að ná valdi á fullorðinni manneskju. Barnið væri hins vegar enn varnarlausara og ætti erfiðara með að verjast, skildi jafnvel ekki það sem fram færi. Það væri því eðlilegt að tekið væri tillit til þess að barn ætti í hlut þegar metið væri hvort beitt væri ofbeldi eða hótunum í skilningi nauðgunarákvæðisins. Slík lögskýring væri alveg í samræmi við skilgreiningu ofbeldis í ákvæðinu, þar sem í það væri lagður „mjög rúmur skilningur og engar kröfur [væru] gerðar um líkamlega áverka.“

Framangreint frumvarp varð að lögum nr. 61/2007 og var við samþykkt laganna í öllum meginatriðum fylgt tillögum Ragnheiðar Bragadóttur prófessors. Með dómi Hæstaréttar 19. janúar sl. reyndi á þau sjónarmið um beitingu nauðgunarákvæðis hegningarlaga í tilviki barns sem rakin voru hér að framan, en að honum verður nú vikið.

### Dómur Hæstaréttar 19. janúar 2012

X var m.a. ákærður fyrir fjórtán tilvik kynferðisbrota gegn telpu á aldrinum sjö til átta ára sem áttu samkvæmt ákæru sér stað á heimili hans þar sem telpan dvaldi oft vegna tengsla ákærða við móður hennar. Í einu þessara tilvika var X ákærður fyrir háttsemi sem taldist varða beint við nauðgunarákvæði 1. mgr. 194. gr. hegningarlaga og henni lýst þannig í ákæru að X hafi sett getnaðarlim sinn inn í kynfæri telpunnar og ekki látið af háttseminni þótt telpan bæði hann um að hætta.

Í héraðsdómi var ekki fallist á að þessi lýsing ákæru gæti svarað til nauðgunar, þ.e. að ákærði hafi við kynferðismökin beitt, eins og segir í ákvæðinu: ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögmætri nauðung eða sviptingu sjálfræðis með innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti. Því hafi heldur ekki komið til álita hvort 194. gr. hegningarlaga gæti tekið til slíkra kynferðismaka við ung börn.

Niðurstaða Hæstaréttar var réttilega á annan veg og vel rökstudd. Þar segir að efni 194. gr. hegningarlaga hafi verið rýmkað verulega með lögum nr. 61/2007. Er svo bætt við að vegna ungs aldurs síns hafi brotaþoli verið varnarlaus gagnvart ákærða sem hafi átt alls kostar við hana og notfært sér yfirburðastöðu sína til að koma fram kynferðislegum vilja sínum gagnvart henni, en í þeirri háttsemi hafi falist ofbeldi af hans hálfu. Þarna styðst Hæstiréttur að hluta til orðrétt við forsendur þær sem fram koma í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 61/2007 og áður er rakin.

Ekki leikur vafi á því að Hæstiréttur hafi í dóminum beitt nauðgunarákvæðinu með þeim hætti sem ráð var fyrir gert með samþykkt laganna frá 2007. Með dóminum hefur það fræðilega viðhorf fengið staðfestingu að túlka verði ofbeldishugtak nauðgunarákvæðisins á þann veg að það geti tekið til þess þegar maður brýtur gegn barni með því að hafa samræði við það og nýtir sér þannig yfirburðastöðu sína. Dómurinn hefur að því leyti talsvert fordæmisgildi við úrlausn mála í framtíðinni. Loks skal þess getið að telja verður að með honum hafi Hæstiréttur að hluta til vikið frá eldri úrlausn í máli frá 23. apríl 2008, sem ekki gefst tóm til að rekja hér nánar.


# Nýr kostur í sparnaði

**Eignabréf er nýr blandaður** fjárfestingarsjóður sem hentar vel fyrir reglubundinn sparnað. Sjóðurinn hentar vel í langtímasparnað fyrir einstaklinga sem vilja ávaxta hluta af sparnaði sínum í öðrum verðbréfum en ríkisskuldabréfum.

Sjóðurinn fjárfestir í dreifðu safni skuldabréfa, hlutabréfa og hlutdeildarskírteina. Grunnfjárfesting sjóðsins er í verðbréfum með ábyrgð ríkisins. Þannig verður áhættan meiri en í hreinum ríkisskuldabréfasjóðum og vænt ávöxtun til lengri tíma hærri.

**Reglubundinn sparnaður**
Með reglubundnum sparnaði í sjóðum getur þú byggt upp eignasafn með áskrift frá 5.000 kr. á mánuði. Enginn munur er á kaup- og sölugengi í áskrift. Sparnað í sjóðum má alltaf innleysa.

**Eignabréf** – Eignasamsetning 01.01.2012




Eignasamsetning ræðst af fjárfestingarstefnu og markaðsaðstæðum hverju sinni. Fjárfestingarstefnu má finna í útboðslýsingu á landsbankinn.is.

**Komdu við í næsta útibúi,** hringdu í 410 4040 eða sendu okkur póst á fjarmalaradgjof@landsbankinn.is.

Fyrirvari: *Eignabréf* er fjárfestingarsjóður samkvæmt lögum nr. 128/2011 og lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Landsvaki hf. er rekstrarfélag sjóðsins og Landsbankinn hf. vörslufélag hans. Áhætta fylgir ávallt fjárfestingu í sjóðum þar sem gengi þeirra getur bæði hækkað og lækkað. Ávöxtun í fortíð gefur ekki vísbendingu um framtíðarávöxtun. Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna í útboðslýsingu eða útdrætti úr henni á landsvaki.is eða landsbankinn.is. Fjárfestum er bent á að kynna sér útboðslýsinguna áður en fjárfest er í sjóðnum, en þar er meðal annars ítarleg umfjöllun um fjárfestingarstefnu sjóðsins og áhættu sem felst í fjárfestingu í honum.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4040

# Endurskoðun eða uppstokkun?

Ný stjórnarskrá



**Ágúst Þór Árnason**
deildarformaður lagadeildar Háskólans á Akureyri

Eftir að hafa unnið að endurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins í tæpa fjóra mánuði skilaði stjórnlagaráð tillögum sínum í formi frumvarps til Alþingis 29. júlí 2011. Tillagan er umfangsmikil og svo róttæk að segja má að hreyft sé við þorra allra gildandi ákvæða stjórnarskrár.

Við setningu lýðveldisstjórnarskrárinnar 1944 var þágildandi stjórnarskrá aðeins breytt að því marki sem nauðsynlegt var vegna sambandsslitanna við Danmörku og stofnunar lýðveldisins. Ljóst var að flestir sem sæti áttu á Alþingi á þessum tíma töldu rétt að ráðast í frekari endurskoðun stjórnarskrár Íslands þegar ráðrúm gæfist. Minna varð þó úr þeim fyrirætlunum en ætla hefði mátt og vafalítið áttu deilur um fyrirkomulag kosninga og kjördæma sinn þátt í að ekki varð meira úr því verki á upphafsárum lýðveldisins. Aðra ástæðu og líklega ekki síður mikilvæga verður þó að nefna í þessu samhengi, nefnilega þá að nokkuð góð sátt ríkti um helstu þætti stjórnarskrárinnar og óvarlegt var talið að hrófla mikið við grunnstoðum hennar á viðsjárverðum tímum.

Ólíklegt verður að telja að nokkur stjórnmálamaður eða stjórnmálaflokkur hafi á þessum tíma hugleitt það í alvöru að kasta fyrir róða gildandi stjórnarskrá og semja nýja frá grunni. Þjóð og þingi hafði tekist í góðri sátt, þrátt fyrir töluverð átök um leiðir, að koma á þeim breytingum á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands sem þurfti til að koma á lýðveldi með lýðræðislega kjörnum þjóðhöfðingja. Það má því færa að því rök að í fyrirhugaðri heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar 1944 hafi falist ráðagerð um að hún yrði betur látin endurspegla það varfærnislega skref sem þegar hafði verið tekið frá þingbundinni konungsstjórn til lýðveldis.

Í ljósi háværrar gagnrýni á athafnaleysi Alþingis í endurskoðunarmálum er tilefni til að geta þess að á undanförnum áratugum hefur stjórnarskránni verið breytt í ýmsum veigamiklum atriðum (sjá ítarlega umfjöllun Aðalheiðar Ámundadóttur, 2. bindi skýrslu stjórnlaganefndar 2011, bls. 227 o.áfr.). Að frátöldum reglum um kosningar og kjördæmaskipan ber hér hæst þær reglur sem lúta að skipan og starfsemi Alþingis svo og mannréttindi.

Það er vissulega rétt að í áranna rás hefur verið bent á tiltekin atriði sem nauðsynlegt er að skýra í núgildandi stjórnarskrá, bæta við eða jafnvel breyta (sjá t.d. upptalningu í skýrslu stjórnlaganefndar, 1. bindi, bls. 60 o.áfr.). Einnig má segja að breytingar á stjórnarskránni sem farið hafa fram frá lýðveldisstofnun (sbr. einkum reglur um starfsemi Alþingis, setningu bráðabirgðalaga, þingrof og mannréttindi) hafi falið í sér viðbrögð við nokkuð ágreiningslausum annmörkum á ákveðnum sviðum. Hér verður þó að undanskilja breytingar á reglum um kosninga- og kjördæmaskipan sem lengi hefur verið deilt um.

Hins vegar hefur lítið farið fyrir almennri þjóðmálaumræðu eða fræðilegri greiningu út frá stjórnspekilegum og stjórnmálafræðilegum forsendum um það hvernig beri að haga grunnþáttum íslenskrar stjórnskipunar. Af þessu kynni að vera nærlægt að draga þá ályktun að nokkuð góð sátt hafi ríkt um þessa grunnþætti. Deilur um stöðu forseta Íslands, svo og aðkomu þjóðarinnar að tilteknum meiriháttar ákvörðunum (t.d. gerð varnarsamnings við Bandaríkin og aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu), gefa þó vísbendingu um að meðal þjóðarinnar kunni skoðanir að vera skiptar um ýmis stjórnskipuleg grundvallaratriði. Hvað sem þessu líður blasir sú meginniðurstaða við að mjög takmörkuð umræða hefur farið fram um hvort gera eigi grundvallarbreytingar á núgildandi stjórnskipun og þá í hvaða átt.

Vissa um efni stjórnskipunarreglna er hvorki sjálfsögð né auðfengin eins og stundum virðist gengið út frá í almennri umræðu. Þannig má færa að því rök að í skýrum stjórnskipunarreglum sem almennt eru virtar af stofnunum samfélagsins felist veruleg verðmæti sem taka eigi tillit til við endurskoðun stjórnlaga. Fram hjá þessu gildi virðist ítrekað horft í umræðum um endurskoðun stjórnarskrárinnar þessi misserin.

> Vissa um efni stjórnskipunarreglna er hvorki sjálfsögð né auðfengin eins og stundum virðist gengið út frá í almennri umræðu.

Með tillögum stjórnlagaráðs eru lagðar til breytingar á grunnreglum um allar meginstofnanir ríkisins; ný stofnun, Lögrétta, er sett á laggirnar og önnur, Ríkisráð, lögð niður. Þá gera tillögurnar ráð fyrir róttækum breytingum á alþingiskosningum og notkun þjóðaratkvæðagreiðslna. Tillaga stjórnlagaráðs felur þannig í sér róttækustu breytingartillögu á íslenskri stjórnarskrá frá upphafi. Af þessum ástæðum er erfitt að leggja heildarmat á hvers konar efnislegt stjórnskipun myndi leiða af tillögum stjórnlagaráðs og hvort yfirlýstum markmiðum ráðsins, til að mynda um styrking Alþingis, yrði náð. Með hliðsjón af þeim hagsmunum sem hér er um að tefla er brýnt að ítarleg rannsókn fari fram á tillögunni í þeim tilgangi að leggja mat á hvers konar efnislega stjórnskipun hún felur í sér og hver líkleg áhrif hennar yrðu í raun. Fyrr geta í raun ekki skapast forsendur fyrir lýðræðislega umræðu um tillöguna, kosti hennar og galla.




# Konur og samkeppnishæfni Evrópu

Atvinnumál

**Fredrik Reinfeldt**
forsætisráðherra Svíþjóðar

**Helle Thorning-Schmidt**
forsætisráðherra Danmerkur

**Andrus Ansip**
forsætisráðherra Eistlands

**Jyrki Katainen**
forsætisráðherra Finnlands

**Valdis Dombrovskis**
forsætisráðherra Lettlands

**Andrius Kubilius**
forsætisráðherra Litháens

**Jens Stoltenberg**
forsætisráðherra Noregs

**David Cameron**
forsætisráðherra Bretlands

**Jóhanna Sigurðardóttir**
forsætisráðherra Íslands

Efnahagssamdráttur, einkum í Evrópu, hefur verið efst á baugi nær allra alþjóðlegra funda á síðustu tveimur árum. Á fundum þessum höfum við einkum lagt áherslu á að ræða hvernig takast eigi á við efnahagsleg viðfangsefni, svo sem skuldsetningu banka og vaxandi fjárlagahalla. Sjaldan gefst tími til að horfa fram á veginn og ræða hvernig samfélögin geti búið sig undir viðfangsefni komandi tíma eða hvers konar langtíma stefnu við ættum að tileinka okkur til að tryggja börnum og barnabörnum okkar atvinnu, velsæld og sjálfbæran vöxt.

Á leiðtogafundi um framtíðarverkefni í norðanverðri Evrópu í Stokkhólmi dagana 8. og 9. febrúar næstkomandi bindum við vonir við að geta breytt þessu. Níu forsætisráðherrar frá Bretlandi, Norðurlöndunum og Eystrasaltslöndunum hittast þar ásamt leiðandi sérfræðingum á nýrri tegund leiðtogafundar þar sem fylgt verður eftir fyrsta fundinum sem haldinn var í London fyrir ári. Með því að skiptast á hugmyndum og læra af reynslu hvers annars í kappsamlegum og frjálst flæðandi umræðum ætlum við að ræða hvernig endurheimta megi samkeppnishæfni landa okkar, tryggja atvinnu og þann hagvöxt sem velsæld okkar í framtíðinni hvílir á.

Ekki aðeins sameinar landfræðileg lega okkur heldur einnig trú okkar á framtak, nýsköpun og hagvöxt. Það á einnig við það starf sem skilar okkur sameiginlegum markaði, viðskiptasamningum við þá hluta heimsins þar sem vöxturinn er hvað mestur. Jafnframt gildir þetta um viðleitni okkar til að draga úr íþyngjandi regluverki.

En við höfum ekki árangur sem erfiði ef mikilvægur hluti þeirra sem geta unnið hafa ekki tækifæri til þess að leggja sitt af mörkum. Af þeim sökum beinum við sjónum okkar á leiðtogafundinum í þessari viku sérstaklega að tveimur lykilverkefnum sem tryggt geta langtíma hagvöxt og samkeppnishæfni í löndum okkar:

Annars vegar hvernig fá megi konur í ríkari mæli til að stofna eigin fyrirtæki og gegna stjórnunarstöðum í fyrirtækjum. Hins vegar hvernig unnt verði að fá eldra fólk til að taka lengur þátt á vinnumarkaðnum í ljósi þeirra áskorana sem samfélög okkar standa frammi fyrir vegna breytinga á aldurssamsetningu.

Það var fremur undantekning en regla að konur væru á vinnumarkaði þótt ekki sé horft lengra en eina kynslóð til baka. En síðan hefur hljóðlát bylting átt sér stað. Konur eru nálægt helmingur vinnuaflsins í Evrópusambandinu og eru einnig í vaxandi mæli að verða betur menntaðar en karlar. Nálægt 60% háskólamenntaðs fólks í Bandaríkjunum og Evrópu eru konur.

Þrátt fyrir þessa þróun fer því fjarri að hæfileikar kvenna séu að fullu virkjaðir. Konur eru aðeins 31% atvinnurekenda í Evrópu. Enn eru þær í minnihluta í hærri stjórnunarstöðum. Samkvæmt upplýsingum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins er aðeins einn af hverjum tíu stjórnarmönnum í stærstu fyrirtækjunum kona. Þetta á við um fyrirtæki sem skráð eru í kauphöllum aðildarríkja ESB. Misræmið er mest í æðstu störfunum en meðal þeirra sem slíkum störfum gegna eru aðeins þrjú prósent konur. Hér miðar hægt jafnvel þó að rannsóknir sýni að meiri fjöldi kvenna í stjórnunarstöðum og góður árangur fyrirtækja fylgist að.

Á fundi okkar í Stokkhólmi ætlum við hlýða á reynslu hver annars og ræða mismunandi leiðir að því marki að fleiri konur fáist til atvinnurekstrar og í leiðandi stöður. Svo mikið er víst að ef við legðum okkur betur fram við að virkja að fullu möguleika kvenna á vinnumarkaði ykist þjóðarframleiðslan verulega um alla Evrópu. Skoðun okkar er skýr: Við höfum ekki efni á að láta slíkt framhjá okkur fara.

Annað viðfangsefni okkar í umræðunum í Stokkhólmi snýr að mikilvægum lýðfræðilegum umskiptum í samfélögum okkar og afleiðingum þeirra. Árið 1950 voru lífslíkur á heimsvísu um 46 ár. Nú hafa þær hækkað að meðaltali í 70 ár og nærri því 80 ár innan Evrópusambandsins. Hér er um ótrúlega þróun að ræða. Hún tryggir einstaklingnum lengri og ríkulegri ævidaga. Hún leggur hins vegar þungan byrðar á ríkisvaldið þegar saman fara lág fæðingartíðni og lífeyriskerfi sem þarfnast endurbóta. Æ færri af yngri kynslóðinni, sem stundar atvinnu og greiðir skatta, þurfa að bera uppi vaxandi fjölda eldri borgara.

Reynslan sýnir að í stað þess að hækka lífeyrisaldur megi hvetja eldra fólk til að vera lengur úti á vinnumarkaðinum. Margir eldri borgarar fagna þessu, sér í lagi þar eð margir þeirra búa við góða heilsu, jafnvel á áttræðisaldri. Málið snýst í raun frekar um að breyta viðhorfum og viðmiðum annarra aldurshópa í samfélaginu. Til að mynda mætti einnig athuga hvernig breyta má menntun og starfsframakerfum til að auðvelda fólki að hefja störf á nýjum vettvangi. Laga má vinnuskilyrði að þessu og gera vinnutímann sveigjanlegri.

Á leiðtogafundinum um framtíðarverkefni í norðanverðri Evrópu ætlum við að ræða öll þessi álitaefni í því skyni að stuðla að atorkusemi eldri borgara og samfélagi fyrir allar kynslóðir.

Af hálfu leiðtogafundar um framtíðarverkefni í norðanverðri Evrópu ætlum við að varpa ljósi á umrædd viðfangsefni, deila reynslu okkar og beina sjónum að tilraunum til að brjóta niður þá múra sem hamla því allt of oft enn þá að konur og eldra fólk fái svalað metnaði sínum í störfum sínum. Þetta eru viðfangsefni sem allt of sjaldan gefst tími til að ræða á alþjóðlegum samkomum.

Þetta eru viðfangsefni sem leiðtogafundur um framtíðarverkefni í norðanverðri Evrópu tekur til athugunar með einstæðum hætti. Boðskapur okkar er skýr – svörin skipta sköpum fyrir þann vöxt og samkeppnishæfni sem Evrópa þarf svo sárlega á að halda.



# KAUPI GULL

Magnús Steinþórsson gullsmíðasmeistari er að kaupa
gull, gullpeninga og gullskartgripi.
Einnig veiti ég góð ráð og upplýsingar.

**Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið.**

Skoðunarkannanir sýna að við borgum best, gerið verðsamanburð.

*Verið velkomin*



**Magnús Steinþórsson • Upplýsingar í síma 699 8000**
**Pósthússtræti 13 101 Reykjavík**

# Borgin mismunar í framlögum til félagsstarfs

Samfélagsmál

Guðmundur G. Kristinsson
félagsforingi skátafélagsins Hamars



Borgaryfirvöld styðja að mörgu leyti vel við bakið á frjálsri félagastarfsemi barna og unglinga í borginni, en gera það því miður á ósanngjarnan hátt. Sú mismunun sem er í fjárframlögum Reykjavíkurborgar til barna- og unglingastarfs eftir mismunandi félagsstarfsemi er algjörlega óásættanleg. Hvers vegna ætti barn eða unglingur í Reykjavík sem tekur þátt í skátastarfi að fá minni stuðning frá Reykjavíkurborg en barn sem tekur þátt í öðru félagsstarfi? Foreldrar barna í skátastarfi eru að greiða sömu skatta og foreldrar barna í öðru félagsstarfi og eiga því rétt á sama framlagi fyrir sín börn.

Framlag til skátafélaga í Reykjavík var um 20 milljónir króna á árinu 2010, en framlög til íþróttafélaga á sama ári um kr. 714 milljónir. Ef þessum framlögum er skipt niður á hvern þátttakanda undir 18 ára aldri kemur í ljós að framlög á hvern þátttakanda í íþróttum var yfir kr. 100 þúsund, en framlög á hvern þátttakanda í skátastarfi bara um kr. 30-40 þúsund. Reykjavíkurborg er með þessu að mismuna þeim börnum sem stunda skátastarf í Reykjavík um kr. 60-70 þúsund á hvert barn.

Þetta ásamt fleiru hefur skapað stöðnun í skátastarfi í Reykjavíkurborg í heilan áratug og það er kominn tími til að skátastarf njóti sannmælis í framlögum frá borginni í samanburði við aðra félagastarfsemi.

Skátastarf á Íslandi og þar með skátastarf í Reykjavík er 100 ára á þessu ári og það væri góð afmælisgjöf Reykjavíkurborgar til skáta í Reykjavík að setja þá jafnfætis annarri félagsstarfsemi í framlögum í húsaleigustyrkjum, ferðastyrkjum, rekstrarstyrkjum, afreksstyrkjum, byggingastyrkjum, æfingagjaldastyrkjum og öðru. Þar að auki er starfsemi skátafélaga í Reykjavík víða rekin í húsnæði sem er hættulegt vegna ónógs viðhalds, liggur undir skemmdum, hentar ekki starfinu, orðið allt of lítið og jafnvel er ekki samþykkt sem húsnæði undir fyrirliggjandi starfsemi.

Sanngjarn stuðningur borgarinnar við skátastarf mundi efla framlag sjálfboðaliða til mikilla muna. Það hefur lengi verið erfitt að fá inn sjálfboðaliða vegna of mikilla verkefna og skátafélögin hafa ekki haft burði til að styðja við bakið á þessu sjálfboðaliðastarfi. Sanngjarn fjárhagslegur stuðningur við skátastarfið mundi auka verulega möguleika skátafélaga til að halda úti starfsfólki til að vinna með sjálfboðaliðum og auðvelda verulega uppbyggingu á skátastarfi í Reykjavík. Einnig hefur verið erfiðara að fá sjálfboðaliða til starfa þegar húsnæði er ekki að uppfylla lágmarkskröfur til að hægt sé að standa vel að skátastarfinu.

> Hvers vegna ætti barn eða unglingur í Reykjavík sem tekur þátt í skátastarfi að fá minni stuðning frá Reykjavíkurborg en barn sem tekur þátt í öðru félagsstarfi?

Skátastarf er í eðli sínu forvarnarstarf sem styrkir börn og unglinga til sjálfstæðis og þroska til að takast betur á við lífið. Jafningjafræðsla er sterkasta vopnið gegn sívaxandi ógn vímuefna, en jafningjafræðslan er einmitt sá grunnur sem skátastarfið byggir á. Besta forvörnin í umhverfi barna og unglinga er að byggja upp hjá þeim styrk og sjálfstæði til að segja nei og velja rétt þegar á þarf að halda.

Ég skora á borgaryfirvöld að leiðrétta þann mismun sem er á framlögum til skátastarfs í Reykjavík og leggja með því grunn að því að efla verulega þátttöku barna og unglinga í þessu frábæra félagsstarfi sem skilar sjálfstæðum og ábyrgum einstaklingum inn í framtíðarsamfélag okkar. Aukin fjárframlög Reykjavíkurborgar til skátastarfs í Reykjavík er fjárfesting í mannauði sem skilar sér margfalt til baka.




# Sagan um neysluhléið

Menntamál

Lilja Eyþórsson
leikskólastjóri



Á góðæristímum Íslands voru miklir erfiðleikar við að manna leikskólana. Það var næga vinnu að fá hér á höfuðborgarsvæðinu og leikskólastarf var ekki samkeppnishæft í launum og hefur það lítið breyst. Leikskólaþjónusta var skert, börn voru ekki tekin inn og stundum voru þau send heim vegna manneklu. Leikskólastjórar létu margoft í sér heyra um að það þyrfti að gera eitthvað í launamálum starfsmanna. Foreldrar kölluðu eftir öryggi með leikskólaþjónustu.

Síðla árs 2007 stigu hugrakkir stjórnmálamenn hjá Reykjavíkurborg fram og sýndu í verki að þeir vildu virkilega leita leiða til þess að gera starfsumhverfi leikskólanna samkeppnishæfara. Ákveðið var að greiða öllum starfsmönnum sem vinna á leikskólum og borða með börnunum í hádeginu að hámarki 10 tíma umfram kjarasamninga undir heitinu neysluhlés-greiðslur. Starfsmenn fengu þessar greiðslur óháð því hvaða stéttarfélagi þeir tilheyrðu, en í leikskólum starfar fólk sem er í allt að 6 stéttarfélögum. Allir starfsmenn fengu þessar greiðslur nema starfsfólk í eldhúsi og leikskólastjórar.

### Hrunið

Hrunið kom haustið 2008. Þá sögu þekkja flestir, enda hefur niðurskurður og hagræðing ekki farið framhjá borgurum þessa lands. Hjá Leikskólasviði Reykjavíkurborgar var víðtæk samstaða um mikilvægi þess að vernda þessar greiðslur og finna aðrar leiðir til að hagræða í rekstrinum. Við gerð fjárhagsáætlana var margoft farið yfir kostnaðinn og leitað leiða til að halda greiðslunum inni. Leikskólastjórar telja að það hafi verið færðar „fórnir“ til þess að vernda þetta neysluhlé fyrir ALLA starfsmenn t.d. með því að minnka afleysingu í leikskólum og sameina leikskóla og draga þannig úr kostnaði í stjórnun.

### Staðan í dag

Það kom eins og þruma úr heiðskíru lofti að það var vegið að leikskólakennurum en ekki öðrum starfsmannahópum þegar borgarstjórn samþykkti að segja leikskólakennurum upp neysluhléinu en eins og áður segir – ekki öðrum starfsmönnum. Leikskólastjórnendur mótmæltu þessu kröftuglega m.a. með því að afhenda borgarstjóra undirskriftalista þar sem skorað er á borgaryfirvöld að hætta við þessa gjörð og sýna í verki að störf leikskólakennara séu metin að verðleikum. Yfir 90% stjórnenda í leikskólum skrifuðu undir þessa áskorun.

Rétt fyrir jól voru leikskólastjórar boðaðir á fund með yfirmanni skólamála og þeim tilkynnt að þeir ættu að fylgja eftir ákvörðun borgarráðs og segja upp hluta af þessum yfirvinnutímum eingöngu hjá félagsmönnum í Félagi leikskólakennara. Leikskólastjórar fengu skýrar leiðbeiningar um hvernig skyldi staðið að þessu, m.a. staðlað uppsagnarbréf sem leikskólakennarar áttu að kvitta fyrir móttöku á eða senda það í ábyrgðarpósti til þeirra.

Borgaryfirvöld hafa borið því við að leikskólakennarar hafi fengið svo „góðan“ kjarasamning núna síðast og í samningaferlinu hafi verið rætt um að þegar ákveðnar launahækkanir kæmu, þá færu út neysluhléstímarnir hjá leikskólakennurum í Reykjavík. Formaður Félags leikskólakennara hefur mótmælt þessu og segir að ekkert slíkt samkomulag hafi verið gert. Í kjarasamningi leikskólakennara er engin bókun eða athugasemd um þetta neysluhlé, enda er það ekki hluti af kjarasamningi, heldur ákvörðun borgarstjórnar á sínum tíma (2007) til þess að sýna í verki að þeir meti störfin í leikskólum.

Þetta verkefni, þ.e. að afhenda félagsmönnum í einu félagi af mörgum uppsögn á kjörum, stríðir gegn sannfæringu og gildum mínum um að jafnræði sé haft að leiðarljósi í kjörum starfsmanna.

Leikskólakennarar eru eina fagmenntaða starfsstéttin sem hefur löggildingu í að vinna að uppeldi og menntun barna á leikskólaaldri og því ætti að hlúa að þeim frekar en að skerða kjör þeirra. Hlutfall þeirra er aðeins um 32% hjá Reykjavíkurborg, eitt það lægsta á höfuðborgarsvæðinu og víðar.

Leikskólinn er náinn vinnustaður þar sem unnið er að uppeldi og menntun barna undir handleiðslu leikskólakennara. Því skýtur skökku við að einn hópur umfram aðra er að fá uppsögn á sínum kjörum. Að öllum líkindum mun það hafa mikil áhrif á starfsanda vinnustaðarins og skapa ójafnvægi milli þeirra hópa sem hafa verið með sömu kjör þ.e. neysluhléið. Það er mikil hætta á að það muni hafa áhrif til hins verra í gæðum á leikskólastarfinu.

> Ég sem leikskólastjóri tel mér skylt að standa vörð um hagsmuni barna og allra starfsmanna leikskólans.

Í rúmlega 17 ár hef ég gegnt starfi leikskólastjóra í Klettaborg og sinnt því alla tíð af alúð og kostgæfni og borið virðingu fyrir starfsmönnum mínum óháð aðild þeirra að stéttarfélagi. Þá hef ég alla tíð lagt mig fram við að framfylgja stefnu Reykjavíkurborgar. Ég sem leikskólastjóri tel mér skylt að standa vörð um hagsmuni barna og allra starfsmanna leikskólans. Með því að undirrita, afhenda uppsagnarbréfið og fá staðfestingu á móttöku þess hjá félagsmönnum F.L. myndi ég vera að samþykkja þessa aðgerð, það stríðir gegn sýn minni á jafnræði.

Ég efast um lögmæti þessa gjörnings og gat þar af leiðandi ekki framkvæmt hann.

# Að fermast upp á Faðirvorið

Menntamál

Sighvatur Björgvinsson
fv. ráðherra



Þær fréttir berast úr íslenska grunnskólakerfinu að fjórði hver drengur sem útskrifast geti ekki lesið sér til skilnings. Sé ólæs. Árleg útgjöld samfélagsins vegna náms í grunnskóla nema að því sagt er 1,3 milljónum á hvert grunnskólabarn. Eftir 10 ára nám í grunnskóla er samfélagið sem sé búið að verja 13 milljónum króna til kennslu hvers grunnskólabarns. Og fjórði hver drengur kann ekki að lesa!

Fyrir röskum 100 árum, þegar skólastofnanir voru fáar til, var eitt af þýðingarmestu hlutverkum presta að fylgjast með uppfræðslu ungmenna. Gerðar voru þær kröfur til sérhvers ungmennis, sem undirgekkst fermingu – auk utanaðbókarlærdóms sem nú er víst bannaður í grunnskólakerfinu – að viðkomandi væri læs og gæti lesið sér til skilnings. Prestar gengu eftir því að námið, sem fram fór að mestu á heimilum, skilaði þeim árangri. Væri fermingardrengur ólæs eða gæti ekki lesið texta sér til skilnings fékkst sá hinn sami ekki fermdur. Þótti það mikil skömm. Sumir, sem ekki náðu tilskildum árangri, voru víst „fermdir upp á Faðirvorið“ – þ.e. þeir urðu þá að sýna að þeir kynnu þó Faðirvorið utanbókar. Nú má víst ekkert læra utanbókar í grunnskólum – a.m.k. ekki margföldunartöfluna! Fjórði hver fermingardrengur hefði því ekki fengist fermdur fyrir svo sem eins og hundrað árum. Ekki einu sinnu „upp á Faðirvorið“. Samt er samfélagið búið að verja 13 milljónum króna í uppfræðslu hvers og eins!

Hvað veldur? Okkur er gjarna sagt að skýringin sé skortur á menntun kennara. Grunnmenntun þeirra þurfi nú að verða meistaragráða á háskólastigi. Þá muni allt blessast.

Þegar ég og jafnaldrar mínir vestur á Ísafirði – í 2.500 manna bæjarfélagi – vorum í barnaskóla var enginn kennara okkar með svo mikið sem grunnpróf úr háskóla. Allir með kennarapróf úr framhaldsskóla (Kennaraskóla Íslands). Voru þeir þá allir óhæfir til kennslu? Faðir minn, móðir mín, Björn skólastjóri, Jónína kona hans, Jón H., Matthías, María, Garðar – og öll þau hin. Samt man ég ekki eftir einum einasta samnemanda, sem ekki gat skilað lágmarksárangri í lestri löngu fyrir brottfararpróf úr barnaskóla. Ekki eftir einum einasta nemanda, sem ekki gat skilið almennan íslenskan texta. Ekki eftir einum einasta nemanda, sem úrskurðaður var lesblindur, skrifblindur eða þá „reikningsblindur” (sem ekki kunni t.d. að gefa rétt til baka í verslun ef sjóðvél var ekki til staðar eins og nú er nær daglegur viðburður).

> Hætt er við að vandi grunnskólakerfisins stafi ekki af menntunarskorti kennara.

Síðan þá hafa verið auknar kröfur um menntun kennara. Nú er krafist háskólamenntunar til þess að þeir megi kenna börnum. Stendur þá námsárangur barna í grunnskóla í öfugu hlutfalli við námskröfur til kennaranna? Slíkt mætti halda á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga. Samt er það ekki svo. Örugglega ekki.

Ég get ekki fellt dóma byggða á eigin reynslu. Ég get aðeins vitnað til þess, sem foreldrar mínir sögðu mér þegar gerbreytingar stóðu yfir á íslenska skólakerfinu. Þegar hætt var að krefjast þess af grunnskólabörnum, að námið skilaði árangri. Þegar hætt var að krefjast þess, að þau sýndu jafnaðarlega fram á námsárangur í lestri, í skrift, í reikningi, í hæfni til þess að leggja minnisatriði á minnið og bera árangur sinn saman við árangur annara. Þegar þetta allt var bannað sagði faðir minn við mig: „Þetta mun hafa skelfilegar afleiðingar á grunnskólann. Þegar búið er að taka burtu alla mælikvarða á námsárangur, búið að fella niður allar kröfur um að námið skili árangri og búið að fella brott alla möguleika kennara á að stýra börnum í námi, þá munu menn uppskera í samræmi við það.“ Nú uppskera menn. Verður það svo bætt með því að auka menntunarkröfurnar til kennara? Gera þá t.d. alla að doktorum? Eða banna tölvur?

Hætt er við að vandi grunnskólakerfisins stafi ekki af menntunarskorti kennara. Hætt er við að sá vandi stafi fremur af skorti á heilbrigðri skynsemi þeirra, sem ferðinni ráða.



**Lífshlaupið** hefur verið ræst í fimmta sinn. Markmiðið er að hvetja almenning til þess að hreyfa sig og huga að sinni daglegu hreyfingu í frítíma, heimilisstörfum, vinnu, skóla og við val á ferðamáta. Nánar á vefslóðinni http://www.lifshlaupid.is.


# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar:** Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Snorri Snorrason snorris@365.is 512 5457













**Guðmundur Vigfússon brettakappi stundar sjóbretti við Íslandsstendur jafnt sumar, vetur, vor og haust.**

# Andlega upplífgandi

Rétt eins og brimbretti gefa sjóbretti frískandi upplifun og fylla mann andlegri jákvæðni og orku," upplýsir Guðmundur Vigfússon, frumkvöðull í iðkun sjóbretta á íslenskum sjó og vötnum.

Mummi, eins og hann kallar sig, er brettamaður með stórum staf því hann hefur árum saman stundað hjólabretti, snjóbretti, brimbretti, langbretti, sjóbretti og bretti knúin áfram með flugdrekum.

;FRAMHALD | 3



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






**Saffran** hefur gert styrktarsamning við íslenska íþróttamenn sem stefna að þátttöku á Ólympíuleikunum í London í sumar. Hver og einn á tímabundið sinn rétt á matseðli. Fyrir hvern seldan rétt leggur veitingastaðurinn til mótframlag í styrktarsjóð viðkomandi íþróttamanns.


STAFGANGA Í LAUGARDAL
Stafgöngunámskeið hefjast 14. febrúar 2012
BYRJENDANÁMSKEIÐ: Þriðjudaga & fimmtudaga, kl. 17:30.
FRAMHALDSHÓPUR: Þriðjudaga & fimmtudaga, kl. 17:30.
Skráning & nánari upplýsingar á: www.stafganga.is
- Stafganga -
Áhrifarík leið til líkamsræktar
GUÐNÝ ARADÓTTIR, stafgönguþjálfi. Sími: 616 85 95.
JÓNA H. BJARNADÓTTIR, stafgönguþjálfi. Sími: 694 35 71.





YOGA
LÓTUS YOGASETUR
Byrjendanámskeið hefst 13. feb
Krakkayoga hefst 11. feb
Fjölbreyttir framhaldstímar
Hugleiðsla alla miðvikudaga frítt
Ásta Arnardóttir asta@this.is
s: 8626098 www.this.is/asta


# Fæðingarþjálfarar vinsælir

**Þjónusta „fæðingarþjálfara" eða „doula" er tiltölulega ný af nálinni hér á landi. Þjónusta af þessu tagi er þó að sækja í sig veðrið og segir Soffía Bæringsdóttir hóp lærðra doula á Íslandi fara stækkandi.**

„Við höfum verið tvær virkar „doulur" hér á landi síðasta ár en í haust sóttu þrettán manns doulunámskeið hjá Penny Simkin, stofnanda Doulusamtaka Bandaríkjanna. Við erum því stækkandi hópur," útskýrir Soffía Bæringsdóttir doula en hún stóð fyrir því að fá Penny Simkin hingað til lands.

Sjálf hefur Soffía starfað sem doula frá árinu 2008 og segir mikinn kipp hafa komið í eftirspurn eftir þjónustu hennar á síðasta ári. En hvert er hlutverk doulu?

„Doula er stuðningur við konu og fjölskyldu hennar fyrir, í og eftir fæðingu. Brandarinn er að ég sé eins og þjálfari á hliðarlínunni sem öskrar, „áfram, þú getur þetta," sem lýsir ágætlega inntakinu," útskýrir Soffía. Hún ítrekar að stuðningur doulu felist í andlegum stuðningi, hún komi ekki í stað ljósmóður eða læknis.

„Það má segja að doula sé millistigið á milli mömmu viðkomandi og heilbrigðisstarfsmanni, einhver sem styður við tilfinningar og leiðbeinir á jafningjagrundvelli. Doula veitir algjörlega samfellda þjónustu og við reynum að hlúa að því að fæðingarreynsla fjölskyldunnar verði sem best. Við tökum ekki afstöðu til fæðingarinnar sem slíkrar."

Spurð hvernig viðtökur doula fái frá ljósmæðrum og starfsfólki innan heilbrigðissviðs segist Soffía aldrei hafa fengið neikvæð viðbrögð. „Ég hef fengið miklu betri móttökur en ég þorði að vona. Auðvitað hef ég fengið spurningar eins og hvort raunverulega sé þörf fyrir mig en ekki á neikvæðan hátt, frekar af forvitni. Ég fæ líka oft að heyra frá ljósmæðrum að ég geri starf þeirra auðveldara."

Soffía segir þá sem leita aðstoðar doulu koma úr öllum áttum og ekki einskorðast við konur sem eigi erfiðar fyrri fæðingar að baki, frumbyrjur leiti einnig eftir aðstoð hennar. Með aukinni eftirspurn stendur nú til að stofna félag kringum doulur á Íslandi þar sem hægt verður að leita upplýsinga. „Það er í burðarliðnum," segir Soffía. Heimasíða Soffíu er www.doula.is. *heida@frettabladid.is*



Soffía Bæringsdóttir doula segir hlutverk doulu að veita andlegan stuðning fyrir, í og eftir fæðingu.


LAGERHREINSUN Á KJÓLUM
50-70% AFSLÁTTUR
AF VÖLDUM SÍÐKJÓLUM, STUTTUM SPARIKJÓLUM, KJÓLUM, SKOKKUM.
AÐEINS ÞRIÐJUDAG OG MIÐVIKUDAG.
TILVALIÐ FYRIR ÁRSHÁTÍÐINA.







FLASH
Laugaveg 54, sími: 552 5201
Fleiri myndir á Facebook Vertu vinur


## Lífsstílsbreyting til frambúðar

**Á námskeiðinu 10 árum yngri á 4 vikum er fjallað um mat, vítamín og bætiefni sem efla heilsu og hraustlegt útlit.**

Þorbjörg Hafsteinsdóttir heldur námskeiðið 10 árum yngri á 4 vikum í Lifandi markaði í Borgartúni 24 en það hefst í kvöld. Á námskeiðinu fjallar hún um hvers konar matur, vítamín og bætiefni viðhalda best æsku og lífsþrótti.

Námskeiðið er haldið á hverjum mánudegi í fjórar vikur, frá 6. febrúar til 5. mars. Innifalið eru þriggja klukkustunda fyrirlestrar með Þorbjörgu, bækur Þorbjargar 10 árum yngri á 10 vikum og Matur sem yngir og eflir, millibiti og drykkjarföng á hverjum fyrirlestri, mataráætlun fyrir hverja viku, tíu prósenta afsláttur í Lifandi markaði meðan á námskeiði stendur og aðhald, hópefli og svar við spurningum á lokuðu svæði á Facebook.

Þorbjörg er hjúkrunarfræðingur að mennt og næringarþerapisti og hefur rannsakað mataræði og nútímalífsstíl í yfir tuttugu ár. Í bókum sínum fjallar hún um niðurstöðurnar. *Nánar á www.lifandimarkadur.is.*



Þorbjörg Hafsteinsdóttir hefur rannsakað áhrif mataræðis á heilsu. Hún miðlar af reynslu sinni á námskeiði í Lifandi markaði.


FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN LÍFIÐ SJÓNVARP
TAKTU VÍSI Á HVERJUM MORGNI!
vísir





Viltu breyta mataræðinu
til batnaðar á einfaldan og öfgalausan hátt?
INGA KRISTJÁNSDÓTTIR næringarþerapisti D.E.T. kennir ykkur hve einfalt það getur verið að bæta mataræðið og hvaða ráð hún hefur til þess.
Þriðjudaginn 21. febrúar
kl. 18:30 - 21:00 í Heilsuhúsinu
ÞETTA ER EKKI FLÓKIÐ! Inga er búin að halda yfir 40 fyrirlestra um efnið enda nálgunin einföld, skýr og hentar öllum sem áhuga hafa á breyttum lífsháttum.
FARIÐ VERÐUR MEÐ EINFÖLDUM HÆTTI YFIR:
• Hverju er hægt að skipta út og hvað kemur þá í staðinn
• Hvernig hægt er að þekkja muninn á hollri og skaðlegri fitu
• Hvernig þú getur haldið fullri orku allan daginn og losnað við sykurþörf og þreytuköst
Staður og stund: Heilsuhúsið Lágmúla 5, kl. 18:30 - 21:00
Kennslugögn og uppskriftamappa!
Innifalið er mappa með uppskriftum og fróðleik. Verð: 4.900 kr. Nánari upplýsingar og skráning í síma 8995020 eða á inga@inga.is
www.heilsuhusid.is
heilsuhúsið




ÞRIÐJUDAGUR 7. FEBRÚAR 2012

# STOÐTÆKI &SJÚKRAÞJÁLFUN



**Kynningarblað**

Gervilimir í gegnum tíðina, sjúkraþjálfun, hópþjálfun, fótaspelka Eames-hjónanna og afrek Oscars Pistorius



# Gervilimir liðinna alda

**Allt frá tímum Forn-Egypta hefur mannskepnan reynt að bæta sér upp tapaða útlimi. Þróunin í slíkum gervilimum hefur verið undraverð, sérstaklega á tímum tæknialdar. Baráttan heldur áfram og spennandi tímar eru fram undan.**

Saga gervilima nær allt aftur til ársins 2700 fyrir Krist en fornleifafræðingar hafa fundið spelku frá þeim tíma. Egyptar hafa greinilega verið frumkvöðlar á þessu sviði en einnig hefur fundist gervitá á líki frá 16. öld fyrir Krist.

Elsta skrifaða heimildin um gervilim er frá um 500 fyrir Krist. Þá skrifaði gríski sagnfræðingurinn Heródótus um gríska spámanninn Hegesistratus sem slapp úr fangelsi með því að skera af sér fótinn. Hann hafi síðan notað gervifót úr við. Þá hefur fundist rituð heimild frá árabilinu 50-100 þar sem sagt er frá rómverskum hershöfðingja sem missti hönd í bardaga. Til að geta haldið áfram hermennsku lét hann útbúa hönd úr járni til að halda uppi skildinum. Gottfried „Götz“ von Berlichingen (1480-1562) varð frægur fyrir járnhönd sína. Hann var mikill hermaður en missti hönd í bardaga árið 1504 en fékk í staðinn mjög framúrstefnulega gervihönd sem gerði honum kleift að halda á allt frá sverði til penna.

Árið 1529 kynnti franski skurðlæknirinn Ambroise Pare (1510-1590) aflimun sem leið til að bjarga mannslífum. Fljótlega fór hann að þróa gervilimi með vísindalegum hætti. Hann fann upp nýjar leiðir til að útbúa gervifætur en hannaði einnig gerviaugu úr gulli, silfri, postulíni og gleri.

Árið 1863 þróaði Dubois L. Parmelee frá New York borg nýja leið til að festa gervilimi við stúfa. Hann notaði hólk á gerviliminn sem hann festi við stúfana með loftþrýstingi. Hann var reyndar ekki sá fyrsti til að reyna það en sá fyrsti sem tókst það vel upp.

Árið 1946 varð mikil framþróun í festingum gervifóta. Soghólkur fyrir fætur sem aflimaðir höfðu verið fyrir ofan hné var hannaður í háskólanum í Kaliforníu og Berkeley háskóla. Árið 1975 leysti Ysidro M. Martinez mörg vandamál við gervifætur sem festir voru fyrir neðan hné. Martinez hafði sjálfur misst útlim. Í stað þess að reyna að líkja eftir raunverulegum fæti með liðum, ökkla og il fór hann aðra leið og hannaði útlim úr léttu efni sem nýttist notandanum mun betur.

Framþróunin í gervilimum síðustu áratuga hefur verið gífurleg. Þeir sem misst hafa útlim eða fæðst án þeirra hafa um margt að velja auk þess sem hægt er að fá gervilimi fyrir mismunandi tilefni. Læknisfræðin og stoðtækjafræðin heldur áfram að þróast og með aukinni tölvutækni og gervigreind er ljóst að við eigum enn eftir að sjá stórkostlegar framfarir á næstu árum.


Gervitá úr við og leðri sem fannst á líki í Egyptalandi. NORDICPHOTOS/GETTY


Gervihönd úr járni frá sautjándu öld. Slíkar hendur gerðu handalausum hermönnum kleift að halda áfram á skjöldum sínum.


Nútímagervifætur spretthlaupara.


Breskur maður með gervifót um aldamótin 1900. NORDICPHOTOS/GETTY





VIÐ VILJUM AÐSTOÐA ÞIG



Stoðtækjaþjónusta Össurar á Íslandi hefur nú flutt í nýtt og glæsilegt húsnæði að Grjóthálsi 1–3.

Stoðtækjaþjónusta Össurar veitir bæði sérfræðiráðgjöf og sérhæfða stoðtækjaþjónustu auk þess að bjóða úrval af stöðluðum spelkum.

Tekið er á móti tímapöntunum og fyrirspurnum í síma 515-1300 frá kl. 8:30 til 16:00 alla virka daga eða á netfangið mottaka@ossur.com.

VERIÐ VELKOMIN

WWW.OSSUR.IS

ÖSSUR
Life Without Limitations


## *Hófu ferilinn með hönnun tréspelku*

Hjónin Charles og Ray Eames eru þekktust fyrir hönnun húsgagna, arkitektúr og kvikmyndagerð. Þau lögðu þó einnig sitt af mörkum til hönnunar stoðtækja á fimmta áratugnum en fótspelka úr mótuðum krossvið var fyrsta fjöldaframleidda varan þeirra.

Fótspelkuna bjuggu þau til sjálf með heimasmíðaðri mótapressu í aukaherbergi í leiguíbúð sinni í Los Angeles árið 1941. Þau tóku gifsmót af fætinum á Charles sjálfum og hönnuðu spelkuna út frá því. Þau smíðuðu fyrstu eintökin úr krossvið og trélími sem Charles laumaði heim úr vinnu sinni sem leikmyndahönnuður í MGM kvikmyndaverinu. Ári síðar pantaði Bandaríski herinn 5000 spelkur og hjónin fluttu framleiðsluna úr herberginu í leiguíbúðinni í stórt stúdíó. Árin sem á eftir komu hönnuðu þau fjölda stóla með þessari sömu tækni, sem eru í dag með eftirsóttari húsgögnum inn á heimili.


Spelka Eames-hjónanna fyrir bandaríska herinn sem þau mótuðu úr krossvið með heimasmíðaðri pressu árið 1941.

# Sérsniðin meðferðarúrræði

**Styrkur sjúkraþjálfun ehf. að Höfðabakka 9 býður alla almenna sjúkraþjálfun, hópþjálfun og aðgang að tækjasal. Hjá fyrirtækinu starfa sérhæfðir sjúkraþjálfarar með framhaldsmenntun og áralanga reynslu að baki sem taka vel á móti breiðum hópi viðskiptavina með ólíkar þarfir.**

Styrkur sjúkraþjálfun ehf. að Höfðabakka 9 hefur verið starfandi frá mars 1999. Fyrirtækið býður alhliða sjúkraþjálfun, hópþjálfun og státar af rúmgóðum og björtum tækjasal. Baldur Gunnbjörnsson, sjúkraþjálfari hjá Styrk, er öllum hnútum kunnugur um fagið og starfsemina.

„Sjúkraþjálfun er einstaklingsmiðuð meðferð, hvort sem viðkomandi nýtur þjónustu sjúkraþjálfara á bekk eða ráðgjöf og leiðbeiningar varðandi breytni svo sem á vinnuaðstöðu eða hreyfingu,“ segir Baldur og nefnir sértæka æfingameðferð, mjúkpartameðferð, leiðréttingu á líkamsstöðu, liðlosun, stöðugleikaþjálfun, bylgju og rafstraumsmeðferð og nálastungur sem dæmi um meðferðir sjúkraþjálfara. „Þess má geta að þeir viðskiptavinir sem eru í meðferð hjá sjúkraþjálfara og nýta sér tækjasalinn aðra daga fá kort í tækjasalinn á lægra mánaðargjaldi.“

Hópmeðferðir segir Baldur ýmist taka mið af sérþörfum ákveðinna sjúklingahópa á meðan aðrir hópar standi almenningi til boða. Í því samhengi nefnir hann hópþjálfun hjartasjúklinga, vefjagigtarleikfimi, færni og jafnvægishópa. Karlatímar séu svo nýjasta viðbótin. „Námskeiðið kallast dagskammtur og byggist upp á kröftugum þol- og styrktaræfingum. Það miðast við að karlar geti komið í hádeginu og sinnt sinni daglegu þörf á hreyfingu á hálftíma.“

Að sögn Baldurs sækir stöðina gríðarlegur fjöldi fólks með ólíkar þarfir á hverjum degi. „Þetta er allt frá börnum og unglingum upp í fólk með langvinna sjúkdóma,“ segir hann og upplýsir að á bilinu 100 til 150 manns mæti í sjúkraþjálfun daglega. Annar eins fjöldi stundi hópþjálfun og noti tækjasal. „Sjúkraþjálfarar í Styrk taka vel á móti þeim sem til þeirra leita.“

Allar frekari upplýsingar segir hann hægt að nálgast á vefsíðu fyrirtækisins, á slóðinni www.styrkurehf.is.




Að sögn Baldurs sækir stöðina gríðarlegur fjöldi fólks með ólíkar þarfir á hverjum degi. „Þetta er allt frá börnum og unglingum upp í fólk með langvinna sjúkdóma.“ MYND/GVA



Pistorius keppti fyrstur fatlaðra frjálsíþróttamanna á heimsmeistaramóti ófatlaðra í fyrra.

NORDICPHOTOS/GETTY

## *Stefnir á Ólympíuleikana í London*

- Spretthlauparinn Oscar Pistorius, frá Suður-Afríku, er fæddur árið 1986. Hann fæddist fótalaus en hleypur á gervifótum frá íslenska stoðtækjaframleiðandanum Össuri.

- Hann er stundum kallaður „The fastest man on no legs“ eða fljótasti maðurinn án fóta. Hann hefur líka verð nefndur blöðkumaðurinn.

- Hann á heimsmet fatlaðra í 100, 200 og 400 metra hlaupi.

- Alþjóða frjálsíþróttasambandið úrskurðaði árið 2008 að Pistorius fengi ekki þátttökurétt í ólympíuleikum ófatlaðra í Peking sama ár á þeirri forsendu að gervifætur hans gæfu honum forskot á aðra íþróttamenn. Áfrýjunardómstóll hnekkti þeirri ákvörðun og fékk Pistorius þátttökurétt að því tilskyldu að hann næði tilsettu lágmarki, sem hann gerði ekki. Hann vann hins vegar gullverðlaun í 100, 200 og 400 metra hlaupi á Ólympíuleikum fatlaðra sama ár.

- Pistorius keppti fyrstur fatlaðra frjálsíþróttamanna á heimsmeistaramóti ófatlaðra í fyrra. Mótið fór fram í Daegu í Suður-Kóreu og keppti Oscar fyrir hönd Suður-Afríku í 400 metra spretthlaupi og 4x400 metra boðhlaupi. Hann komst í undanúrslit í 400 metra hlaupi en endaði í 22. sæti af 24. Hann tók þátt í undanúrslitum með boðhlaupssveit sinni en var ekki valinn í úrslitin. Sveitin vann hins vegar til silfurverðlauna og þar sem hann tók þátt í undanúrslitunum telst hann einnig silfurverðlaunahafi. Hann er því fyrsti fatlaði maðurinn til að vinna til verðlauna á heimsmeistaramóti ófatlaðra.

- Pistorius stefnir að því að ná lágmarkinu í 400 metra hlaupi fyrir Ólympíuleikana í London í sumar. Hans besti tími er 45,07 sem hann náði síðastliðið sumar en hann þarf hins vegar að ná lágmarkinu sem er 45,25 aftur innan við þremur mánuðum fyrir mót.



Bell fann upp talsímann þegar hann vann að stoðtæki fyrir heyrnarlausa.

## *Faðir heyrnarlausra*

Alexander Graham Bell (1847-1922) var skosk-bandarískur vísindamaður sem er talinn eiga heiðurinn að fyrsta málmleitartækinu og talsímanum. Sagan segir að Bell hafi fundið upp talsímann þegar hann vann að því að smíða hjálpartæki fyrir heyrnarlausa.

Tækið var að hluta til smíðað úr eyra af dauðum manni. Ef talað var inn í það byrjaði hljóðhimnan í eyranu að titra og kom vogarstöng á hreyfingu. Stöngin hreyfðist yfir sótað gler og á því kom fram bylgjumunstur. Bell ályktaði af tilrauninni að það hlyti að vera hægt að búa til gervihljóðhimnu. Með henni væri hægt að breyta þéttleika efna sem rafmagnið var leitt í gegnum og því einnig bylgjumynstri rafboðsins.

Bell hefur verið kallaður faðir hinna heyrnarlausu en hann kenndi aðferðir sem gerðu heyrnarlausu fólki kleift að búa til hljóð og tala. Áhuga hans á málefnum heyrnarlausra má rekja til þess að móðir hans og eiginkona voru báðar heyrnarlausar. Segja má að talsíminn hafi verið tilraun hans til umbóta fyrir þær.

HEIMILD: WWW.VISINDAVEFUR.HI.IS OG WIKIPEDIA.ORG

**Njóttu stundarinnar án verkja**






HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - Actavis 111103

# Íbúfen®

*– Bólgueyðandi og verkjastillandi*

**Notkunarsvið:** Íbúfen inniheldur íbúprófen sem er bólgueyðandi, verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Íbúfen tilheyrir flokki lyfja sem kölluð eru NSAID lyf (bólgueyðandi lyf sem ekki eru sterar). Íbúfen er notað við vægum til meðal miklum verkjum eins og höfuðverk, mígreni, tannpínu, tíðaverkjum og hita. **Ekki má taka Íbúfen:** Þeir sem hafa ofnæmi fyrir íbúprófeni, öðrum skyldum lyfjum eða einhverju hjálparefnanna. Þeir sem fengið hafa ofnæmisviðbrögð eins og astma, nefrennsli, útbrot með kláða eða ef varir, andlit, tunga eða háls hafa bólgnað upp eftir að hafa tekið íbúprófen eða skyld lyf. Þeir sem þjáðst hafa af sárum eða blæðingum í maga eða smáþörmum (skeifugörn) í tengslum við fyrri notkun bólgueyðandi verkjalyfja, þjást núna af sárum eða blæðingum í maga eða smáþörmum (skeifugörn) eða hafa áður þjáðst af slíku, tvisvar eða oftar, með alvarleg lifrar-, nýrna-, eða hjartavandamál (kransæðasjúkdómar meðtaldir), þeir sem þjást af umtalsverðum vökvaskorti (vegna uppkasta, niðurgangs eða of lítillar vökvaneyslu), eru með einhverjar blæðingar (blæðingar í heila meðtaldar), eru með sjúkdóm af óþekktum uppruna sem leiðir til óeðlilegrar myndunar blóðfrumna. **Sérstök varnaðarorð:** Þeir sem eru með rauða úlfa (SLE) eða aðra sjálfsnæmissjúkdóma, arfgengan sjúkdóm sem hefur áhrif á blóðrauða, hemoglóbín (purpuraveiki), langvarandi bólgusjúkdóma í þörmum eins og bólgur í ristli með sárum (sáraristilbólgu), bólgur í meltingarvegi (Crohn´s) eða aðra maga- eða þarmasjúkdóma, truflanir á blóðfrumnamyndun, vandamál tengd blóðstorknun, ofnæmi, ofnæmiskvef, astma, langvarandi bólgur í nefslímhúð, kinnbeinaholum, kokeitlum eða langvarandi teppusjúkdóma í öndunarvegi, blóðrásarkvilla í slagæðum handleggja og fóta, lifrar-, nýrna- eða hjartavandamál eða háan blóðþrýsting, nýkomnir úr meiriháttar skurðaðgerð ættu ekki að nota lyfið. **Meðganga/brjóstagjöf:** Íbúprófen má ekki taka á síðustu 3 mánuðum meðgöngu. Aðeins ætti að nota Íbúfen á fyrstu 6 mánuðum meðgöngu í samráði við lækni og ef það er algerlega nauðsynlegt. Íbúprófen getur gert konum erfiðara með að verða þungaðar. Þessi áhrif ganga til baka þegar hætt er að taka lyfið. Íbúprófen berst í brjóstamjólk í litlum mæli og brjóstagjöf þarf yfirleitt ekki að hætta meðan á skammtíma meðferð stendur. Ef lengri tíma meðferð er áætluð, ætti að meta hvort hætta eigi brjóstagjöf. **Aukaverkanir:** Svartar, tjörukenndar hægðir eða blóðlituð uppköst (sár í meltingarvegi með blæðingum), brjóstsviði, kviðverkir, meltingartruflanir, truflanir í meltingarfærum s.s. niðurgangur, ógleði, uppköst, vindgangur og harðlífi, sáramyndun í meltingarvegi með eða án rofs, þarmabólga og versnandi bólga í ristli og meltingarvegi (Crohn´s) og pokamyndun í digurgirni (rof eða fistlar), smásæjar blæðingar frá þörmum sem geta leitt til blóðleysis, sára og bólgu í munni, höfuðverkur, syfja, svimi, sundl, þreyta, æsingur, svefnleysi og viðkvæmni. **Skammtastærðir:** Fullorðnir og unglingar eldri en 12 ára (≥ 40 kg): 200-400 mg sem einn skammtur eða 3-4 sinnum á dag með 4-6 klst. millibili. Hámarks dagsskammtur er 1200 mg. Börn 6-9 ára (20-29 kg): 200 mg, 1-3 sinnum á dag á 4-6 klst. fresti eftir þörfum. Hámarks skammtur er 600 mg á dag. Börn 10-12 ára (30-40 kg): 200 mg, 1-4 sinnum á dag á 4-6 klst. fresti eftir þörfum. Hámarks skammtur er 800 mg á dag. Sjá nánar í fylgiseðli. **Börn 12 ára og yngri eiga ekki að nota Íbúfen nema í samráði við lækni. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 6 ára**. **Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu**. Nóvember 2011.

actavis

Framhald af forsíðu

„Brettamennska sameinar útivist og hreyfingu. Ég kynntist sjóbrettamenningu í Bandaríkjunum þar sem sjóbrettaiðkun er oftar en ekki notuð sem líkamsrækt. Sportið gefur erfiðustu líkamsræktarkerfum ekkert eftir því það útheimtir gríðarleg átök fyrir skrokkinn, en það álag finnur maður ekki fyrr en eftir á.“

Sjóbretti eru dregin áfram af báti, svipað og sjóskíði, en þó er um gjörólíkt vatnasport að ræða.

Á ensku kallast sjóbretti „wakeboard“, en íslensk þýðing á orðinu „wake“ er kjölfar og í kjölfarinu gerast einmitt ævintýrin.

„Á sjóbretti er maður frjálsari en á sjóskíðum og nýtir kjölfarið sem stökkpall til að leika sér á bárum vatnsins og stökkva á því. Sjóbrettamennsku fylgir því mikill atgangur og fjör,“ útskýrir Mummi og mælir með sportinu fyrir bæði kynin og allan aldur.

„Mjög auðvelt er að ná tökum á sjóbretti því enga líkamlega krafta þarf til að standa á því og minni jafnvægiskúnsta krafist en á sjóbretti þar sem maður hefur góðan stuðning af taumi úr bátnum. Þá er lítil sem engin slysahætta á sjóbretti og mjúkur hafflötur sem tekur við ef maður dettur af brettinu,“ segir Mummi sem stundar sjóbretti í Hafnarfjarðarhöfn, Vestmannaeyjahöfn, á Þingvallavatni, Skorradalsvatni og fer stundum hringinn um landið til að stunda sjóbretti í fögrum fjörðum landsins.


Guðmundur „Mummi“ Vigfússon í rétta gallanum og með sjóbrettið klárt við bátinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Við sjóbrettaiðkun hefur maður virkilega fagra útsýn til landsins og mikil stemning að tjalda við vötn og nærri sjó með bát og bretti í farangrinum. Þeir sem stunda sportið hérlendis gera það á öllum árstímum, því þótt íslenskt veðurfar sé síbreytilegt eru aðstæður til sjóbrettaiðkunar góðar, sjórinn ekki of kaldur og gallarnir hlýir og einangrandi.“

Frá vori til hausts fer Mummi með einstaklinga og hópa á sjóbretti, en hann rekur einnig verslunina Jaðarsport.is í Hafnarfirði.

„Íslendingar búa flestir við vatn eða sjó og því hentar sjóbrettaiðkun landsmönnum einkar vel. Því fylgir tímasparnaður að geta skellt sér niður á höfn og auðvelt að taka hring með bátnum, um leið og sjóbrettaiðkun kallar ekki á kjöraðstæður eins og snjó í fjalli, ákveðna ölduhæð eða vind til að stunda það.“

Sjá nánar um skemmtileg jaðarsport og brettaheiminn á www.jadarsport.is.

*thordis@frettabladid.is*

Einfaldasta leiðin til að minnka saltneyslu er að borða meira af ferskmeti og nota annað krydd en salt til að bragðbæta matinn. Dæmi um saltsnauð krydd eru laukur, hvítlaukur, pipar, engifer, basilíka, oreganó, timían, mynta, kóríander og sítróna.

**Heimild: Lýðheilsustöð**

# Malaría leggur tvöfalt fleiri að velli

**Dauðsföll vegna malaríu á heimsvísu gætu verið tvöfalt fleiri en áður hefur verið talið. Þetta eru niðurstöður nýrrar rannsóknar sem birtist í breska læknablaðinu The Lancet.**

Í rannsókninni sem fjármögnuð var af The Bill and Melinda Gates Foundation kemur fram að 1,24 milljónir manna hafi látist af völdum malaríu árið 2010. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin áætlaði hins vegar að 655.000 dauðsföll hefðu orðið 2010.

Rannsóknin sýndi þó að dauðsföllum vegna malaríu fer fækkandi í heiminum. Fjöldi dauðsfalla hefði aukist frá 995.000 manns árið 1980 upp í 1,82 milljónir árið 2004 en þá fallið niður í 1,24 milljónir árið 2010.

Fækkunin eftir árið 2004 er rakin til þess að þá fóru alþjóðleg hjálparsamtök að einbeita sér að sjúkdómum eins og alnæmi, malaríu og berklum. Þá draga rannsakendur þá ályktun að dauðsföllum vegna malaríu muni fækka niður í færri en 100.000 á ári eftir árið 2020.

Sjá nánar á www.bbc.co.uk.


Moskítóflugan ber malaríu milli manna.





Viltu ná kjörþyngd og komast í form?

Ný námskeið að hefjast

innritun á fullu í síma 581 3730

NÁMSKEIÐUM FYLGIR FRJÁLS MÆTING Í TÆKJASAL

| TT tímar í boði: | | | |
|---|---|---|---|
| 6:15 | A | mánu-, miðviku- og föstudagar | |
| 7:20 | C | mánu-, miðviku- og föstudagar | |
| 10:15 | D | mánu-, miðviku- og föstudagar | Barnapössun |
| 14:20 | G | mánu-, miðviku- og föstudagar | |
| 16:40 | H | mánu-, miðviku- og föstudagar | Barnapössun |
| 17:40 | I | mánu-, miðviku- og föstudagar | Barnapössun |
| 18:40 | J | mánudagar kl. 18:40, miðviku- og fimmtudagar kl. 18:25 | |
| 18:25 | TT3 | mánudagar kl 18:25 og miðvikudagar kl. 19:25 - (16-25 ára) | |

**Fundur fyrir alla TT flokka sunnudaginn 19. febrúar kl. 16:30**

15% afsláttur fyrir þær konur sem halda áfram!

**Velkomin í okkar hóp!**

DANSRÆKT JSB leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun






BM Mótun - Æfingakerfi Báru Magnúsdóttur

Ný námskeið að hefjast

innritun í síma 581 3730

Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal

Í BM Mótun er aðaláherslan lögð á styrk, liðleika og góðan líkamsburð. Upphitun í tækjasal 20 mín., mótun 40 mín. Aðeins 15 í hóp. Hentar öllum aldursflokkum.

6 vikna námskeið - mánudaga og miðvikudaga kl 16:40
þriðjudaga og fimmtudaga kl 9:00
þriðjudaga og fimmtudaga kl 10:30. Kennari: Bára Magnúsdóttir.
**Verð kr. 19.900.**

**Barnagæsla - Leikland JSB**

**Velkomin í okkar hóp!**

DANSRÆKT JSB leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun






RopeYoga

Ný námskeið að hefjast

innritun í síma 581 3730

Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal

Heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi. Sérstök áhersla lögð á miðjuna – kvið og bak. Hentar öllum aldurshópum og líkamsgerðum. Þú finnur strax árangur eftir fyrstu æfinguna án þess að reyna of mikið á þig.

Lokuð 6 vikna námskeið 2x í viku í 60 mínútur:
Þriðjudaga og fimmtudaga kl 6:15, 10:30 og 12:00 / Mánudaga og miðvikudaga kl 16:30

Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal. **Verð kr. 14.900.**

**Barnagæsla - Leikland JSB**

**Velkomin í okkar hóp!**

DANSRÆKT JSB leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun



NÝJAR VÖRUR!! Einnig helling á 50% afslætti.Verslunin Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588-9925 emilia.is




## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Vandaðir og ódýrir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. Uppl í 8916447 Óli

## Þjónusta



Næsta BYRJENDANÁMSKEIÐ Í YOGA hefst 28. febrúar. Yogastöðin Heilsubót www.yogastodin.com S: 5885711 og 6918565

## Gisting

Gisting í Exsample, Barcelona. 60-120euro nóttin. Einnig langtímaleiga. Verð p.mán 950-1200eur. starplus.is

## Húsnæði í boði

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆ RVK**
**Gott verð, dags, viku- og mánaðarleiga.**
**www.hotel105.com**
**GISTIHÚSIÐ VÍKINGUR**
**sími 896 4661**

Til leigu 3. herb. ca. 100fm íbúð á Háaleitisbraut. Verð 150 þús. á mánuði. Stór og björt stofa, 2 herb. Fyrirspurnir sendist til leigarvk108@gmail.com

Til leigu ný 2ja herb. íbúð í miðbæ Reykjavíkur. Reglusemi og snyrtimennska skilyrði. Fyrirframgreiðsla. Uppl. í s. 897 9390 og 896 1306.

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

## Húsnæði óskast

Vil kaupa íbúð á Rvk.svæði má þarfnast mikilla endurbóta er með 2 millj.kr. jeppa upp í kaupverð. Uppl. í s. 893 3475.

## Atvinnuhúsnæði

Skrifstofuhúsnæði Réttarhálsi. Hef til leigu 3 skrifstofur í sameiginlegri aðstöðu með netbílasölu. Leiguverð 25-35000 á mán. Tilvalið t.d. fyrir fasteignasala sem vill starfa sjálfstætt. Kemur ekki til greina að leigja sem íbúðarhúsnæði. Upplýsingar gefur Högni í síma 895-4444 milli 10 og 16.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## Atvinna í boði

HEGGUR innréttingar

**Innréttingasmíði**
**Vantar vanan smið á innréttingaverkstæði sem fyrst, nemar koma einnig til greina.**
***Áhugasamir sendi upplýsingar á heggur@heggur.is***

**Verkamaður/ Lyftaramaður**

**Óskast í verksmiðjuvinnu. Upplýsingar sendist á jonv@jrj.is og við munum hafa samband. Íslenska og góð enskukunnátta æskileg.**

HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT KORNIÐ BAKARÍ

**Starfsfólk óskast!**
**vantar í hálfsdagsstörf í bakaríin okkar, á virkum dögum. Framtíðarstarf. Umsóknir sendist með nafni og síma og heimilisfangi á netfangið umsokn@kornid.is**

Vanan stýrimann vantar á 50t dragnótar bát sem rær frá Norð-vesturlandi. Uppl. í s. 849 6339

Leita að viðskiptafélaga sem vill ná langt! s. 841 1448.

## Atvinna óskast

Múrari með mikla reynslu (íslenskur) Hlýr og opinn aðili sem tekur á móti gestum og túristum. Starfaði í ferðatengdri þjónustu. Er íslenskur ungur maður sem bjó í þýskalandi og tala bæði ensku og þýsku. Er með sérþekkingu í samskiptum og leiðingu hópa. Sími 8202223.

getur bætt við sig verkefnum. s.8996471

Þýskur flísari, getur bætt við sig verkefnum. s.6943036

## Tilkynningar




**Opið hús fyrir slagþola og aðstandendur þeirra fram á vor:**
**REYKJAVÍK: Alla þriðjudaga frá kl.13-15 í Síðumúla 6.**

**AKUREYRI: Annan þriðjudag hvers mánaðar frá kl.18-19 í Greifanum.**

**Kaffi á könnunni!**
**Erum á Grensásdeild og veitum upplýsingar um félagið alla fimmtudaga frá kl.14-16.**

## Til sölu / Leigu

# Háteigskjör Háteigsvegi 1, Reykjavík Sala / leiga

Til sölu eða leigu húsnæði og/eða rekstur Háteigskjörs með eða án verslunarinnar. Hvort tveggja er í eigu einkahlutafélags sem á ekki aðrar eignir og er skuldlaust.

**Upplýsingar:**
**Lögmenn Borgartúni 33, sími 663 4929**

## Til sölu




## Fundir

LÍFSSÝN

Lífssýn heldur félagsfund, í kvöld þriðjudag 7. febrúar kl. 20:30 að Bolholti 4, 4.h. Bjarni Randver Sigurvinsson flytur fyrirlestur sem hann nefnir „Frjálslyndi og fundamentalismi í trúarefnum". Léttar veitingar. Aðgangseyri kr. 1000,-. Allir velkomnir. Fundir einnig auglýstir á heimasíðu félagsins: www.lifssyn.com Stjórnin

## Einkamál

**Ónotaður KK**
Um fertugt vill kynnast KK með aðstöðu. Rauða Torgið, s. 905-200 og 535-9920, augl.nr. 8326.

**Góð kona**
vill kynnast góðum ógiftum manni með náin kynni í huga. Rauða Torgið, s. 905-200 og 535-9920, augl.nr. 8960

**Ung kona**
vill kynnast eldri karlmanni, sér til skemmtunar. Rauða Torgið, s. 905-200 og 535-9920, augl.nr. 8308

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

## Þjónusta

# Leiguumsjón
**láttu okkur sjá um fasteignina þína.**

**Gerð leigusamninga.**
**Auglýsingar, samskipti og upplýsingagjöf gagnvart leigutaka og leigusala.**
**Samskipti við banka vegna tryggingа. Innheimta leigugjalds - skilvirk eftirfylgni innheimtu.**
**Umsjón og eftirlit með fasteigninni.**
**Markmið með leigu-umsjón er að auðvelda fasteignaeigenda útleigu fasteignar og halda verðgildi eignar.**
**Hjá Leiguliðum starfa 3 löggiltir leigumiðlarar með mikla reynslu á sviði útleigu á íbúðar- og atvinnuhúsnæði.**
**Sjá www.leigulidar.is leiguumsjón eða s- 517-3440**

## Páskaleiga




**Minnum á að umsóknarfrestur vegna páskaleigu orlofshúsa er til og með mánudeginum 10. febrúar.**

**Hægt er að sækja umsóknareyðublaðið á www.efling.is eða skrifstofu félagsins.**

**Ekki er hægt að sækja um í síma**

**Efling-stéttarfélag, Sætúni 1, 105 Reykjavík, Sími: 510 7500**

## Fasteignir

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**

**KJARNA - ÞVERHOLTI 2**
**• 270 MOSFELLSBÆ**
**• SÍMI: 586 8080**
**• FAX: 586 8081**
**WWW.FASTMOS.IS**

**Tröllakór 2-4 - 203 Kópavogur**




**Opið hús í dag þriðjudag frá kl.17:00 til 17:30**
Erum með í sölu þrjár rúmgóðar og fallegar 3ja herbergja íbúðir í lyftuhúsi við Tröllakór 2-4 Kópavogi. Íbúðunum fylgir sérgeymsla og bílastæði í bílakjallara. Fallegar innréttingar. Granít í borðplötum og sólbekkjum. Innbyggður ísskápur og uppþvottavél er í innréttingu.
Eignirnar eru lausar til afhendingar strax! **V. 24,9 m.**



34 **ASHTON KUTCHER** leikari á afmæli í dag.
*„Ég verð líklega aldrei besti leikarinn í Hollywood, en ég vonast til að verða sá duglegasti.“*



## 60 ára afmæli

Sveinn Vilhjálmsson

Er sextugur í dag.
Hann eyðir deginum í faðmi fjölskyldunnar.
Sveinn verður með heitt á könnunni fyrir vini og vandamenn laugardaginn 11. febrúar kl 15.

---

†



*Okkar innilegustu þakkir fyrir auðsýnda samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Ljósbjörgu Petru Maríu Sveinsdóttur (Steina Petru).**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólkinu á hjúkrunarheimilinu Uppsölum Fáskrúðsfirði.

**Ingimar Jónsson** — **Guðmunda Ingibergsdóttir**
**Elsa Lísa Jónsdótir** — **Magnús Aðils Stefánsson**
**Sveinn Lárus Jónsson** — **Þórunn Björg Pétursdóttir**
**Þórkatla Jónsdóttir** — **Jón Lúðvíksson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---

†



*Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingveldur Jónína Þórðardóttir (Inga Þórðardóttir)**
frá Sandfelli, Vestmannaeyjum,

síðast til heimilis að Hjúkrunar- og dvalarheimili Holtsbúð/Vífilsstöðum, Garðabæ, lést á heimili sínu þann 2. febrúar síðastliðinn. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju þriðjudaginn 14. febrúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð Holtsbúðar (s. 535-2200).

**Snorri Þ. Rútsson** — **Hrefna Baldvinsdóttir**
**Jónína Rútsdóttir** — **Jón Pétur Jónsson**
**Gylfi Þ. Rútsson** — **Ágústa Kristjánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



*Okkar ástkæri*

**Bjarni Þórðarson**
tryggingastærðfræðingur,
Miðvangi 7, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum fimmtudaginn 2. febrúar. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 9. febrúar kl. 15.00.

**Kristín Guðmundsdóttir**
**Þórdís Bjarnadóttir** — **Dagur Jónsson**
**Hildur Bjarnadóttir** — **Hjörtur Hjartarson**
**Valgerður Bjarnadóttir** — **Þórhallur Ágústsson**
**Vera, Vaka og Vala**
**Úlla, Bjarni Orvar og Breki**
**Kristín Ísold og Ágúst Atli**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

---

MARGRÉT KRISTÍN FABÚLA OG MAGGA STÍNA: LEIÐA SAMAN HESTA SÍNA

# Skora á nöfnur okkar að mæta

„Kannski virkaði þetta sameiginlega nafn eins og viðsnúið segulstál. Ég og Magga Stína erum á svipuðum aldri, ólumst upp í Vesturbænum, vorum í Melaskóla og Hagaskóla og meira að segja líka báðar í Tónmenntaskóla Reykjavíkur við Lindargötu, sem þá hét Barnamúsíkskólinn. Einhverra hluta vegna tókst okkur þó að missa alveg hvor af annarri og höfðum varla hist á götu þar til á síðasta ári,“ segir tónlistarkonan Margrét Kristín Sigurðardóttir, sem gengur undir listamannsnafninu Fabúla. Hún og nafna hennar, Margrét Kristín Blöndal eða Magga Stína, leiða saman hesta sína á Rósenberg í kvöld, en þá fer fram fyrsti hluti tónleikaraðarinnar Fuglabúr á þessu ári.

Tónleikaröðin er samstarfsverkefni FTT (Félags tónskálda og textahöfunda), Rásar 2 og Reykjavík Grapevine og hefur hún leitt saman margt af helsta tónlistarfólki landsins síðustu misserin.

Eins og áður sagði kynntust nöfnurnar ekki fyrr en á síðasta ári, en þær stunda báðar nám í tónsmíðum við Listaháskóla Íslands og var gert að halda sameiginlegan fyrirlestur um tónskáldið Ludwig van Beethoven. „Úr því varð ástríðufullt og skemmtilegt grúsk. Það má segja að við höfum fallið saman eins og lakkrís og marsipan,“ segir Fabúla en auk ofantalins eiga þær nöfnur einnig það sameiginlegt að starfa við kennslu ásamt fleiru. Magga Stína kennir tónlist hjá leikskólum Hjallastefnunnar, en Fabúla er sérkennari í Hlíðaskóla þar sem hún kennir börnum sem laðast lítið að skrifborðum.

Fabúla sendi frá sér plötuna In Your Skin árið 2009 og vinnur nú að gerð nýrrar breiðskífu, en ekki er ljóst hvenær hún kemur út. „Á tónleikunum á Rósenberg flytjum við eigin efni og lög hvor annarrar, sem er kannski mest spennandi fyrir okkur sjálfar. Svo tökum við líka nokkur lög eftir aðra höfunda. Þessi Fuglabúrs-kvöld eru oft og tíðum dálítið ófyrirsjáanleg, sem er mjög skemmtilegt. Ég skora sérstaklega á aðrar sem heita sama nafni og við að mæta og lofa því hér með að þær fái frítt inn,“ segir Fabúla og hlær.



**NÖFNUR** Fabúla og Magga Stína, sem báðar voru skírðar Margrét Kristín, flytja meðal annars lög hvor annarar á Rósenberg í kvöld. Þær eiga ótal hluti sameiginlega en kynntust þó ekki fyrr en á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Með hliðsjón af uppvexti nafnanna í Vesturbænum liggur beint við að spyrja hvort þær séu harðir KR-ingar. „Ég veit ekki með Möggu Stínu, en ég er ekki KR-ingur. Ég bjó við KR-völlinn þegar ég var lítil og eitt sinn þegar ég gekk yfir völlinn sparkaði ein fótboltahetjan boltanum í hausinn á mér og baðst ekki afsökunar. Þess vegna held ég með Fram, en líka vegna þess að ég átti frænda í Austurbænum og saman stofnuðum við íþróttafélagið Litla-Fram. Ég var varamarkvörður í því liði, en íþróttaferillinn varð ekki lengri en það,“ segir Fabúla.

kjartan@frettabladid.is

---

†



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Svanlaug Böðvarsdóttir**
frá Laugarvatni,

sem lést 29. janúar, verður jarðsungin frá Háteigskirkju fimmtudaginn 9. febrúar kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á MS félagið.

**Sigrún D. Jónsdóttir**
**Ingunn Jónsdóttir** — **Gunnar Þór Kristjánsson**
**Kristín Jónsdóttir** — **Örn Jónsson**
**Böðvar Leós** — **Linda M. Þórólfsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna fráfalls eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,*

**Dóru Sigmundsdóttur**
Espilundi 8, Garðabæ.

**Gunnar Kristján Gunnarsson**
**Salvör Gunnarsdóttir** — **Hilmar Æ. Þórarinsson**
**Hugrún Gunnarsdóttir** — **Þráinn V. Hreggviðsson**
**Ólöf H. Gunnarsdóttir** — **Snorri Guðmundsson**
**Geir Þ. Gunnarsson** — **Ingibjörg Ágústsdóttir**
**Ragnheiður Gunnarsdóttir** — **Ólafur H. Sigurþórsson**
**og barnabörn.**

---

†



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Vilborg Helga Kristjánsdóttir (Bogga)**
Hjaltabakka 12,

lést á Grund dvalar- og hjúkrunarheimili miðvikudaginn 1. febrúar. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 9. febrúar kl. 13.00.

**Einar Gunnlaugsson**
**Geir Gunnlaugsson** — **Sigríður Anna Ellerup**
**Már Gunnlaugsson** — **Dögg Árnadóttir**
**Andri Geirsson, Gauti Þeyr Másson, Sigrún Helga Geirsdóttir og Gísli Gunnlaugur Geirsson.**

---

†



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Valdemar Gunnarsson**
mjólkurfræðingur,
Kjarnagötu 14, Akureyri,

sem lést þann 27. janúar síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju föstudaginn 10. febrúar kl. 13.30.

**Brit Mari Gunnarsson**
**Kristín Irene Valdemarsdóttir** — **Jón Marinó Sævarsson**
**Bryndís Elfa Valdemarsdóttir** — **Jón Birgir Gunnlaugsson**
**Berglind Mari Valdemarsdóttir** — **Sverrir Ásgeirsson**
**og barnabörn**

# Verðlækkun
## Núna kr. 3.090.000

**Losnaðu við þann gamla í dag**
Núna er tækifærið að losna við þann gamla.
Settu gamla bílinn þinn upp í nýjan Mazda.
Nýttu lækkað verð á Mazda í dag.
Komdu á Bíldshöfða 8.



Lækkað verð í dag
**3.090.000 kr.**
**Mazda3 Advance 5 dyra**
1,6i bensín. 105 hö. Beinskiptur.
Fáanlegur dísil.
Eldsneytisnotkun 6,5 l/100 km
Koltvísýringur $CO_2$ 149 g/km
Verð áður kr. 3.190.000
Verð kr. 3.090.000
**Mánaðargreiðsla kr. 35.121***
Árleg hlutfallstala kostnaðar 10,26%

# Kauptu bara öruggar vörur
# Fáðu þér Mazda3

**Þetta hér segir þér að Mazda er örugg kaup:**
Áreiðanleiki, lágur rekstrarkostnaður, lág bilanatíðni, frábær í endursölu, sportlegt útlit og góðir aksturseiginleikar. Mazda er japönsk gæðavara. Þú færð mikið fyrir minna í dag. Settu gamla bílinn upp í nýjan Mazda. Kauptu örugga vöru. Komdu í Brimborg.

**Fyrirmyndarþjónusta Mazda á Íslandi**
Brimborg er vottaður þjónustuaðili Mazda á Íslandi. Sérfræðingar Mazda hjá Brimborg tryggja öryggi þitt með reglubundnu eftirliti og viðhaldi á skilvirkan og hagstæðan hátt. Kynntu þér fyrirmyndarþjónustu Mazda hjá Brimborg í dag. Vertu Mazda.




## Skoðaðu búnaðinn í Mazda3 Advance

**Stjórntæki**
- Loftkæling
- Frjókornasía í miðstöð
- Fjölstillanlegt stýrishjól
- Hitamælir, útihiti
- Rafdrifnir hliðarspeglar
- Rafdrifnar rúður að framan
- Dagljós
- Hæðarstillanleg aðalljós
- Viðvörun vegna rúðuvökva
- Hæðarstillanlegt stýri með aðdrætti
- Hraðastillir – Cruise control

**Öryggi**
- Öryggispúðar í stýri og mælaborði
- Öryggispúðar í hliðum framsæta
- Öryggispúðatjöld í hliðum
- 3ja punkta öryggisbelti í öllum sætum
- ISO-fix barnabílstólafestingar
- ESP stöðugleikastýrikerfi
- ABS hemlakerfi
- EBD hemlajöfnun
- EBA hjálparhemlun
- ESP stöðugleikastýrikerfi með spólvörn
- Diskabremsur á öllum hjólum

**Sæti**
- Tauáklæði
- Hæðarstilling á ökumannssæti
- Hiti í framsætum
- Höfuðpúðar á öllum sætum
- Armpúði milli framsæta
- Tvískipt niðurfellanleg aftursæti 60/40

**Hljómtæki**
- Samhæft útvarp
- Tengi fyrir iPod og MP3 spilara
- Geislaspilari
- 6 hátalarar

**Innrétting**
- Glasahaldarar frammí
- Armpúði afturí með glasahaldara
- Geymsluhólf milli framsæta
- Bæði sólskyggni með snyrtispegli
- Ljós í farangursrými

**Utan**
- Fjarstýrð samlæsing
- Þvottakerfi á aðalljósum
- Samlit hurðarhandföng
- Samlitir hliðarspeglar
- Vindskeið að aftan samlit (5 dyra)
- 16" álfelgur
- Upphitanlegir hliðarspeglar

**Berðu saman verð og gæði Mazda og Toyota**

Nýttu þér gott verð á Mazda3 Advance í dag

## Persónuleg fyrirmyndarþjónusta Mazda á Íslandi
Fáðu Mazda til fyrirmyndar - Áreiðanleika - Góða endursölu - Gott verð - Persónulega þjónustu - Hagstætt þjónustuverð - Góða aksturseiginleika - Japönsk gæði og ekki síst fallegt bros. Komdu í Brimborg, Bíldshöfða 8.

**Losnaðu við þann gamla í dag**
Núna er tækifærið að losna við þann gamla og fá sér nýjan Mazda.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | mazda.is

*Miðað við verðtryggðan bílasamning til 84 mánaða og 30% útborgun. Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

# krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** íþrótt, **6.** frá, **8.** efni, **9.** farvegur, **11.** kringum, **12.** laust bit, **14.** enn lengur, **16.** tveir eins, **17.** iðka, **18.** for, **20.** pfn., **21.** könnun.

**LÓÐRÉTT**
**1.** þungi, **3.** pot, **4.** reiðufé, **5.** óðagot, **7.** fáskiptinn, **10.** dorma, **13.** frjó, **15.** kviður, **16.** skaði, **19.** holskrúfa.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** **2.** golf, **6.** af, **8.** tau, **9.** rás, **11.** um, **12.** glefs, **14.** áfram, **16.** tt, **17.** æfa, **18.** aur, **20.** ég, **21.** próf.
**LÓÐRÉTT:** **1.** farg, **3.** ot, **4.** lausafé, **5.** fum, **7.** fálátur, **10.** sef, **13.** fræ, **15.** magi, **16.** tap, **19.** ró.




FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS





**Meðal efnis í blaðinu:**

**Áframhaldandi umfjöllun**
um nýja úttekt á starfsemi lífeyrissjóðanna í aðdraganda bankahrunsins 2008.

**Jesper Rangvid,**
formaður rannsóknarnefndar um fjármálakreppuna í Danmörku, í viðtali.




**MARKAÐURINN KEMUR ÚT Á MORGUN**

**Allt sem þú þarft**


# 50% Svavar/50% Benidorm

**BAKÞANKAR**
**Svavar Hávarðsson**



Alltaf annað slagið þarf ég að segja sömu gömlu söguna um hvaða lönd ég hef heimsótt, og svara þeirri spurningu hvort ég myndi mæla með ferðalagi til viðkomandi staðar. Sömu gömlu söguna segi ég vegna þess að þeir sem leita ráða um sniðuga ferðakosti ættu ekki að leita til mín. Það er nefnilega svo að mín ferðamennska hefur að töluverðu leyti einskorðast við það að selja þorsk. Borgirnar Hull og Grimsby í Englandi, Bremenhaven í Þýskalandi og Þórshöfn í Færeyjum vekja litla hrifningu; það gerir St. John á Nýfundnalandi ekki heldur og bærinn Alta í Noregi virðist ekki vekja nein sérstök viðbrögð. Já, það er rétt hjá þér. Ég hef aldrei farið á sólarströnd. Það stendur heldur ekki til þar sem ég er þannig búinn frá náttúrunnar hendi að gengi ég um sólarströnd nokkra daga í röð þá myndi ég sennilega fara heim í poka. 50% Svavar og 50% sandur frá Benidorm.

**HINS** vegar hef ég notið þessara fáu heimsókna minna til fullnustu. Ég hef ýmislegt lært; dáðst að sumu og hlegið að öðru. Ég hef borið Ísland saman við það sem er skrítið og skemmtilegt. Í því felst góð heimsókn að mínu viti. Ekki að liggja í sandi og reyna að vera dekkstur af þeim sem fljúga með mér heim. Reyndar langar mig mest til Grænlands og veiða þar bleikju á stöng. Kærastan mín vill fara til Ítalíu en þar vinna menn gegn fjölgun ferðamanna með sérstakri skattlagningu, skilst mér á fréttum.

**KANNSKI** er einhver útlendingur í svipaðri stöðu og ég. Þegar hann segir sögur af ferðum sínum í útlöndum fjalla þær um litla afvikna staði. Ísland til dæmis. Og eins og ég er hann kannski þeirrar skoðunar að helsti kosturinn við heimsóknina var að mátulega margir ferðamenn voru þar fyrir. Þess vegna vilji hann fara aftur og mælir með því við fjölskyldu sína og vini að íhuga Ísland sem ferðakost. Kannski.

**ÞAR** sem reynsla mín af ferðalögum er lítil sem engin, þá ætla ég ekki að fullyrða að takmark okkar Íslendinga um að fjölga ferðamönnum á Íslandi í eina milljón árið 2020 feli í sér ókosti. Það er örugglega eftirsóknarvert að dvelja í borg, eða heimsækja land, þó fyrir séu fjölmargir í sömu erindagjörðum. Ég hef hins vegar aldrei verið í þeirri aðstöðu en lét mér detta í hug að fjölgun ferðamanna ætti ekki að vera takmark í sjálfu sér. Það mætti kannski ginna helmingi færri til að eyða helmingi meira af peningum?

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Overli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



# Sjaldan fellur eplið …

Tónlist ★★★☆☆

**Tree of Life**

Herbertson

„Long live love/long live life/long live happiness/and may all your dreams come true“. Svona hljómar viðlagið í Long Live the King á plötunni Tree of Life með Herbertson, hljómsveit þeirra feðga Herberts Guðmundssonar og Svans Herbertssonar sem áttu einmitt lag í Eurovision-forkeppninni um daginn. Tree of Life kom út seint á síðasta ári og eins og fyrrnefnt viðlag er dæmi um er hún full af jákvæðum og uppbyggjandi boðskap.

Feðgarnir semja öll lög og texta á plötunni, saman eða hvor í sínu lagi. Þeir flytja líka tónlistina, Herbert syngur bróðurpart laganna, en Svanur spilar á hljómborð og syngur afganginn. Auk þeirra koma nokkrir þungavigtarmenn úr íslensku popplífi við sögu, þeir Magnús Þór Sigmundsson, Jóhann Helgason, Haraldur Þorsteinsson, Tryggvi Hübner, Gulli Briem og Stefán Magnússon.

Herbert er þekktur fyrir vandlega útsett og hljómmikið popp.




Hann sprakk út á níunda áratugnum og tónlistin á nýju plötunni byggir á sama grunni og plötur Herberts frá þeim tíma, þó að hljómurinn hafi verið uppfærður. Svanur hefur greinilega fengið tónlistarhæfileikana frá föður sínum. Hann sýnir það hér að hann er bæði góður söngvari og ágætur höfundur.


**FLOTTIR FEÐGAR** Herbertsonfeðgarnir ná vel saman.

Þó að lagasmíðarnar séu missterkar, þá er Lífstréð á heildina litið fín plata, sem aðdáendur Herberts ættu ekki að láta fram hjá sér fara.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Feðgarnir Herbert og Svanur með fína poppplötu.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Hljómsveitirnar GusGus, með **Daníel Ágúst** í fararbroddi, og Ham spila á tölvuleikjahátíðinni Fanfest 2012 sem fer fram hérlendis 22. til 24. mars. Hátíðin er haldin á vegum fyrirtækisins CCP sem býr til tölvuleikinn vinsæla Eve Online. Eins og undanfarin ár er fjöldi útlendinga væntanlegur til Íslands í tengslum við hátíðina, sem verður í þetta sinn haldin í Hörpu en ekki í Laugardalshöll.



**Björgvin Sigurðsson** og félagar í Skálmöld virðast ekki vera hjátrúarfullir því þeir hafa bókað tíma í hljóðveri föstudaginn 13. apríl. Tilefnið er ný plata víkingarokkaranna sem áætlað er að komi út í haust. Hljómsveitin hélt tvenna tónleika á Gauki á Stöng síðasta laugardag. Biðröðin á þá báða náði alla leið að Grillhúsi Guðmundar og komust því færri að en vildu. Skálmöld spilaði eitt nýtt lag á tónleikunum og verður það væntanlega að finna á nýja gripnum.



Leikritið Axlar-Björn hefur verið valið til að taka þátt í leiklistarhátíðinni Theatre-Biennale New Plays from Europe sem haldin verður í ellefta sinn í í Wiesbaden í Þýskalandi 14.-24. júní. Sérstakur útsendari frá hátíðinni kom og sá sýninguna í Borgarleikhúsinu fyrir stuttu og hreifst af verkinu. Vesturport heldur utan um sýninguna en **Atli Rafn Sigurðsson** og Helgi Björnsson leika aðalhlutverkið undir leikstjórn Björns Hlyns Haraldssonar.

**- fb, áp**

**Þú getur gert kraftaverk**

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

BIOMEGA

VÍTAMÍN-FJÖLSKYLDAN

Vítamín sem mæta þörfum allra á heimilinu






ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA • LITLAR TÖFLUR • NÝTT OG BETRA BRAGÐ
FÆST Í ÖLLUM HELSTU APÓTEKUM OG STÓRVÖRUVERSLUNUM LANDSINS
SJÁ NÁNAR Á VITAMIN.IS



**TRÍÓ ÓSKARS GUÐJÓNSSONAR** treður upp á Jazztónleikaröðinni á KEX Hostel, Skúlagötu 28. Auk Óskars skipa hljómsveitina þeir Valdimar K. Sigurjónsson og Scott McLemore. Aðgangur er ókeypis.



# Öryggi áhorfenda í myrkum sal ógnað

Dans ★★★★☆

**Großstadtsafari / Mínus 16**

Jo Strömgren / Ohad Naharin

**Íslenski dansflokkurinn í Borgarleikhúsinu**

Vorsýning Íslenska dansflokksins samanstóð af tveimur verkum: Großstadtsafari eftir Jo Strömgren og Mínus 16 eftir ísraelska danshöfundinn Ohad Naharin. Bæði verkin einkenndust af svarta litnum, kröftugum dansi og áherslu á fjölmennar senur en að öðru leyti voru þau ólík. Großstadtsafari er stílhreint og fallegt verk sem auðvelt er að njóta. Mínus 16 var aftur á móti mjög listrænt ögrandi og hélt áhorfandanum á tánum allan tímann því aldrei var hægt að vita hvað gerðist næst.

Großstadtsafari var fyrra verkið á sýningunni. Það var frumsýnt af Íslenska dansflokknum 4. mars 2011 og því hér í endurflutningi. Það var ekkert nema gott um það að segja að sjá það verk að nýju því gott dansverk rétt eins og góð bók eða bíómynd er hægt að horfa á aftur og aftur án þess að það missi töfrana.

Eftir hlé var síðan frumsýning á verkinu Mínus 16. Það var mikil eftirvænting eftir að sjá það verk vegna þess að Ohad Naharin hefur getið sér gott orð á alþjóðavettvangi fyrir dansköpun sína. Verkið bar þess greinilega merki að hér var á ferðinni firnafær danshöfundur, reyndar svo mjög að í lokin var svekkjandi að verkið skyldi ekki vera lengra. Höfundurinn notaði endurtekningar á mjög áhrifaríkan hátt og skapaði meðal annars ótrúlega magnaða stemningu í flutningi ísraelsks þjóðlags í hreyfingum og söng. Andstæður voru áberandi í dansköpuninni sem kom mjög vel út. Þannig varð undurfallegur dúett skemmtilegt uppbrot í annars orkumikilli framsetningu og þó að danshöfundurinn byði upp á fjölbreyttan hreyfiforða og tónlist var framsetningin alltaf skýr.

Dansverkið var gamansamt og kraftmikið. Það var einnig mjög ögrandi fyrir áhorfendur því framvinda og framsetning þess braut oft í bága við hefðbundnar siðavenjur leikhússins. Öryggi áhorfendanna í myrkum sal leikhússins var ógnað þar sem dansararnir virtu fjórða vegginn að vettugi og ró þeirra var trufluð með óljósum endi og óútreiknanlegri framvindu verksins. Verkið sem samsett var úr nokkrum ólíkum atriðum var mjög brotakennt en hélt engu að síður athygli áhorfandans óskiptri allan tímann. Það olli uppnámi en á góðlátlegan hátt.

Eitt af því skemmtilega við bæði dansverkin var hvað margir dansarar voru á sviðinu. Hópatriðin voru nákvæm og jöfn hvað varðar tímasetningar og orku og gaman að sjá hversu vel flokkurinn var samstilltur. Dansararnir höfðu síðan sín hlutverk innan heildarinnar og dönsuðu stundum færri í einu en í heildina litið var það frammistaða flokksins sem heildar sem vakti athygli.

**Sesselja G. Magnúsdóttir**

**Niðurstaða:** Mínus 16 var ögrandi en skondið verk sem vekur upp löngun í meira. Það skemmdi síðan ekki kvöldið að fá að sjá Großstadtsafari enn á ný.



# Hrífandi fagurt

Tónlist ★★★★☆

**Kiri Te Kanawa**

Kiri Te Kanawa og Julian Reynolds fluttu lög úr ýmsum áttum.

**Eldborg í Hörpu 5. febrúar**

Kiri Te Kanawa er með undurfagra rödd. Það er auðvitað þekkt staðreynd, enda er söngkonan ein sú frægasta í heimi. En það staðfestist enn og aftur á tónleikum í Hörpu á sunnudagskvöldið.

Ég heyrði Kiri Te Kanawa síðast syngja í Háskólabíói fyrir rúmum sex árum síðan. Hún söng með sama píanóleikaranum og nú, Julian Reynolds. Efnisskráin var ekki ósvipuð, m.a. voru lög eftir Franz Liszt á dagskránni á báðum tónleikunum. Samt voru fyrri tónleikarnir ekkert sérstakir. Ástæðan var hljómburðurinn í Háskólabíói, sem var og er sérstaklega slæmur fyrir órafmagnaðan söng.

Himinn og haf er á milli þessara tveggja tónleika. Það var unaðslegt að upplifa sönginn í Eldborginni á sunnudagskvöldið. Söngkonan er orðin 67 ára gömul, en samt er rödd hennar eins og í ungri konu. Háu tónarnir voru einstaklega skærir og fallegir. Og túlkunin var fjölbreytt og litrík, í anda hvers tónskálds.

Tónleikarnir hófust með þremur aríum úr óperunni Júlíus Sesar eftir Handel. Þær voru hrífandi fagrar, líflegar og spennandi. Píanóleikurinn var líka glæsilegur, en ég spurði sjálfan mig hvort píanóið hefði ekki þurft að vera hálfopið (flygill getur verið alveg opinn, hálfopinn, lokaður og næstum því lokaður). Hljómurinn var eins og innan úr tunnu, fremur litlaus og flatur. Fínlegustu blæbrigðin skiluðu sér ekki almennilega. Auðvitað vildi Reynolds ekki yfirgnæfa sönginn, en gat hann ekki bara spilað veikar og haft flygilinn opnari?

Fyrir utan þetta var dagskráin frábær skemmtun. Þrjú lög eftir Liszt voru himnesk, sömu sögu er að segja um jafnmörg lög eftir Bizet og líka eftir Gustavino. Gaman var að heyra nýlega aríu, úr Vanessu eftir Barber sem var flutt af gríðarlegum tilþrifum. Nýlegar aríur eru sjaldgæfar á tónleikum söngvara hérlendis.



Tónleikunum lauk með Monologue úr leikritinu Masterclass eftir Jake Heggie. Það var mögnuð upplifun. Svo komu þrjú aukalög, það síðasta Sveitin milli sanda eftir Magnús Blöndal. Upprunalega útgáfa lagsins er fyrir rödd og píanó, og píanóröddin er fremur látlaus, en afar seiðandi. Reynolds virtist ekki hafa þessa útgáfu undir höndunum, því það sem hann spilaði einkenndist af dinnertónlistarkenndum hlaupum. Það virkaði fremur billega.

Reynolds er samt frábær píanóleikari, það kom ekki síst fram í lögunum eftir Liszt. Og Kiri Te Kanawa er stórkostleg listamaður. Fyrir utan nokkur atriði voru þetta skemmtilegir tónleikar og öllum aðstandendum þeirra til sóma.

Jónas Sen

**Niðurstaða:** Rödd Kiri Te Kanawa naut sín einkar vel á tónleikum í Eldborg í Hörpu.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Þriðjudagur 07. febrúar 2012**

**Tónleikar**

**12.00** Sigríður Ósk Kristjánsdóttir mezzosópran og Antonía Hevasi píanóleikari halda hádegistónleika í Hafnarborg. Allir eru velkomnir.

**Kynningar**

**19.30** Göngu-Hrólfur og Vita halda kynningarfund á ferðum sínum á Hótel Hilton, Suðurlandsbraut 2.

**Tónlist**

**12.00** Strákadraumar - Sigríður Ósk Kristjánsdóttir messósópran og Antonía Hevesi píanóleikari koma fram í Hafnarborg, Strandgötu 36 í Hafnarfirði, á hádegistónleikum sem hefjast klukkan 12 í dag. Á dagskrá eru buxnarulluaríur eftir Mozart og Gounod og vögguljóð eftir De Falla, Emil Thoroddsen og Jón Þórarinsson.

**Fyrirlestrar**

**12.00** Sigurður Líndal, prófessor og kennari, flytur erindi á Lögfræðitorgi Háskólans á Akureyri, M102 Sólborg v/Norðurslóð. Yfirskrift erindisins er Sögustefnan þýzka og sjálfstæðisbarátta Íslendinga.

**12.05** Fyrirlesturinn Goðsagnir og minningar að baki Arons sögu verður fluttur á Þjóðminjasafni Íslands. Fyrirlesari er Úlfar Bragason, en fyrirlesturinn er hluti af hádegisfundaröð Sagnfræðingafélags Íslands: Hvað er minningar? Aðgangur er ókeypis og öllum opinn.

**12.25** Opinn fyrirlestur í stofu 104 á Háskólatorgi um afvopnunarmál Norður-Kóreu. Fyrirlesturinn, sem verður í höndum Veru Knútsdóttur, er á vegum Alþjóðamálastofnunar og NEXUS.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**


Hádegistónleikar í Fríkirkjunni
alla miðvikudaga í vetur frá kl. 12:15 til 12:45
ENGINN AÐGANGSEYRIR ALLIR VELKOMNIR
Listrænn stjórnandi Gerrit Schuil
LJÁÐU OKKUR EYRA

FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK



2 fyrir 1
af lambasamlokum í febrúar.
Nýbýlavegi 32 • www.supersub.is



Ford
Nýtt tákn um gæði
Sá langflottasti...
Nýttu þér Þorratilboðið í dag:
Titanium S er langflottasta gerðin af Ford Kuga. Nú færðu þessa fínu gerð á lægra verði en áður. Nýir og betri samningar við framleiðandann skýra muninn. Munurinn er í þessu tilviki heilar níuhundruðþúsund íslenskar krónur! Nýttu þér þetta tækifæri. Slaðu til, við kaupum af þér gamla bílinn kaupir þú nýjan. Komdu í Brimborg í dag.
Vertu í hópi þeirra bestu. Hönnun Ford er gegnheil og tekur mið af þér og þínum, allri fjölskyldunni – stórum sem smáum. Spyrðu um fyrirmyndarþjónustu Brimborgar. Nýttu þér Þorratilboðið: seldu okkur gamla bílinn þinn og kauptu Ford Kuga Titanium S AWD. Veldu Ford. Komdu í Brimborg í dag.
Kauptu bara góða og sparneytna bíla. Skoðaðu ford.is. Kauptu Ford.
.000!
skoðaðu Þorratilboðið
Opið 9-17
brimborg
Öruggur staður til að vera á
Ræsitengd þjófavörn, Rafmagnsstýri, 12v tengill í farangursrými, Hæðarstilling á stýri með aðdrætti, Hæðarstillanlegt ökumannssæti, Heimreiðarljós, Tvískipt aftursæti, 60/40, Aksturstölva, Frjókornasía, Svaka búnaður í Titanium S, IPS öryggiskerfi, ABS hemlalæsivörn með EBD hemlajöfnun, 4 öryggispúðar, 2 öryggisgardínur, Diskabremsur á öllum hjólum, ISOFIX festingar fyrir barnabílstóla, ESP stöðuleikastýring með spólvörn, Titanium S leðuráklæði á slitflötum, 17" Titanium S álfelgur, 235/55 R17, LED ljós, Vindskeið samlit á afturhlera, Regnskynjari framrúðu, Hraðastillir, Upplýsingaskjár í mælaborði, Baksýnisspegill með sjálfvirkri dimmingu, Hæðarstillanlegt farþegasæti að framan með mjóbaksstillingu, Leðurklætt handbremsuhandfang og gírstangarhnúður, Blátónaðar rúður, Taumottur að framan, Armpúði með 2 glasahöldurum í aftursæti, Opnun/lokun rafdrifinna rúða með fjarstýringu, Sport útlit á framsætum, Verksmiðjuryðvörn, Rafmagnsstýri, 12v tengill í farangursrými, Hæðarstilling á stýri með aðdrætti, Hæðarstillanlegt ökumannssæti, Mjóbaksstilling á ökumannssæti, Farmfestingar í skotti, Fjaropnun á afturhlera, Heimreiðarljós



**FIMMTUGUR** Söngvarinn og sérvitringurinn Axel Rose er orðinn fimmtugur.

# Axl Rose fimmtugur

**Axl Rose, söngvari Guns N' Roses, fagnaði fimmtugsafmæli sínu í gær. Hann hefur tilkynnt um sex tónleika hljómsveitarinnar í bandarískum klúbbum á næstunni. Þar af verða þrennir í New York. Rose verður eini upprunalegi meðlimur sveitarinnar sem spilar á tónleikunum, sem kemur kannski ekki á óvart því hann þykir afar erfiður í umgengni.**

**Síðasta plata Guns N' Roses, Chinese Democracy, kom út fyrir fimm árum við misjafnar undirtektir. Þá höfðu liðið fimmtán ár frá útgáfu síðustu plötu sveitarinnar, „The Spaghetti Incident?".**



**ÓTRÚLEGT** Sir Paul McCartney finnst ótrúlegt að hafa verið í Bítlunum.

# Undrandi á Bítlunum

**Sir Paul McCartney er ennþá undrandi á því að hafa verið í einni vinsælustu hljómsveit heims, Bítlunum.**

**„Var ég virkilega í Bítlunum? Hver þremillinn," sagði McCartney í viðtali við Metro þegar hann skoðaði mynd af sér og George Harrison um borð í flugvél. „Þetta er undarleg tilhugsun en ég er ánægður með að ég sé ekki enn búinn að venjast þessu."**

**McCartney gaf í gær út nýja plötu sem nefnist Kisses on the Bottom. Á henni eru mörg af uppáhaldslögum hans úr æsku. Meðal gesta eru Eric Clapton og Stevie Wonder.**



**ÁNÆGÐ** Charlize Theron hafði mjög gaman af samstarfinu við Ridley Scott.

# Dreymdi um samstarfið

**Charlize Theron var mjög ánægð þegar hún fékk tækifæri til að vinna með leikstjóranum Ridley Scott við myndina Prometheus. Leikkonan hafði lengi viljað vinna með honum og loksins rættist það við gerð Prometheus, sem var að hluta til tekin upp á Íslandi síðasta sumar.**

**Theron skemmti sér vel við tökurnar á myndinni. „Það var frábært að vinna með Ridley. Það eru líkast til þrír meistarar í kvikmyndagerð af sömu kynslóð og Ridley og hann er einn af þeim," sagði hún. „Alla leikara dreymir um að vinna með einhverjum leikstjóra og hjá mér var það Ridley."**

# Hefur ekki drukkið í sjö ár

Tónlistarkonan Lana Del Rey hefur ekki drukkið áfengi í sjö ár en þetta viðurkennir söngkonan í viðtali við bandaríska Vogue.

Það má varla fletta blaði þessa dagana án þess að sjá tónlistarkonuna Lönu Del Rey og flestir eru sammála um að hún verði skærasta stjarna þessa árs. Hún er í viðtali við nýjasta tölublað Vogue og lætur allt flakka.

Plata hennar, Born to Die, hefur selst vel og segir söngkonan að innblástur plötunnar hafi verið erfið fortíð og ástarsorg. „Platan er samin um ákveðið tímabil í mínu lífi þegar ég drakk alltof mikið og var ástfangin. Ástarsorgin breytti mér og nú hef ég ekki tekið sopa af áfengi í sjö ár," segir Del Rey og viðurkennir að hún sé á rólegri stað í lífinu í dag. „Mér líður vel og kannski of vel. Ég veit ekki hvort ég gæti samið aðra plötu núna. Mér finnst ég hafa sagt allt sem ég þarf að segja og hef engu við þessa plötu að bæta núna."



**DRAKK OF MIKIÐ** Tónlistarkonan Lana Del Rey segir nýju plötuna vera um villta fortíð og ástarsorg. Nú hefur hún hins vegar ekki drukkið í sjö ár. NORDICPHOTOS/GETTY


Voltaren Dolo

- nú tvöfalt sterkara en áður!




Hvað er það?

• Verkjastillandi
• Bólgueyðandi
• Hitalækkandi

Hvernig virkar það?

• Dregur úr verkjum innan hálftíma
• Verkjastillandi áhrif í allt að 6 klst.
• Voltaren Dolo 25 mg er lítil tafla, sem auðvelt er að gleypa.

Við hverju?

• Vöðva- og liðverkjum
• Kvefi og inflúensueinkennum, eins og hita og höfuðverk
• Höfuðverk
• Tíðaverkjum
• Tannpínu

Voltaren
NJÓTUM ÞESS AÐ HREYFA OKKUR

*Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli.*

Voltaren Dolo® inniheldur 25mg kalíumdíklófenak. Notað við vægum verkjum eins og höfuðverk, tannverk, tíðaverk, gigt- og bakverk. Upphafsskammtur er 1 tafla, en síðan 1 tafla á 4-6 klukkustunda fresti, þó mest 3 töflur (75 mg) á sólarhring. Að hámarki 3 sólarhringar. Gæta skal varúðar hjá þeim sem eru með magasár. Einstaklingar sem eru með ofnæmi fyrir acetýlsalicýlsýru eða öðrum innihalds efnum eiga ekki að nota lyfið. Lyfið má ekki nota samhliða blóðþynnandi lyfjum, þvagræsilyfjum og lyfjum sem innihalda litíum, nema samkvæmt fyrirmælum læknis. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Ef þú ert með barn á brjósti máttu eingöngu nota Voltaren Dolo í samráði við lækni. Börn yngri en 14 ára mega ekki nota Voltaren Dolo. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healtcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

# sport

sport@frettabladid.is



**UNDANÚRSLITIN Í EIMSKIPSBIKAR KVENNA** hefjast í kvöld þegar ÍBV tekur á móti FH í Vestmannaeyjum. Leikurinn hefst klukkan 18.00. Á morgun fer seinni leikurinn fram en í honum mætast Valur og Stjarnan. Leikið verður í Vodafonehöllinni og hefst sá leikur klukkan 20.00.



**SIR ALEX** Vildi hvorki fleiri né færri en fjögur víti gegn Chelsea.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Ferguson um Chelsea-leikinn

## Áttum að fá fjögur víti

**FÓTBOLTI** Sir Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Manchester United, var ósáttur með frammistöðu annars aðstoðardómarans í 3-3 jafntefli liðsins gegn Chelsea.

Þrátt fyrir tvær vítaspyrnur í þágu síns liðs taldi Ferguson að vísa hefði átt Gary Cahill, varnarmanni Chelsea, af velli í fyrri hálfleik er hann virtist brjóta á Welbeck.

„Þessi sami aðstoðardómari dæmdi víti á okkur gegn Liverpool í fyrra þrátt fyrir að vera í um 40 metra fjarlægð,“ sagði Ferguson og var hneykslaður á ákvörðun aðstoðardómarans að lyfta ekki flaggi sínu.

„Ég kenni ekki Howard Webb [dómara leiksins] um. Hann þurfti aðstoð í þetta skiptið en fékk hana ekki,“ segir Ferguson sem sagði vítaspyrnurnar tvær sem hans menn fengu hafa verið réttmætar.

„En vítaspyrnurnar hefðu átt að vera fjórar,“ sagði Ferguson sem leit á niðurstöðuna sem tvö stig töpuð í stað þess eina sem þeir fengu út úr leiknum. - ktd

Úrslitum hagrætt í Malasíu:

## Átján leikmenn í leikbann

**FÓTBOLTI Enn eitt hneykslið skekur asíska knattspyrnu en átján knattspyrnumenn og einn þjálfari í Malasíu hafa verið settir í bann vegna hagræðingu úrslita í leikjum. Reuters-fréttastofan fjallar um málið.**

**„Ég mun fela lögregluyfirvöldum að rannsaka og komast til botns í málinu,“ segir íþróttamálaráðherra Malasíu sem segir málið skammarlegt fyrir malasíska knattspyrnu.**

**Leikmennirnir átján, sem allir eru ungir að árum skv. Reuters, fengu tveggja til fimm ára bann en þjálfarinn var settur í ævilangt bann frá knattspyrnu.**

**Ímynd knattspyrnuhreyfinganna í Asíu er í molum. Ekki er langt síðan upp komst um spillingu í Kína og Suður-Kóreu og þá standa knattspyrnuyfirvöld í Indónesíu í stappi við Alþjóðaknattspyrnusambandið, FIFA.** - ktd

# Vitum að við erum bestir

**Arnór Atlason, fyrirliði danska ofurliðsins AG, segir að það verði aldrei þreytandi að lyfta bikurum en AG vann dönsku bikarkeppnina þriðja árið í röð um helgina. Ólafur Stefánsson virðist hafa hrist af sér meiðslin og spilaði vel.**

**HANDBOLTI** Danska ofurliðið AG frá Kaupmannahöfn hélt sigurgöngu sinni áfram um helgina er það vann dönsku bikarkeppnina næsta auðveldlega. Frá því að auðkýfingurinn Jesper Nielsen stofnaði þetta ofurlið hefur það unnið alla bikara sem eru í boði í heimalandinu og aðeins tapað tveimur leikjum.

Íslenski landsliðsmaðurinn Arnór Atlason er fyrirliði liðsins og hann lyfti bikarnum þriðja árið í röð um helgina.

„Undanúrslitaleikurinn var eiginlega erfiðari en úrslitaleikurinn. Við vorum með úrslitaleikinn í höndunum allan tímann og leik lokið þegar um fimmtán mínútur voru eftir,“ sagði Arnór sigurreifur í samtali við Fréttablaðið en AG vann úrslitaleikinn með sex marka mun, 32-26.

Það er búið að kosta miklu til í uppbyggingu þessa liðs og heimsklassamenn í öllum stöðum. AG virðist hafa algjöra yfirburði í Danmörku og er farið að bíta frá sér í Meistaradeildinni.

„Við vitum að við erum bestir og eigum að vinna. Álaborg, sem við mættum í úrslitaleiknum, var eina liðið sem við höfðum tapað fyrir í vetur og þess utan á heimavelli. Við bjuggumst við mjög erfiðri keppni og þetta var áskorun fyrir okkur sem við stóðumst með stæl,“ sagði Arnór og allir voru klárir að þessu sinni.

„Við erum með lið sem tekur á því þegar þarf að taka á því. Það getur oft verið hættulegt og við erum eiginlega slakastir á móti litlu liðunum. Þá höfum við stundum verið tæpir. Það er hættulegt að ætla að taka hlutina með vinstri en það hefur sloppið hingað til.“

Þó svo að sigurganga AG hafi verið samfelld þá leiðist fyrirliðanum aldrei að lyfta bikurum.

„Við erum búnir að vinna alla bikara sem hafa verið í boði frá því að félagið var stofnað. Það er alltaf gaman að vinna og lyfta bikurum. Það er ekkert sjálfsagt að vinna þetta allt þótt við séum með frábært lið. Leikirnir gegn okkur eru leikir ársins hjá andstæðingum okkar og þeir selja sig dýrt.“

Arnór hefur verið að glíma við brjósklos en spilaði samt mikið á EM og einnig um helgina. Ólafur Stefánsson virðist síðan vera búinn að hrista af sér hnémeiðslin en hann spilaði mjög vel fyrir AG.

„Það var æðislegt að sjá Óla aftur í formi og hann var virkilega flottur um helgina,“ sagði Arnór en Íslendingarnir í herbúðum AG eru fjórir – Arnór, Ólafur, Guðjón Valur Sigurðsson og Snorri Steinn Guðjónsson.

Fram undan hjá AG eru spennandi leikir í Meistaradeildinni þar sem liðið er í harðri baráttu við þýska liðið Kiel og franska liðið Montpellier.

„Við setjum markið hátt í Meistaradeildinni og stefnan er að vinna riðilinn að sjálfsögðu,“ sagði Arnór en sigur gegn annaðhvort Kiel eða Montpellier í lokaumferðunum tryggir liðinu annað af efstu sætum riðilsins.

henry@frettabladid.is



**DAGLEGT BRAUÐ** Arnór er orðinn ansi vanur því að lyfta bikurum fyrir AG. Hann lyftir hér meistarabikarnum síðasta vor.
MYND/AG



**BANDIÐ FARIÐ Á NÝ** Terry gengur illa að halda fyrirliðastöðunni.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Fabio Capello:

## Rangt að taka bandið af Terry

**FÓTBOLTI** Fabio Capello, landsliðsþjálfari Englands, hefur lýst sig andvígan ákvörðun enska knattspyrnusambandsins að taka fyrirliðabandið af John Terry. Þetta kemur fram í viðtali Capello við ítalska ríkisfjölmiðilinn RAI.

„Ég hef rætt málið við stjórnarformann enska knattspyrnusambandsins og sagt mína skoðun, þ.e. að ekki sé rétt að refsa John Terry fyrr en dómstólar hafa tekið hans mál fyrir,“ sagði Capello.

Þetta er í annað skiptið á tveimur árum sem Terry er sviptur fyrirliðabandinu. Í fyrra skiptið var það hegðun Terry utan vallar sem varð til þess að hann þótti ekki hæfur til þess að leiða landa sína út á völlinn.

Enska knattspyrnusambandið hefur neitað að bregðast við ummælum Capello. Ítalinn er væntanlegur á fund með forráðamönnum sambandsins í höfuðstöðvum þess í dag.

Upphaflega átti að taka mál Terry fyrir í upphafi febrúar en því var frestað fram yfir EM. Það var mjög umdeild ákvörðun. - ktd

Eli Manning, leikstjórnandi NY Giants, kominn á stall með þeim bestu eftir dramatískan sigur í Super Bowl:

# Giants ætlaði ekki að skora sigursnertimarkið

**NFL** Eli Manning, leikstjórnanda NY Giants, tókst að leggja Tom Brady, leikstjórnanda New England Patriots, aftur að velli í úrslitaleik ameríska fótboltans, Super Bowl, aðfaranótt mánudags. Það gerði hann á heimavelli bróður síns, Peytons, í Indianapolis.

Fyrir fjórum árum lagði Giants lið Patriots mjög óvænt að velli en Patriots hafði ekki tapað leik á tímabilinu. Rétt eins og þá tryggði Giants sér sigur með sókn undir lokin sem var snilldarlega útfærð af Manning. Hann var valinn maður leiksins líkt og fyrir fjórum árum.

Sigursnertimark leiksins var afar sérstakt því Patriots leyfði Giants að skora. Giants var þá komið í auðvelt vallarmarksfæri sem hefði fært þeim forystu. Það mark vildu þeir skora þegar nánast enginn tími var eftir. Þá ákvað Patriots að leyfa þeim að skora snertimark svo liðið fengi einhvern tíma til þess að reyna að komast aftur yfir.

Ahmad Bradshaw, hlaupara Giants, var því hleypt í gegn. Hann áttaði sig of seint, reyndi að snúa við og stoppa rétt áður en hann skoraði. Það var of seint og hann féll á afturendann og inn í markið. Patriots fékk 57 sekúndur til þess að skora og komst ansi nálægt því.

„Ég öskraði á hann: Ekki skora, ekki skora. Hann reyndi að stoppa en það var of seint,“ sagði Manning um þessa ótrúlega uppákomu undir lok leiksins.

Eli hefur nú unnið tvo titla en bróðir hans á einn titil. Þjálfari Giants, Tom Coughlin, varð elsti þjálfarinn í sögunni til þess að vinna Super Bowl en hann er 65 ára gamall. - hbg



**ÚPPS** Bradshaw dettur hér nánast öfugur inn í endamarkið. Hann náði ekki að hægja nóg á sér til að stoppa og skoraði.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES





**KÁTUR** Geir formaður getur leyft sér að brosa. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

KSÍ er afar vel statt:

# Gríðarháar sjónvarpstekjur

**FÓTBOLTI** Ársþing Knattspyrnusambands Íslands fer fram um næstu helgi og þar verður ársreikningur KSÍ lagður fram til samþykktar. Samkvæmt fjárhagsáætlun KSÍ fyrir rekstrarárið 2012 er gert ráð fyrir 777 milljónum í rekstrartekjur og rekstrargjöldum upp á rétt tæplega 714 milljónir króna.

Sjónvarpstekjur KSÍ nema um 237 milljónum kr. á árinu 2012 en það er fyrirtækið Sportfive sem er með einkarétt á sölu sjónvarpsréttar og tiltekins markaðsréttar KSÍ til ársins 2015. KSÍ gerir ráð fyrir að fá um 450 milljónir kr. í styrki á árinu 2012; koma um 315 milljónir kr. frá UEFA og 55 milljónir kr. frá FIFA.

Handbært fé KSÍ um síðustu áramót var 338 milljónir króna og eignir alls 813 milljónir króna. Eigið fé KSÍ var um 228 milljónir króna í árslok 2011.

Rekstrarkostnaður landsliða KSÍ verður um 302 milljónir kr. á þessu ári samkvæmt áætlun. Rekstrarkostnaður A-landsliðs karla hækkar um 25 milljónir kr., úr 92 milljónum í 117 milljónir kr. Til samanburðar er gert ráð fyrir um 60 milljónum kr. í rekstrarkostnað A-landsliðs kvenna. - seth

Kæra í bikarkeppni kvenna:

# Undanúrslit í uppnámi

**KÖRFUBOLTI Ekki er ljóst hvenær undanúrslitaleikirnir í bikarkeppni kvenna í körfuknattleik fara fram. Beðið er eftir niðurstöðu kærumáls úr leik Njarðvíkur og Keflavíkur sem fram fór í átta liða úrslitum.**

**Aga- og úrskurðanefnd Körfuknattleikssambands Íslands mun taka málið fyrir um leið og greinargerð berst til nefndarinnar frá þeim sem eru ábyrgir fyrir framkvæmd leiksins.**

**Keflvíkingar hafa kært framkvæmd leiksins. Málsatvik eru óljós, en í grófum dráttum snýst deilan um vítaskot sem Njarðvíkingar fengu á lokasekúndum leiksins eftir að mistök á ritaraborði komu í ljós. Leikurinn fór í framlengingu þar sem Njarðvík hafði betur.**

**Friðrik Ingi Rúnarsson, framkvæmdastjóri KKÍ, segir óljóst hver niðurstaða málsins verði. Undanúrslitaleikirnir áttu að fara fram um helgina líkt og leikirnir í undanúrslitum í karlaflokki.**

**Úrslitaleikirnir í þessari keppni eru á dagskrá 18. febrúar og á þessari stundu er óljóst hvort úrslitaleikurinn í kvennaflokki fer fram þennan dag. - seth**


Úrval notaðra bíla

Nánar á askja.is

Nissan Patrol 4x4
árg. 2007, ekinn 78 þús. km.
2053cc, dísil, sjálfsk.
Verð 4.590.000 kr.



Kia cee'd SW LX
árg. 2012, ekinn 26 þús. km.
1600cc, dísil, sjálfsk.
7 ár eftir af ábyrgð
Verð 3.490.000 kr.



Skoda Octavia 4x4
árg. 2007, ekinn 148 þús. km.
2000cc, dísil, beinsk.
Verð 2.390.000 kr.



Mercedes-Benz A170
árg. 2005, ekinn 94 þús. km.
1699cc, dísil, sjálfsk.
Verð áður 1.790.000 kr.
Verð nú 1.690.000 kr.



Mercedes-Benz ML 320
árg. 2002, ekinn 169 þús. km.
3724cc, bensín, sjálfsk.
Verð 1.990.000 kr.



Nissan Note
árg. 2007, ekinn 26 þús. km.
1600cc, bensín, beinsk.
Verð 1.850.000 kr.



Hyundai i10
árg. 2011, ekinn 35 þús. km.
1086cc, bensín, beinsk.
Verð áður 1.690.000 kr.
Verð nú 1.590.000 kr.



Mitsubishi Pajero 4x4
árg. 2007, ekinn 147 þús. km.
2900cc, dísil, sjálfsk.
7 manna
Verð 4.990.000 kr.



Opið alla virka daga frá 10-18. Laugard. frá 12-16.

ASKJA

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz og KIA á Íslandi.



> **Stöð 2 kl. 20.55**

**Chuck**

***Fjörið heldur áfram hjá nördinu Chuck Bartowski á Stöð 2 í kvöld. Chuck og Sarah verða fyrir barðinu á svikahrappi sem nær af þeim peningum sem þau ætluðu að nota í brúðkaupið. Það hefði hann betur látið ógert.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KRISTJÁN HJÁLMARSSON MISSTI AF OFURSKÁLINNI

# *Miðaldra kona stelur senunni*

Spennan fyrir úrslitaleik New England Patriots og New York Giants um Ofurskálina sem fram fór aðfaranótt mánudags var mismikil hjá fólki. Nokkrir vinnufélaga minna tóku sig til og birgðu sig upp af amerísku sælgæti í Kosti; sykurleðjunni Kool-Aid, Lifesavers, Cheetos, amerískum Budweiser og djúpsteiktum kjúklingavængjum, til að vera sem best búnir fyrir leikinn.

Sá allra harðasti klæddist bol merktum Tim Tebow leikstjórnanda Denver Broncos jafnvel þótt Broncos væru löngu dottnir úr keppni.

Ég hef ekki náð að spyrja þessa bandarísku boli hvernig kvöldið hjá þeim var enda er mér slétt sama. Ég tel að góður nætursvefn skipti meira máli en úrslit í leik sem fáir skilja og þar sem leiktíminn er stöðvaður meira en góðu hófi gegnir til þess eins að koma auglýsingum að.



Ég sé ekki hið minnsta eftir því að hafa misst af leiknum. Ég sé hins vegar mikið eftir því að hafa misst af poppdrottningunni Madonnu sem fór gjörsamlega á kostum í atriði sínu ef marka má fjölmiðla. Og það segir kannski einmitt allt sem segja þarf um þessa óskiljanlegu Ofurskál - að miðaldra kona sem skemmtir í hálfleik hafi vakið miklu meiri lukku en leikurinn sjálfur.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Samsöngur úr norðri **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Fyrr og nú **14.00** Fréttir **14.03** Sker **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Laufdalaheimilið **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Í heyranda hljóði **21.20** Tríó **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.20** Fimm fjórðu **23.10** Matur er fyrir öllu **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**16.00 Íslenski boltinn** (e) Fjallað verður um leiki í N1-deildinni í handbolta.

**16.40 Leiðarljós** (Guiding Light)

**17.20 Tóti og Patti** (44:52)

**17.31 Þakbúarnir**

**17.43 Skúli skelfir** (6:52)

**17.55 Hið mikla Bé** (4:20)

**18.20 Táknmálsfréttir**

**18.30 Tracy Ullman lætur móðan mása** (State of the Union) Bresk gamanþáttaröð. Tracy Ullman gerir grín að Bandaríkjamönnum og forvitni þeirra um líf frægðarfólks.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Hvert stefnir Ísland?** (Forsetaembættið) Umræðuþáttur um embætti forseta Íslands. Umsjónarmaður er Þórhallur Gunnarsson.

**21.15 Djöflaeyjan**

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.20 Dulnefni: Hunter** (2:6) (Kodenavn Hunter) Norsk spennuþáttaröð um baráttu lögreglunnar við glæpagengi. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.20 Meistaradeild í hestaíþróttum**

**23.35 Aðþrengdar eiginkonur** (6:23) (Desperate Housewives VIII) (e) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**00.15 Kastljós** (e)

**00.50 Fréttir**

**01.00 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 The Darwin Awards**

**10.00 Dirty Rotten Scoundrels**

**12.00 Abrafax og sjóræningjarnir**

**14.00 The Darwin Awards**

**16.00 Dirty Rotten Scoundrels**

**18.00 Abrafax og sjóræningjarnir**

**20.00 Rachel Getting Married**

**22.00 Death Proof**

**00.00 Even Money**

**02.00 Stuey**

**04.00 Death Proof**

**06.00 Rain man**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (99:175)

**10.15 Wonder Years** (9:23)

**10.45 Total Wipeout** (5:12)

**11.45 Mike & Molly** (6:24)

**12.10 Two and a Half Men** (2:22)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 America's Got Talent** (29:32)

**14.15 America's Got Talent** (30:32)

**15.00 Sjáðu**

**15.30 iCarly** (8:25)

**15.55 Barnatími Stöðvar 2**

**17.05 Bold and the Beautiful**

**17.30 Nágrannar**

**17.55 The Simpsons** (20:22)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 Malcolm In The Middle** (20:22)

**19.40 Til Death** (3:18) Frábærir gamanþættir um óþolandi nágranna sem gekk endanlega af göflunum þegar ungt og nýgift par flutti í næsta hús.

**20.05 Modern Family** (10:24)

**20.30 Mike & Molly** (22:24)

**20.55 Chuck** (21:24)

**21.40 Burn Notice** (5:20) Frábærir þættir um njósnarann Michael Westen.

**22.25 Community** (18:25)

**22.50 The Daily Show: Global Edition**

**23.15 The Middle** (16:24)

**23.40 Kalli Berndsen - Í nýju ljósi** (5:10)

**00.05 Grey's Anatomy** (12:24)

**00.50 Satisfaction**

**01.40 Gossip Girl** (1:24)

**02.25 Dragonball: Evolution**

**03.50 Big Love** (1:9)

**04.45 Chuck** (21:24)

**05.30 Two and a Half Men** (2:22)

**05.55 The Simpsons** (20:22)

## SPORT *besta sætið*

**18.15 Meistaradeild Evrópu: Milan - Barcelona**

**20.00 Spænski boltinn: Barcelona - Real Sociedad**

**21.45 EAS þrekmótaröðin** EAS þrekmótaröðin er stigakeppni fjögurra móta þar sem reynir á þrek, styrk og þol keppenda. Sigurvegarar mótaraðarinnar hljóta titilinn „Hraustasti karl Íslands" og „Hraustasta kona Íslands"

**22.15 Þýski handboltinn: Flensburg - RN Löwen**

**23.50 Derby - Stoke** Útsending frá leik í 4. umferð ensku FA bikarkeppninnar.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Liverpool - Tottenham**

**14.25 Stoke - Sunderland**

**16.15 Arsenal - Blackburn**

**18.05 Premier League Review 2011/12** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina.

**19.00 Newcastle - Aston Villa**

**20.50 Chelsea - Man. Utd.**

**22.40 Football League Show** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.

**23.10 WBA - Swansea**

## EXTRA

**19.10 The Doctors** (43:175)

**19.50 Bones** (17:22)

**20.35 Better Of Ted** (6:13)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 The Block** (6:9)

**22.35 The Glades** (6:13)

**23.20 V** (2:10)

**00.05 Supernatural** (2:22)

**00.50 Twin Peaks** (7:22)

**01.35 Malcolm In The Middle** (20:22)

**02.00 Til Death** (3:18)

**02.25 Bones** (17:22)

**03.10 The Doctors** (43:175)

**03.50 Íslenski listinn**

**04.15 Sjáðu**

**04.40 Fréttir Stöðvar 2**

**05.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Rachael Ray** (e)

**09.30 Pepsi MAX tónlist**

**15.00 Minute To Win It** (e)

**15.45 90210** (4:22) (e)

**16.35 Rachael Ray**

**17.20 Dr. Phil**

**18.05 Live To Dance** (5:8) (e)

**18.55 America's Funniest Home Videos** (14:50) (e)

**19.20 Everybody Loves Raymond**

**19.45 Will & Grace** (1:27) (e)

**20.10 Outsourced** (22:22) Það renna tvær grímur á Rajiv þegar brúðkaupsdagurinn nálgast. Todd hvetur hann til að endurskoða ákvörðun sína.

**20.35 Málið** (5:8) Að þessu sinni beinir Sölvi Tryggvason spjótum sínum að áfengi og drykkjumynstri Íslendinga.

**21.05 The Good Wife** (2:22) Þegar við skildum síðast við lögfræðinginn Aliciu Florrick hafði hún komist að ófyrirgefanlegu leyndarmáli um eiginmann sinn. Þau hafa skilið að borði og sæng og Alicia þróar samband sitt við Will.

**21.55 Prime Suspect** (3:13) Jane og Calderon rannsaka vettvang þar sem kona hefur verið myrt og skilin eftir í ruslagámi.

**22.45 Jimmy Kimmel**

**23.30 CSI** (5:22) (e)

**00.20 The Good Wife** (2:22) (e)

**01.10 Flashpoint** (5:13) (e)

**02.00 Everybody Loves Raymond** (e)

**02.25 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Waste Management Open 2012 (1:4) **11.10** Golfing World **12.00** Golfing World **12.50** Waste Management Open 2012 (2:4) **15.50** Ryder Cup Official Film 1997 **18.00** Golfing World **18.50** PGA Tour - Highlights (5:45) **19.45** Qatar Masters (2:2) **22.00** Golfing World **22.50** The Open Championship Official Film 2009 **23.45** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Tveir gestir **21.00** Bæjarstjórnarfundur

## BBC entertainment

**06.30** Keeping Up Appearances **08.35** Dalziel and Pascoe **10.20** Come Dine With Me **11.10** EastEnders **11.45** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **12.30** Keeping Up Appearances **14.35** My Family **15.05** **15.35** QI **16.35** Top Gear **17.30** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **18.15** Come Dine With Me **19.05** QI **20.05** Lee Evans Big Tour **21.00** The Graham Norton Show **21.45** Nighty Night **22.45** Live at the Apollo **23.30** Keeping Up Appearances **01.40** Dalziel and Pascoe **03.25** Keeping Up Appearances

## DR 1

**11.10** Horisont **11.35** Lykke **12.35** Aftenshowet **13.30** Kæft, trit og flere knus **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Livet i Fagervik **15.05** Benjamin Bjørn **15.20** Timmy-tid **15.30** Lille Nørd **16.00** Lægerne **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Skattejægerne **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Hammerslag **19.30** Hjælp, vi skal føde **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Johan Falk. National Target **22.35** OBS **22.40** Uopklarede mord **23.10** Rockford

## NRK 1

**12.05** Førkveld **12.45** Verdensarven **13.00** NRK nyheter **13.05** Salt & Pepper **13.35** Norge rundt **14.00** NRK nyheter **14.10** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Lyngbø og Hærlands Big Bang **16.00** NRK nyheter **16.10** Solgt! **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Tegnspråknytt **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** NM hopp **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Sherlock **22.00** Kveldsnytt **22.15** Extratrekning **22.25** Ingen grenser

## svt1

**09.00** Fråga doktorn **09.45** Gäster med gester **10.30** Livet på Laerkevej **11.15** Min stad **11.30** Drömmen om laxen **12.30** Skavlan **13.30** Saltstänk och krutgubbar **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.30** Min stad **15.45** Jonathan Ross show **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport **19.00** Mot alla odds **20.00** Veckans brott **21.00** Dox **22.20** Mannen utan minne **23.55** Rapport

## iNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar tungur

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |





# EIMSKIPSBIKAR KVENNA

**Þriðjudagurinn 7. febrúar**

18.00 ÍBV – FH Vestmannaeyjum

**Miðvikudagurinn 8. febrúar**

20.00 Valur – Stjarnan Vodafonehöllinni

EIMSKIP
YFIR HAFIÐ OG HEIM

# TIËSTO

## 10. MARS 2012
## Í VODAFONEHÖLLINNI

**SAMSTARF FM957, SKY AGENCY, HEAT MUSIC OG BURN**



**UPPHITUNAR DJ'S : JAMIE - TDK - DANNI DELUXE**

MIÐASALA HAFIN Á WWW.MIDI.IS
ALLAR UPPLÝSINGAR Á WWW.FM957.IS

CLUB LIFE

FM957 SKYAGENCY HEATMUSIC burn KVEIKIR Í ÞÉR

WWW.TIESTO.COM WWW.HEATMUSIC.NO

**LÖGIN VIÐ VINNUNA**



*„Ég hlusta mjög oft á Elton John, minnir að hann eigi bara góð lög. Svo hef ég líka gaman af klassískri tónlist héðan og þaðan.“*

Gunnar Nelson bardagaíþróttamaður.

# Ný plata Sigur Rósar kemur út í vor

Hljómsveitin Sigur Rós hefur lokið upptökum á sinni sjöttu hljóðversplötu. Þetta staðfesti hljómborðsleikarinn Kjartan Sveinsson þegar Fréttablaðið hafði samband við hann og bætti hann við að hún ætti að koma út í vor.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er búið að hljómjafna plötuna og er hún væntanleg í verslanir í apríl eða maí. Tónleikaferð er síðan fyrirhuguð í ágúst.

Aðdáendur Sigur Rósar um allan heim hljóta að gleðjast yfir þessum tíðindum því fimm ár eru liðin síðan síðasta hljóðversplata, Með suð í eyrum við spilum endalaust, kom út við mjög góðar undirtektir. Í millitíðinni gaf söngvarinn Jónsi út sólóplötuna Go.

Hljómsveitin gaf á síðasta ári út tónleikaplötuna Inni sem var tekin upp í Alexandra Palace í London árið 2008. Eitt nýtt lag var á þeirri plötu, Lúppulagið.

Fréttablaðið greindi frá því á síðasta ári að tónskáldið Daníel Bjarnason kæmi við sögu á nýju plötunni og verður forvitnilegt að fylgjast með samstarfi hans og Sigur Rósar. - fb



**NÝ PLATA** Hljómsveitin Sigur Rós hefur lokið upptökum á nýjustu plötu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

LEIGUHÚS.IS
LEIGUMIÐLUN OG RÁÐGJÖF
Sími 517 3500
Gunnar Jón Yngvason, Löggiltur leigumiðlari, Barónstíg 5, 101 Reykjavík,
Iðnaðarh, 145m2 Lónsbraut 2, Hfj



Góð hurð 5,4x3,5, gott aðgengi og snyrtilegt umhverfi við höfnina í Hafnarfirði.
**Leiguverð kr 135.000,- + VSK.**
**Laust strax**
HÚSNÆÐI FYRIR ÞÍNA HUGMYND



**HEIÐURSMENN** Karlakór Sjómannaskólans vann undankeppni skólans í söngkeppni framhaldsskólanna á dögunum. Kórnum er stýrt af Þórhalli Bárðarsyni og lagið var tileinkað minningu Einars G. Gunnarssonar, sem fórst með togaranum Hallgrími SI-77 í sjóslysi við Noregsstrendur 25. janúar síðastliðinn.

AGNAR ÓLASON: SUNGUM LAGIÐ NÍU SINNUM FYRIR KEPPNINA

# Sigruðu með flutningi til heiðurs látnum kennara

„Þetta var allt svolítið á hundavaði en við sungum lagið alls níu sinnum fyrir keppnina,“ segir Agnar Ólason, formaður og annar stofnandi Karlakórs Sjómannaskólans.

Karlakór Sjómannaskólans gerði sér lítið fyrir og sigraði í undankeppni skólans fyrir Söngkeppni framhaldsskólanna nú á dögunum. Kórinn flutti lagið Undir bláhimni en flutningurinn var tileinkaður minningu Einars G. Gunnarssonar, sem fórst með togaranum Hallgrími SI-77 í sjóslysi við Noregsstrendur 25. janúar síðastliðinn. Einar hafði verið kennari við skólann í um 35 ár og mörgum kórmeðlimum mjög kær.

Hugmyndin að kórnum kviknaði í haust en það var þó ekki fyrr en nú um áramótin sem Agnar og samnemi hans, Bergsteinn Ingólfsson, hrintu henni í framkvæmd. Stofnfundur kórsins var haldinn 19. janúar síðastliðinn, eða 13 dögum fyrir keppnina. „Við stefndum á að taka þátt í keppninni frá upphafi, en vorum ekki vissir um að ná því með svo stuttum fyrirvara. Ég ákvað svo að skrá okkur til leiks og það var ekki aftur snúið þaðan,“ segir Agnar.

Kórinn samanstendur af 36 manns auk tveggja heiðursmeðlima, bræðranna Andra Snæs og Braga Fannars Þorsteinssona sem spila á harmonikku. Núverandi og fyrrverandi nemendur Vélskólans og Stýrimannaskólans eru gjaldgengir meðlimir í kórnum, þó aðeins núverandi nemendur megi taka þátt í Söngkeppni framhaldsskólanna á Akureyri nú í mars.

Agnar segir menn hafa tekið vel í framtakið frá upphafi, enda erfitt að hrinda einhverju svona í framkvæmd án þess að velvilji og góður andi sé til staðar. Hann segir menn afar spennta fyrir keppninni á Akureyri „Það er mikil skipulagning í gangi um hvar skuli stoppa á leiðinni til að taka lagið. Eins og er þykir Varmahlíð líklegust, enda nokkrir Skagfirðingar í kórnum,“ segir hann.

Áhugasömum er bent á Aðdáendasíðu Karlakórs Sjómannaskólans á Facebook.

tinnaros@frettabladid.is





FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS

Bed Breakfast
Keflavik Airport · Iceland
Frábært verð!
- FRÍTT- við geymum bílinn þinn.
- FRÍTT- ferðir til og frá flugvellinum.
- FRÍTT- uppfærsla í DeLuxe herbergi í febrúar-apríl.





www.bbkeflavik.com
Bed And Breakfast (Gistihús Keflavíkur) · Keflavíkurflugvelli
Valhallarbraut 761 · 235 Reykjanesbæ · Sími 426 5000

# Sviðið stækkað fyrir Eurovision

Á annað hundrað manns koma nálægt úrslitum Eurovision á einn eða annan hátt í Eldborgarsal Hörpunnar næsta laugardag.

Um fjörutíu tæknimenn frá Sjónvarpinu verða í salnum, keppendurnir og fólkið í kringum þá verða um áttatíu talsins, auk þess sem starfsfólk Hörpunnar og fleiri starfsmenn Sjónvarpsins, þar á meðal kynnar, verða í salnum.

Samkvæmt Elísabetu Lindu Þórðardóttur, sem kemur að framkvæmd keppninnar, verða áhorfendurnir um eitt þúsund talsins, sem er það mesta sem verið hefur í úrslitum Eurovision hérlendis. Miðar á keppnina seldust upp á fimm mínútum í þarsíðustu viku. „Það fóru hátt í eitt þúsund miðar í sölu og þeir hurfu einn, tveir og þrír,“ segir Elísabet Linda.

Einhverjir miðakaupendur kvörtuðu yfir því hversu mörg sæti virtust vera frátekin en að sögn Elísabetar Lindu voru þau ekki svo mörg. Helst hafi verið tekið frá fyrir keppendurna. Eldborgarsalurinn tekur um 1.450 manns í sæti en hann nýtist ekki allur á laugardaginn. Sviðið verður stækkað og því var ekki hægt að selja miða í fremstu sætaraðirnar, auk þess sem annars staðar í salnum þurfti að taka frá pláss fyrir myndavélar Sjónvarpsins, sem verða alls fjórtán talsins.



**ELDBORG** Á annað hundrað manns koma nálægt úrslitum Eurovision í Eldborgarsalnum á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sjö lög keppa til úrslita í Eurovision og fer sigurvegarinn til Aserbaídsjan í maí. Auk keppenda munu Páll Óskar og Hera Björk taka lagið í Eldborg. - fb




ÍSLENSKA SIA.IS NAT 57225 01/12

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Guðjón í stað Baltasars



Velgengni **Baltasars Kormáks** vestanhafs hefur varla farið framhjá neinum og ljóst að leikstjórinn getur nú valið úr verkefnum í Hollywood. Sökum þess hefur Baltasar fengið sig lausan frá Þjóðleikhúsinu en hann átti að leikstýra verkinu Afmælisveislan eftir Harold Pinter. Baltasar fékk Guðjón Pedersen í sinn stað og verður verkið, sem skartar Ingvari E. Sigurðssyni í aðalhlutverki, frumsýnt í lok apríl.

### Dulítið spennandi

Þingkonan **Lilja Mósesdóttir** kynnir síðdegis í dag nýja stjórnmálahreyfingu á fundi fyrir blaða- og fréttamenn. Hún sendi í gær út fréttatilkynningu um málið og klukkan tvö vísaði hún á Facebook síðu sinni í frétt Mbl.is um málið. Tíu mínútum síðar höfðu fjórtán af 4.987 vinum Lilju á samfélagsvefnum hakað við að þeim líkaði fréttin (gert „like") og tvær vinkonur tjáð sig. Önnur sagðist bíða spennt, og hin kvaðst „dulítið spennt". Tveimur tímum síðar höfðu 50 gert „like". Sú tíðni framreiknuð til miðnættis myndi jafngilda því að 250 manns gerðu „like" við tíðindin, eða fimm prósent vinahópsins. Líkast til væri þó óvarlegt að draga af því nokkrar ályktanir um mögulegt fylgi við framboðið.



**- áp, óká**

## Mest lesið vísir

1. Madonna gerði allt vitlaust á Super Bowl
2. Hugsanlegt að björgunarsveitir taki gjald...
3. Fyrrverandi hjákona Kennedys leysir frá skjóðunni
4. Dýrt að valda tjóni við björgun
5. Erlend kona í hrakningum í Hvalfirði




